


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
2. desember 2011
282. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Heppnin með Bó**
*Nýr safnpakki Björgvins Halldórssonar slapp undan bruna í verksmiðju.*
**fólk** 46

**Fjölskylduhátíð**
*Haldið upp á Alþjóðadag fatlaðra.*
**tímamót** 34



**Með skýr markmið**
*Stelpurnar okkar hefja leik á HM í Brasilíu á morgun.*
**sport** 54

**veðrið í dag**




**HVASST SYÐRA** Stíf austan og síðan norðaustanátt og snjókoma um sunnanvert landið. Annars hægari og stöku él. Frost 1-12 stig, en frostlaust allra syðst.
VEÐUR 4



**FÁIR Á FERLI Í MIÐBORGINNI** Þessi kona lét snjóinn ekki stöðva sig í því að fara í göngutúr í miðborginni í gærmorgun og var á ferð upp Bankastrætið þegar ljósmyndari Fréttablaðsins mætti henni.
Sjá síðu 18
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Saksóknari boðar Bjarna í yfirheyrslu

**Bjarni Ármannsson mun mæta til yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara síðar í mánuðinum. Lán til Rákungs Wernersbræðra og Salt Financials, í eigu Róberts Wessman, upp á 23 milljarða rannsökuð.**

**LÖGREGLUMÁL** Embætti sérstaks saksóknara hefur boðað Bjarna Ármannsson, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, í yfirheyrslu vegna rannsóknar á stórfelldum brotum í rekstri Glitnis, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Bjarni er staddur erlendis á ferðalagi og er ekki væntanlegur til landsins fyrr en í seinni hluta desembermánaðar. Hann mun mæta til skýrslutöku þegar því ferðalagi er lokið. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hvar Bjarni er staddur né hvaða réttarstöðu hann mun hafa við skýrslutökuna.

Sérstakur saksóknari handtók fjóra menn á miðvikudag í tengslum við rannsókn á meintri allsherjarmarkaðsmisnotkun Glitnis á árunum 2004 til 2008.

Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta bankans, og Ingi Rafnar Júlíusson, fyrrverandi verðbréfamiðlari hjá Glitni, sem nú starfar hjá MP banka, voru úrskurðaðir í einnar viku gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar.

Þremenningarnir kærðu allir úrskurðina til Hæstaréttar og hafa verjendur og saksóknari fram á miðjan dag á morgun til að skila greinargerðum til réttarins.

Saksóknari fór fram á varðhald yfir fjórða manninum, Elmari Svavarssyni, en dómari hafnaði þeirri kröfu. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir það ekki hafa sett mikið strik í reikninginn. „Það er alltaf gert ráð fyrir því að það geti komið tvær niðurstöður út úr þessu og menn eru búnir undir það á hvorn veginn sem fer,“ segir hann.

Viðskiptin sem eru undir í rannsókninni nema yfir hundrað milljörðum króna. Á meðal þess sem verið er að rannsaka eru lánveitingar til ýmissa félaga sem nýttar voru til að kaupa bréf í Glitni. Umræddar lánveitingar námu 37 milljörðum króna og lánin voru veitt í lok árs 2007 og á árinu 2008.



BJARNI ÁRMANNSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er 8,1 milljarðs króna lán til Rákungs og 15,2 milljarða króna lán til Salt Financials á meðal þeirra lána sem verið er að rannsaka. Bæði lánin voru veitt á árinu 2008. Salt Financials var í eigu Salt Investment, eignarhaldsfélags sem er í 94% eigu Róberts Wessman. Rákungur var í eigu Milestone, fjárfestingarfélags Karls og Steingríms Wernerssona.

Meðal annarra viðskipta sem saksóknari rannsakar eru fimmtán milljarða víkjandi lán sem Baugi var veitt í desember 2007 til að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group.

Yfirheyrslur héldu áfram í allan gærdag, bæði yfir þeim sem voru yfirheyrðir á miðvikudag og öðrum. Ólafur útilokar ekki að frekari þvingunaraðgerðum á borð við gæsluvarðhald verði beitt á næstu dögum.

- þsj, sh / sjá síðu 8






Raforkuverð lækkaði að raunverði á tímabilinu 2005 til 2010:

# Uppskipting orkufyrirtækja dýr

**ORKUMÁL** Ef skilja á algerlega á milli raforkuvinnslu og sölu annars vegar og dreifiveitu hins vegar getur það haft verulegan kostnað í för með sér. Þetta kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fyrirtækjaaðskilnað á raforkumarkaði.

Skiptingin var sett í lög hér á landi árið 2003 og þegar hafa þrjú fyrirtæki orðið við henni að mestu: Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka og RARIK. Hluti af rekstrinum er hins vegar áfram sameiginlegur, svo sem fjármál, tölvukerfi og innheimta. Forsvarsmenn orkufyrirtækjanna sögðu í samtali við skýrsluhöfunda að algjör aðskilnaður gæti haft í för með að kostnaður ykist árlega um nokkur hundruð milljónir króna.

Skýrsluhöfundar könnuðu þróun raforkuverðs á árinu 2005 til 2012. Í ljós kemur að verðið hækkaði um 20 prósent á tímabilinu, en verðlag hækkaði almennt um 50 prósent. Því lækkaði raforka að raunverði á tímabilinu.

Lítil samkeppni ríkir í raforkusölu til heimila, en meiri til fyrirtækja.

- kóp / sjá síðu 6







## SPURNING DAGSINS



*Eysteinn, ertu þá ekki til í að láta lungu eða lifur fyrir eitt bindi?*

„Nei, hálstau er ekki mitt hjartans mál.“

Eysteinn Sigurðarson er spyrill á Monitor TV. Hann segist vera smekkmaður á föt en verslar ekki í búðum þar sem föt eru svo dýr að hann þyrfti að selja úr sér líffæri fyrir flíkurnar.

Milljarðahagsmunir í húfi hjá Lýsingu sem tapaði máli í héraðsdómi en hefur áfrýjað til Hæstaréttar:

# Leigusamningar Lýsingar dæmdir ólöglegir

**DÓMSTÓLAR** Fjármögnunarleigusamningar sem Lýsing gerði við viðskiptavini sína voru í raun gengistryggð lán og því ólöglegir. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá í gær.

Lýsing var dæmd til að greiða fyrirtækinu Smákrana eina milljón króna vegna ólögmæts fjármögnunarleigusamnings. Fyrirtækið hafði leitað til Lýsingar eftir fjármögnun við kaup smákrana.

Hæstiréttur hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að slíkir samningar sem Íslandsbanki gerði við Kraftvélaleiguna hafi verið ólöglegir. Önnur fjármögnunarfyrirtæki töldu þá niðurstöðu fordæmisgefandi fyrir alla þá fjármögnunarleigusamninga sem fyrirtækin gerðu við viðskiptavini sína en Lýsing var ósammála því og vildi bíða dóms í Smákranamálinu. Á Vísi kemur fram að milljarðahagsmunir séu í húfi fyrir Lýsingu því fyrirtækið hafi gert 6.500 samninga af þessu tagi.

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði, í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins að eigendur Lýsingar gætu þurft að leggja nokkra milljarða króna í nýtt hlutafé, staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms. Tryggja verði að eiginfjárstaða verði í samræmi við lögbundið lágmark.

Einar Hugi Bjarnason, lögmaður Smákrana, sagði við blaðamann Vísis að Lýsing ætti að stöðva útgáfu greiðsluseðla til viðskiptavina sinna þar til endarleg niðurstaða fengist í málið. Viðskiptavinir ættu að íhuga vandlega hvort rétt sé að halda áfram greiðslum, geri fyrirtækið það ekki. **- kóp**



**REIFUR** Erlingur Snær Erlingsson, annar eigenda Smákrana, en fyrirtækið hafði sigur í máli gegn Lýsingu. Lýsing þarf að greiða Smákrana eina milljón króna, samkvæmt dómi héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Biskup sendir út fjöldapóst:

## Fólk skuli ræða við þingmenn

**ÞJÓÐKIRKJAN Karl Sigurbjörnsson biskup hvetur þjóðkirkjufólk til að minna á þingmenn á mikilvæg hagsmunamál þjóðkirkjusafnaða.**

**Þetta kemur fram í tölvupósti sem hann sendi á póstlista kirkjunnar í gær.**

**Karl segist hafa frétt að fjárlaganefndarmenn hafi fengið bréf frá þjóðkirkjufólki af landinu öllu um niðurskurð sóknargjalda og að það hafi haft áhrif. Það sé aldrei brýnna en einmitt nú að minna þingmenn á þetta mikilvæga hagsmunamál þjóðkirkjusafnaða.**

**„Eftir miðja næstu viku verður það of seint!“ skrifar biskup.** **- sv**

Alþingi skipar tvær nefndir:

## Endurskoða lög um eftirlit með hinu opinbera

**ALÞINGI** Forsætisnefnd Alþingis hefur skipað nefndir til að endurskoða lög um embætti Ríkisendurskoðunar og umboðsmann Alþingis.

Nefndina um Ríkisendurskoðun skipa Þuríður Backman alþingismaður, sem er formaður, Sveinn Arason ríkisendurskoðandi og Stefán Svavarsson, lektor og endurskoðandi.

Nefndina um umboðsmann skipa Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður, sem er formaður, Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Starfshópur á vegum Alþingis fjallaði á árunum 2007 til 2009 um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og lagði til að lögum yrði breytt til að styrkja það. **- sh**

# Fokheldar Skuggablokkir eftirsóttar

**Verktakar og fjárfestar hafa sýnt mikil viðbrögð við söluauglýsingu 101 Skuggahverfis og Landeyjar. Verðmat eignanna er á þriðja milljarð, að sögn framkvæmdastjóra Landeyjar. 101 Skuggahverfi skuldar Arion banka 6,1 milljarð.**

**VIÐSKIPTI** Mikill áhugi er fyrir kaupum á fasteignum í Skuggahverfinu eftir söluauglýsingu 101 Skuggahverfis og Landeyjar, fasteignafélags Arion banka, sem birt var í vikunni. Um er að ræða tvær íbúðablokkir, Lindargötu 37 og Vatnsstíg 16 til 18. Engin tilboð hafa enn borist í eignirnar, en heimilt er að gera tilboð í aðra þeirra eða báðar saman.

Þorsteinn Ingi Garðarsson, framkvæmdastjóri 101 Skuggahverfis, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið og benti á Inga Guðmundsson, framkvæmdastjóra Landeyjar.

Ingi segir flest viðbrögðin hafa komið frá fjárfestum og verktökum, eða öðrum aðilum „með tengingu í geirann“. Byggingarnar seljast í núverandi ástandi að innan, það er rúmlega fokheldar, og fullbúnar að utan, og eru metnar á þriðja milljarð króna. Hann býst við að tilboð fari að berast öðru hvoru megin við helgina.

„Það er greinilegur áhugi fyrir þessu,“ segir Ingi. „Það er ljóst að þessar eignir eru upp á þriðja milljarð, en það er erfitt að fullyrða um hugmyndir að tilboðum.“

Byggingarnar tvær eru hluti af Áfanga 2 hjá 101 Skuggahverfi. Virði hans var bókfært á 1,9 milljarða um síðustu áramót, samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2010. Félagið skuldaði þá 6,3 milljarða króna í heild og þar af voru skuldir við Arion banka upp á 6,1 milljarð.

Byggingarnar voru auglýstar til sölu fyrir um ári. Þá bárust tvö eða þrjú tilboð sem ekki náðist að ganga frá, og því var fallið frá söluferlinu. Frestur til að skila inn tilboðum í þetta sinn er ótakmarkaður.

„Við vildum ekki binda okkur við frest. Þetta er stórt verkefni og um er að ræða miklar fjárhæðir svo það er skiljanlegt að menn vilji taka sinn tíma,“ segir Ingi. „Við erum að vona að bæði markaðurinn og fjárfestar séu bjartsýnni heldur en þeir voru fyrir rúmu ári.“

Til stendur að selja íbúðir á Vatnsstíg 14 í smásölu. Verktakafélagið Arcus ehf. keypti Lindargötu 35 fyrir um tveimur mánuðum á 170 milljónir króna. Níu íbúðir eru í húsinu og var það selt í sama ástandi og fyrrgreindar blokkir.

Þorvaldur H. Gissurarson, eigandi Arcus, áætlar að framkvæmdir við húsið klárist í maí á næsta ári og til stendur að selja íbúðirnar í smásölu.

**sunna@frettabladid.is**



**TIL SÖLU** Mikill áhugi virðist vera á kaupum á Lindargötu og Vitastíg í Skuggahverfi samkvæmt upplýsingum frá fasteignafélagi Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta er stórt verkefni og um er að ræða miklar fjárhæðir svo það er skiljanlegt að menn vilji taka sinn tíma.
>
> **INGI GUÐMUNDSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDEYJAR



**VILL AÐ 16 ÁRA KJÓSI** Innanríkisráðherra Danmerkur vill að 16 ára unglingar fái að kjósa í sveitarstjórnarkosingum. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja auka veg lýðræðisins:

## 16 ára fá ef til vill að kjósa

**DANMÖRK** Sextán ára unglingar gætu fengið kosningarétt í sumum bæjum í Danmörku ef hugmyndir stjórnvalda ná fram að ganga.

Margrethe Vestager innanríkisráðherra sagði við Politiken að áætlað væri að finna nokkur áhugasöm tilraunasveitarfélög sem myndu lækka kosningaaldur niður í 16 ár. Takmarkið er, að hennar sögn, bæði að efla þátttöku ungs fólks og auka hlutfall ungs fólk í kjörnum embættum.

Þessar hugmyndir eru að norskri fyrirmynd, en 16 og 17 ára unglingar fengu að kjósa í tuttugu sveitarfélögum og gaf það góða raun. Sveitarstjórnarkosningar verða í Danmörku árið 2013. **- þj**

Ríkissaksóknari snýr ákvörðun:

## Vísar máli aftur til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi ákvörðun sérstaks saksóknara um að hætta rannsókn á fimm lífeyrissjóðum sem voru í umsjá Landsbankans. Sérstökum saksóknara hefur verið gert að taka málið til áframhaldandi rannsóknar.**

**Fjármálaeftirlitið kærði lífeyrissjóðina til saksóknara fyrir brot á fjárfestingaheimildum. Saksóknari ákvað að hætta rannsókninni en þá ákvörðun kærði Fjármálaeftirlitið til Ríkissaksóknara, sem féllst á kæruna.** **- sh**




Lögregla yfirbugaði mann eftir að hann ógnaði fólki með hnífi:

# Reiddist eftir flöskutalningu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handtók síðdegis í gær karlmann á fimmtugsaldri sem ógnað hafði lögreglumönnum og öðru fólki með hnífi.

Málið hófst í endurvinnslustöð Sorpu á Dalvegi. Þangað kom maðurinn með poka af flöskum til endurvinnslu og sagði starfsmönnum hversu margar flöskur væru í pokanum. Starfsmennirnir vildu ganga úr skugga um að maðurinn segði satt og rétt frá, töldu upp úr pokanum og kom þá í ljós að maðurinn hafði ofmetið magnið og átti heimtingu á lægri greiðslu en hann bjóst við.

Þessu reiddist maðurinn mjög, dró upp hníf og ógnaði starfsmönnunum, sem flúðu út um hinn enda flöskugámsins. Því næst stökk maðurinn upp í bíl sem eldri maður ók á brott. Kona sem stödd var í Sorpu sá hvað gerst hafði og ákvað að elta bílinn. Hún ræddi í símann við lögreglu á meðan. Eftirförin leiddi hana að tölvuversluninni Start í Bæjarlind. Þar fór maðurinn út úr bílnum og inn í verslunina.

Þrír lögreglubílar komu fljótlega á vettvang. Maðurinn steig út úr versluninni með hnífinn á lofti og ógnaði lögreglumönnunum, sem yfirbuguðu hann og færðu í fangageymslur.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir málið litið alvarlegum augum. **- sh**



**LITIÐ ALVARLEGUM AUGUM** Maðurinn var í annarlegu ástandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nikon

At the heart of the image




# I AM YOUR BEST WINTER DEAL

## S9100

12.1 megapixla CMOS myndflaga, NIKKOR gleiðhornslinsa, 18x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 3" LCD skjár og háskerpu hreyfimyndataka. Fæst í 3 litum.

***Verð 54.995.-***

TILBOÐ Vönduð leðurtaska fylgir með (verðmæti 5.995.-)

## S3100

14 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsa, 5x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Fæst í 7 líflegum litum.

***Verð 22.995.-***

TILBOÐ Taska og 2GB minniskort fylgir með (verðmæti 7.995.-)

Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

## GENGIÐ 01.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,10 | 118,66 |
| Sterlingspund | 185,92 | 186,82 |
| Evra | 159,26 | 160,16 |
| Dönsk króna | 21,423 | 21,549 |
| Norsk króna | 20,491 | 20,611 |
| Sænsk króna | 17,468 | 17,570 |
| Japanskt jen | 1,5199 | 1,5287 |
| SDR | 184,27 | 185,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9261

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vímaður ökufantur sem lögregla stöðvaði með naglamottu yfirheyrður í gær:

# Fleiri ökumenn teknir dópaðir en drukknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi tekur orðið fleiri ökumenn sem aka undir áhrifum fíkniefna heldur en áfengis, að sögn Theódórs Þórðarsonar yfirlögregluþjóns í umdæminu.

Hann segir að nokkuð sé um liðið síðan þessi breyting varð og að til skamms tíma hefði ölvunarakstur verið algengari.

Ökuníðingurinn, sem grunaður er um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna og áfengis, og reyndi að komast undan Borgarneslögreglunni í fyrrakvöld sætti yfirheyrslum í gær. Gert var ráð fyrir að hann yrði látinn laus að þeim loknum.

Maðurinn, sem er nær þrítugu og búsettur á höfuðborgarsvæðinu, var að koma að norðan áleiðis til Reykjavíkur þegar lögreglan veitti einkennilegu aksturslagi hans í gegnum Borgarnes athygli. Ákveðið var að stöðva bílinn en ökumaðurinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu heldur gaf í og lagði á flótta. Lögregla veitti honum eftirför og ók hann á allt upp í 150 kílómetra hraða. Kallað var eftir aðstoð frá lögreglu á Akranesi og á höfuðborgarsvæðinu meðan á eftirförinni stóð. Til móts við bæinn Gröf, nokkru áður en komið er að Hvalfjarðargöngunum ók ökufanturinn utan í hlið lögreglubíls. Að því búnu hélt hann akstri sínum áfram á fullri ferð.

Rétt áður en ekið er að hringtorginu við norðurmunna Hvalfjarðarganga lagði lögregla út naglamottu sem ökuþórinn ók yfir. Við það sprungu dekk undir bíl hans. Hann linnti þó ekki ferðinni heldur komst dálítinn spöl ofan í göngin. Þar missti hann stjórn á bílnum og endaði ökuferðina utan í kantsteini, þar sem lögreglan handtók hann og færði á lögreglustöð, þar sem hann var látinn sofa úr sér. - jss



**HVALFJARÐARGÖNGIN** Maðurinn gafst upp á akstrinum þegar hann var rétt kominn niður í göngin, enda réði hann ekkert við bílinn.



**MÓTMÆLI** Námsmenn hrópa slagorð gegn aðhaldsaðgerðum stjórnvalda við gríska þingið. NORDICPHOTOS/AFP

Allsherjarverkfall í Grikklandi:

## Aðhaldsaðgerðum mótmælt

**GRIKKLAND, AP Þúsundir mótmælenda fóru í kröfugöngu gegn áformum stjórnvalda um niðurskurð og aðhaldsaðgerðir í Grikklandi í gær.**

**Boðað hafði verið til sólarhrings allsherjarverkfalls í landinu, þess fyrsta frá því ný ríkisstjórn tók við völdum fyrir þremur vikum. Um 20 þúsund mótmælendur gengu friðsamlega um götur Aþenu og hrópuðu slagorð.**

**„Fólk berst í bökkum, einhvers staðar milli þess að vera fátækt og örvæntingarfullt," segir Ilias Iliopolus, talsmaður verkalýðsfélags opinberra starfsmanna.** - bj

### HALDIÐ TIL HAGA

Lögmaður Gunnlaugs M. Sigmundssonar vill koma því á framfæri að óviðurkvæmilegu SMS-skilaboðin sem hann sendi bloggaranum Teiti Atlasyni hafi ekki verið tólf, eins og Teitur fullyrðir, heldur aðeins fjögur. Þau hafi hins vegar verið svo löng að þeim hafi sjálfkrafa verið skipt upp í fleiri skilaboð.

# Staða ríkissjóðs útilokar nýtt minjasafn

**Staða ríkissjóðs leyfir ekki fjárveitingar til byggingar húss fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Ráðherra vill þó halda metnaðarfullum hugmyndum til streitu. Hún vill hafa safnið í Reykjavík og telur Vatnsmýrina bestu staðsetninguna.**

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra segir að staða ríkissjóðs sé með þeim hætti að ekki sé líklegt að fjárveitingar fáist á næstu árum til að byggja nýtt hús fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Nefnd á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar um húsnæðismál safnsins, sem kom saman árið 2009, komst að þeirri niðurstöðu að ótímabært væri að vinna að málinu vegna fjárskorts.

„Nefndin ákvað að setja málið í salt, þar sem engar forsendur voru taldar fyrir nýbyggingu. Þá var gengið í það að finna betra bráðabirgðahúsnæði, sem er Loftskeytastöðin gamla. Gerður var samningur til fimm ára og ákveðið að skoða málið að nýju áður en sá samningur rennur út árið 2015."



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafnsins, lýsti í viðtali við Fréttablaðið fyrir viku vonbrigðum sínum yfir stöðu safnsins, sem er eitt þriggja höfuðsafna landsins.

Spurð um þá staðreynd að Náttúruminjasafnið getur ekki uppfyllt lögbundnar skyldur sínar segir Katrín: „Lögin voru sett 2007 og vonir voru um að þetta höfuðsafn fengi húsnæði sem því hæfir. En hrunið setti strik í reikninginn. Það er hins vegar engin ástæða í mínum huga að hverfa frá þeim fyrirætlunum sem settar eru fram í lögunum. Við verðum að horfa á málið frá efnahagslegum veruleika þjóðarinnar núna, en stefna áfram ótrauð að því að gera þetta eins og hugmyndir voru uppi um."



**LOFTSKEYTASTÖÐIN GAMLA** Bráðabirgðahúsnæði safnsins er lítið en hugmynd er um að setja upp sýningu á 150 fermetrum á efri hæð. Fjármagn til að setja upp sýningu er ekki á fjárlögum 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Katrín hefur fundað með fjölda fólks sem hefur áhuga á málefnum Náttúruminjasafnsins og hefur hugmyndir um húsnæðismálin – hvernig hús á að byggja og hvar. „Ég hef mína persónulegu skoðun á því og tel safninu best komið hér í Reykjavík."

Katrín deilir ekki þeirri skoðun að stíga eigi skref til baka og færa sýningarþáttinn aftur til baka undir Náttúrufræðistofnun. „Ég hef ekki sérstaka sannfæringu fyrir því að sameina stofnanirnar aftur."

Katrín segir, spurð hvort leysa mætti húsnæðisvanda safnsins með nýtingu eldra húsnæðis líkt og gert var með Þjóðskjalasafnið, að ekkert borðleggjandi hafi komið upp í því sambandi. „Ég hef hins vegar litið svo á að það sé mjög spennandi kostur að setja upp safn í Vatnsmýrinni eins og hugmyndir voru uppi um, þó ég útiloki ekki aðra kosti," segir Katrín um þær hugmyndir að byggja upp veglegt safn við hlið Öskju, náttúrufræðihúss Háskóla Íslands.

svavar@frettabladid.is



**VERÐLAUNUÐ** Hrefna Haraldsdóttir og Stefán Hreiðarsson fengu verðlaun Velferðarsjóðs barna.

Velferðarsjóður barna:

## Tvö fá verðlaun Velferðarsjóðs

**SAMFÉLAGSMÁL** Hrefna Haraldsdóttar foreldraráðgjafi og Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, hlutu í gær barnamenningarverðlaun Velferðarsjóoðs barna. Verðlaunin, samtals tvær milljónir króna, fengu þau fyrir framúrskarandi framlag í þágu velferðar barna.

Samtals veitti Velferðarsjóður barna styrki að upphæð sex milljónir króna í ár. Á þeim tíu árum sem sjóðurinn hefur starfað hefur hann úthlutað um 600 milljónum króna. Stofnfjármagn Velferðarsjóðsins, rúmur hálfur milljarður króna, kom frá Íslenskri erfðagreiningu. - þj

### BLAFJÖLL

**Skíðasvæðið opnað fljótlega**

Töluverður snjór er kominn í Bláfjöll. Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins, segir í samtali við Vísi að byrjað sé að troða brekkur. Ef fram haldi sem horfi verði jafnvel mögulegt að opna skíðasvæðið í næstu viku. Einar segist harma að ekki sé til snjóframleiðslubúnaður í Bláfjöllum því þá hefði verið hægt að opna mun fyrr en ella.






### VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARVEÐRIÐ**
Það verður mjög kalt í veðri um helgina enda mun vindur blása af norðri. Él einkum um austanvert landið á morgun en yfirleitt úrkomulítið og nokkuð bjart syðra. Kólnar enn frekar í veðri eftir helgi.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 7° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 10° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 2° |
| París | 9° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Þvílíkur grís!




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

GRÍSALUNDIR FERSKAR
**1.499** kr/kg.
Verð áður 1.998.-

## VALHNETU- OG RÚSÍNUFYLLT GRÍSALUND MEÐ OFNBÖKUÐUM SÆTUM KARTÖFLUM OG STEINSELJURÓT fyrir 4 *að hætti Rikku*

800 g grísalundir
1 msk ólífuolía
1 meðalstór skalottlaukur, saxaður
1 sellerístöngull, sneiddur
1 tsk þurrkað timjan
80 g brauðrasp
150 g gráða- og fetaostateningar, án olíu
50 g valhnetur
50 g rúsínur
salt og nýmalaður pipar
tannstönglar

Hitið ofninn í 180°C. Hitið ólífuolíuna á meðalheitri pönnu og steikið laukinn og selleríið þar til að laukurinn er orðinn mjúkur í gegn. Bætið timjaninu og brauðraspinu saman við og steikið áfram í 1-2 mínútur. Maukið gráða- og fetaostateningana í matvinnsluvél, bætið brauðraspblöndunni saman við og blandið saman ásamt valhnetum og rúsínunum. Kryddið með salti og pipar. Skerið rauf eftir endilangri lundinni og fletjið örlítið út. Fyllið lundina með brauðraspblöndunni og lokið með tannstönglum eða eldhúsgarni. Leggið lundina í eldfast mót og bakið í 30-35 mínútur.

OFNBAKAÐAR SÆTAR KARTÖFLUR OG STEINSELJURÓT
2 meðalstórar sætar kartöflur, afhýddar og skornar í bita
300 g steinseljurót, afhýdd og skorin í bita
2 msk saxað ferskt rósmarín
80 ml ólífuolía
1 hvítlauksrif, pressað
1 tsk fennelfræ, steytt
salt og nýmalaður pipar

Sjóðið grænmetið í 5-7 mín. Hitið ofninn í 200°C. Sigtið vatnið frá og setjið í skál. Blandið rósmarín, ólífuolíu, hvítlauk og fennelfræum saman í skál og hellið yfir grænmetið. Blandið vel saman og kryddið með salti og pipar. Raðið grænmetinu á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 30-35 mínútur.




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ **2.141** kr/kg.
Verð áður 2.854.-

**Kjúklingabringur**
ferskar




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ **727** kr/kg.
Verð áður 969.-

**Kjúklingaleggir**
ferskir




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ **1.199** kr/kg.
Verð áður 1.598.-

**Grísapurusteik**
úrbeinaður svínahryggur




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ **1.689** kr/kg.
Verð áður 2.249.-

**Lambalæri Hagkaups**
marinerað

GULRÓTARKAKA SEM NÆR NÝJUM HÆÐUM
ENDA Á ÞREMUR HÆÐUM



ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010




ROBIN JÓLAKLEMENTÍNURNAR
KLEMENTÍNUR 2,3 KG
**759** kr/pk.

*Gott verð!*



KARAMELLUTERTA
**999** kr/stk.

HAMLET TRUFFLUR




SÚKKULAÐI STANGIR




SMÁKÖKUR
- EXTRA SÚKKULAÐI
- HAFRAR & RÚSÍNUR
- HUNANG & MÚSLÍ
- HVÍTT SÚKKULAÐI



TILBOÐ
SMÁKÖKUR
**499** kr/pk.
Verð áður 599.-




TILBOÐ
QUALITY STREET 2 KG
**2.999** kr/pk.
Verð áður 3.599.-

JÓLAKAFFIÐ
KOMIÐ Í VERSLANIR





JÓLASTAFIR
**359** kr/pk.

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 4. desember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN




*Óttast þú uppgang vélhjóla-gengja hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 81% |
| Nei | 19% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú búin(n) að setja upp jólaskraut?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Óhugsandi aðstæður barna og kvenna á Fílabeinsströndinni á liðnu ári:

# Börnum nauðgað á 36 tíma fresti

**FÍLABEINSSTRÖNDIN** Börnum er nauðgað á Fílabeinsströndinni að meðaltali á 36 tíma fresti og hafa ríflega 1.100 konur og börn þar orðið fyrir ofbeldi á liðnu ári.

Mikið hættuástand skapaðist í landinu í kjölfar kosninganna í nóvember í fyrra. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og Barnaheilla – Save the Children.

Skýrslan tekur til allra brota á mannréttindum, sem tilkynnt var um frá því í nóvember 2010 fram í september 2011. Þar á meðal eru sex mismunandi tilfelli af alvarlegum brotum á mannréttindum barna.

Af 1121 mannréttindabroti gegn konum og börnum, beindust 643 brotanna gegn börnum, þar af voru 182 nauðganir. Barni er nauðgað á 36 tíma fresti að meðaltali í landinu. **- sv**

### Hræðilegar tölur

- Tveir þriðju hlutar fórnarlamba (börn) voru stúlkur, 60 prósent þeirra yngri en 15 ára.
- Meira en helmingur þeirra alvarlegu brota gegn börnum voru kynferðislegt ofbeldi.
- 79 tilfelli af særðum og limlestum börnum.
- 10 tilfelli um mannrán, þar af var í helmingi tilfella um stúlkur að ræða og í helmingi tilfella var barnið undir 10 ára aldri.



**MÓÐIR OG BARN** Vitað er um tæplega 80 börn sem hafa verið særð eða limlest á síðasta ári síðan í kosningum á Fílabeinsströndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frestað að skipta OR upp í tvö fyrirtæki

**Skiptingu Orkuveitu Reykjavíkur í tvö fyrirtæki hefur verið frestað á ný. Ekki þótti nægur tími til aðgerðarinnar og mikilvægt þótti að sýna stöðugleika gagnvart lánardrottnum. Önnur fyrirtæki hafa gengið í gegnum uppskiptingu.**

**VIÐSKIPTI** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mælti í gær fyrir raforkulögum á Alþingi, en í þeim felst heimild til Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um að fresta því í tvö ár að skipta fyrirtækinu upp í samkeppnisstarfsemi annars vegar og sérleyfisstarfsemi hins vegar. Frestunin er að beiðni eigendanefndar OR.

Samkvæmt raforkulögum frá 2003 er kveðið á um aðskilnaðinn, en hann er samkvæmt tilskipunum frá Evrópusambandinu. Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka og RARIK hafa öll skipt starfsemi sinni. Orkuveitan hefur ekki gert það, heldur fengið frest. Samkvæmt gildandi lögum átti breytingin að verða 1. janúar 2012, en verður ekki fyrr en 1. janúar 2014.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir lánasafn fyrirtækisins helstu ástæðu þess að beðið hafi verið um frestun á ný. Á haustdögum hafi vinna við skiptinguna hafist á ný, en mat eigendanefndarinnar hafi verið að of mikil áhætta fælist í því að keyra breytingarnar í gegn um áramótin.

„Fyrst og fremst vegna lánasafnsins okkar, sem er um 240 milljarðar, af ótta við það að einhvers konar vandamál gætu komið upp.“

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að sjálfsagt hafi verið að verða við beiðni um frestun. Fjármögnunarleiðir fyrirtækja séu viðkvæmar í dag vegna efnahagsástandsins á alþjóðavísu og best sé að rugga þeim bát ekki að óþörfu.

Dagur B. Eggertsson, formaður eigendanefndar OR, segir að um frestinn hafi verið beðið þar sem ekki þótti nægur tími til að koma breytingunum á fyrir áramót.

„Fyrri hluta þessa árs fór algjörlega í undirbúning og framkvæmd á neyðaráætluninni og uppskiptingarverkefnið tók þar við. Þetta hefur reynst aðeins flóknara en við bjuggumst við í uppphafi, ekki síst út frá skattalegum atriðum, en við þetta skiptast í raun upp bæði skuldbindingar og skuldir. Það ríður á, sérstaklega í stöðunni eins og hún er núna á alþjóðamörkuðum, að eiga gott samráð við alþjóðlega lánardrottna fyrirtækisins.“

**kolbeinn@frettabladid.is**
**magnusl@frettabladid.is**



**ORKUKVEITAN** Iðnaðarráðherra hefur orðið við beiðni eigendanefndar Orkuveitunnar og frestað aðskilnaði fyrirtækisins í sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Fullur aðskilnaður verður dýr

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fyrirtækjaaðskilnað á rafmagnsmarkaði kemur fram að sá aðskilnaður sem þegar hafi farið fram hafi ekki verið verulega kostnaðarsamur. Það skýrist af því að hluti af rekstrinum sé áfram sameiginlegur; fjármál, tölvukerfi og innheimta, svo dæmi séu nefnd. Verði hins vegar skilið algjörlega á milli raforkuvinnslu og sölu annars vegar og dreifiveitu hins vegar geti það verið kostnaðarsamt. Forsvarsmenn raforkufyrirtækjanna telji kostnaðaraukann geta numið nokkur hundruð milljónum árlega.

Umdeilt var þegar ákvæðið var sett í lög árið 2003 og heyrðust þær raddir að sækja ætti um undanþágu fyrir íslenskan markað, sem væri ólíkur þeim evrópska. Dagur B. Eggertsson segir lítið hægt að velta sér upp úr því nú. „Árið 2003 er liðið og við erum að vinna í þessu praktíska verkefni. Það gerum við með eins litlum tilkostnaði fyrir þá sem borga orkureikningana og hægt er, án þess að fórna þeirri lagaskyldu sem á okkur hvílir.“

Utanríkisráðherrar ESB-ríkjanna funduðu um refsiaðgerðir gegn Íran og Sýrlandi:

# Náðu ekki saman um olíubann

**BELGÍA, AP** Utanríkisráðherrum aðildarríkja Evrópusambandsins tókst ekki að ná samkomulagi um að setja viðskiptabann á olíu frá Íran vegna andstöðu Grikklands á fundi sínum í Brussel í gær.

Ráðherrarnir samþykktu frekari refsiaðgerðir gegn Íran á fundinum. Aðgerðirnar beinast gegn 37 einstaklingum og 143 fyrirtækjum og stofnunum, en ekki var gefið upp hverjir eru á listanum í gær.

Ástæðan fyrir refsiaðgerðunum eru áframhaldandi tilraunir stjórnvalda í Íran til að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Stjórnvöld í Íran hafna því alfarið að það sé tilgangur kjarnorkuáætlunar landsins, sem þau segja friðsamlegan.

Grikkir voru mótfallnir því að banna viðskipti með olíu frá Íran, en mikill hluti olíu sem Grikkir nota kemur frá Íran. Talsmenn þess að banna viðskipti með íranska olíu telja að með viðskiptabanninu megi stöðva kjarnorkuáætlun landsins með því að setja hana í fjársvelti.

Utanríkisráðherrarnir samþykktu einnig refsiaðgerðir gegn stjórnvöldum í Sýrlandi vegna morða stjórnvalda á óbreyttum borgurum. **- bj**



**ÁRÁS** Innrás mótmælenda í sendiráð Bretlands í Íran á þriðjudag vakti hörð viðbrögð utanríkisráðherra ESB á fundi þeirra í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP












# Gerið gæða- og verðsamanburð

**Svefn & heilsa**
★★★★★

# Sofðu vel um jólin





## 10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum

(Gildir ekki með öðrum tilboðum)




**Proflex stillanlegt rúm.**
Gott stillanlegt rúm á frábæru verði.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 399.900 kr.**
**Nú 379.900 kr.**

**Board Wallhugger stillanlegt rúm.**
Eitt vinsælasta stillanlega rúmið.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 549.900 kr.**
**Nú 529.900**



**Saga/Freyja hágæða heilsudýna.**
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr. Nú 119.900 kr.**

**Þór hágæða heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr. Nú 139.900 kr.**

**20% afsláttur**

**Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.**





# IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr. Nú 169.900 kr.**
**Íslenskur höfuðgafl 94.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**20% afsláttur**

***Jólagjöfin þín í ár. Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali. Frá 8.900 kr.* Nokkrar stærðir**





**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta. 169.900 kr.**
**BOAS leður hægindastóll. 79.900 kr.**
**BOAS rafmagns lyftu stólar. 149.900 kr.**



**Mikið úrval af svefnsófum**

*12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is

**FRÉTTASKÝRING:** Glitnisrannsókn sérstaks saksóknara

# Rannsaka lán til Salts og Rákungs

**Rannsókn embættis sérstaks saksóknara á Glitni beinist að meintri kerfisbundinni markaðsmisnotkun bankans yfir margra ára tímabil fyrir bankahrun. Hin meintu brot ná allt aftur til ársins 2004 og viðskiptin sem eru rannsökuð nema á annað hundrað milljörðum.**

Sú rannsókn sem nú stendur yfir á meintri brotastarfsemi stjórnenda Glitnis fyrir bankahrun snýst aðallega um ætlaða markaðsmisnotkun bankans um margra ára skeið. Heimildir Fréttablaðsins herma að embætti sérstaks saksóknara telji að hún teygi sig allt aftur til ársins 2004 og hafi staðið fram að bankahruni haustið 2008.

Verið er að rannsaka tíu mál. Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta bankans, og Ingi Rafnar Júlíusson, fyrrverandi verðbréfamiðlari hjá Glitni sem nú starfar hjá MP banka, voru á miðvikudag úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknarinnar. Sérstakur saksóknari krafðist einnig gæsluvarðhalds yfir Elmari Svavarssyni, fyrrverandi miðlara hjá Glitni, en þeirri kröfu var hafnað.

Hátt í 20 manns hafa verið yfirheyrðir vegna málanna síðustu tvo daga. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að Bjarni Ármannsson, sem var forstjóri Glitnis frá 1997 og fram í apríl 2007, hafi verið boðaður til yfirheyrslu. Bjarni er staddur erlendis á ferðalagi og er ekki væntanlegur til landsins fyrr en seinni hluta desembermánaðar. Hann mun mæta til skýrslutöku þegar því ferðalagi er lokið. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hvar Bjarni er né hvaða stöðu hann mun hafa við skýrslutökuna.

### Tapið lenti allt á bankanum

Meðal annars er verið að rannsaka kaup eigin viðskipta Glitnis á hlutabréfum hans og stærsta eiganda bankans, FL Group, um langt skeið. Tilgangur þeirra kaupa var að halda hlutabréfaverðinu uppi og skapa sýndareftirspurn eftir bréfunum.

Þá er einnig verið að rannsaka viðskipti með framvirka samninga í hlutabréfum í Glitni. Í gegnum þá lánaði bankinn vildarviðskiptavinum sínum hlutabréf í sjálfum sér vegna þess að hann mátti ekki halda á þeim sjálfur. Margir þessara samninga voru með þeim hætti að þeir sem fengu bréfin lánuð gátu einungis grætt á þeim. Ef tap myndaðist á samningstímanum voru lánendurnir skaðlausir af því. Það lenti á bankanum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að sumir þeirra framvirku samninga sem Glitnir gerði hafi verið með sama samnings- og afhendingardegi. Talið er að gerð framvirkra samninga af þessari gerð hafi tíðkast um árabil hjá Glitni.

Þá snýst rannsóknin um lánveitingar til ýmissa félaga sem nýttar voru til að kaupa bréf í Glitni. Umræddar lánveitingar námu 37 milljörðum króna og lánin voru veitt í lok árs 2007 og á árinu 2008. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er 8,1 milljarðs króna lán til Rákungs og 15,2 milljarða króna til Salt Financials á meðal þeirra lána sem verið er að rannsaka. Bæði lánin voru veitt á árinu 2008 og voru nýtt til kaupa á bréfum í bankanum. Salt Financials var í eigu Salt Investment, eignarhaldsfélags sem er í 94% eigu Róberts Wessman. Rákungur var í eigu Milestone, fjárfestingarfélags Karls og Steingríms Wernerssona.



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS – NÚ ÍSLANDSBANKA** Viðskiptin sem til rannsóknar eru teygja sig allt aftur til ársins 2004 og eiga því að hafa staðið um rúmlega fjögurra ára skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### 15 milljarða víkjandi lán til Baugs

Til viðbótar hefur sérstakur saksóknari rannsakað í meira en ár hið svokallaða Stím-mál. Það snýst um 19,6 milljarða króna lánveitingu frá Glitni til Stíms í nóvember 2007 til að kaupa hlutabréf í Glitni og FL Group.

Stím var teiknað upp af starfsmönnum Glitnis sem síðan buðu vildarviðskiptavinum bankans að eignast í félaginu gegn litlu eiginfjárframlagi. Þegar fyrri hrinan í Stím-rannsókninni fór fram í nóvember 2010 voru Lárus Welding og Jóhannes Baldursson einnig yfirheyrðir.

Að endingu snerust aðgerðir sérstaks saksóknara á miðvikudag um rannsókn á sölutryggingu Glitnis á 15 milljarða hlutafjárútboði í FL Group í desember 2007. Heimildir Fréttablaðsins herma að um sé að ræða 15 milljarða króna víkjandi lán sem Baugi Group, stærsta eiganda FL Group á þeim tíma, var veitt. Áhættunefnd Glitnis samþykkti umrætt lán hinn 20. desember 2007.



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is





## Allir bankastjórarnir hafa setið í gæsluvarðhaldi



Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var handtekinn 6. maí 2010. Hann var úrskurðaður í tólf daga gæsluvarðhald en sleppt eftir tíu daga. Í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir honum kemur fram að hann hafi verið „undir rökstuddum grun um að hafa framið fjölmörg brot er fangelsisrefsing liggur við [...] þau eiga að hafa verið framin á nokkrum árum og til loka árs 2008.



Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald 14. janúar 2011. Hann var úrskurðaður í 11 daga gæsluvarðhald. Honum var sleppt úr haldi 21. janúar 2011. Meðal annars er verið að rannsaka Sigurjón meinta allsherjarmarkaðsmisnotkun Landsbankans á meðan Sigurjón stýrði honum.




Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, var fyrst boðaður til yfirheyrslu hjá embætti sérstaks saksóknara í nóvember 2010 í tengslum við hið svokallaða Stím-mál. Hann var síðan handtekinn síðastliðinn miðvikudag og úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald vegna rannsóknar embættis sérstaks saksóknara á alls tíu málum sem tengjast rannsókn þess á meintum brotum sem framin voru á meðan Lárus var forstjóri Glitnis.

## Nýjasta málið nokkurra vikna gamalt

Þau níu mál sem eru nú til rannsóknar til viðbótar við Stímmálið bárust öll inn á borð sérstaks saksóknara á þessu ári, 2011. Nýjasta málið barst þangað fyrir örfáum vikum. Þótt ætluð brot hafi verið framin fyrir að minnsta kosti þremur árum eru málin þó frekar nýleg hjá embættinu. Ástæður þess eru nokkrar.

Í fyrsta lagi fór rannsókn á bönkunum þremur þannig fram að fyrst voru send teymi inn í þá til að vinna endurskoðendaskýrslur um þá. Þeim skýrslum var síðan skilað til Fjármálaeftirlitsins (FME), sem sinnir frumrannsókn á ætluðum brotum bankanna, og þar nýttar til að kortleggja möguleg brot. Skýrslu um Kaupþing var skilað fyrst, svo Landsbankann og að lokum um Glitni. FME hefur því verið að rannsaka málið nokkurn veginn í þessari röð. Auk þess hafa slitastjórnir bankanna vísað fleiri málum til FME eftir að þær luku sínum eigin rannsóknum á atferli bankanna þriggja.

Þegar helstu stjórnendur Kaupþings voru handteknir í maí 2010 byggði það til dæmis á erindum og gögnum sem bárust til embættis sérstaks saksóknara á tímabilinu 13. mars 2009 til 22. mars 2010.

Í öðru lagi þarf embættið að vega og meta hver af þeim málum sem vísað er til þess eigi samleið og tengist. Ef það færi strax í yfirheyrslur og húsleitir í hverju tilteknu máli sem vísað væri til embættisins strax og það bærist myndi það þýða að sama fólkið væri kallað trekk í trekk inn í sambærilegar yfirheyrslur. Þess í stað er reynt að safna saman sem flestum málum sem tengjast hverjum og einum og farið af stað þegar umfang þeirra liggur að mestu fyrir.

Bent hefur verið á að sérkennilegt sé að hneppa menn í gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna mörgum árum eftir að ætluð brot hafi verið framin. Hinir grunuðu hafi haft nægan tíma til að eyða gögnum og bera saman sögur sínar. Embætti sérstaks saksóknara hefur þó bent á að hinir grunuðu viti ekki hver málatilbúnaður þess er fyrr en þeir mæta í yfirheyrslu. Þar eru gögn og upplýsingar sem hafa ekki komið fram áður borin undir vitni og aðra sakborninga. Embættið telur mikilvægt að fá fram sjálfstæðan framburð vitna og annarra sakborninga án þess að þeir sem sitja í gæsluvarðhaldi geti haft áhrif á.

Í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, vegna rannsóknar á meintum brotum hans og annarra stjórnenda Kaupþings frá því í maí 2010, er þessum áhyggjum lýst ágætlega. Þar kemur fram að við yfirheyrslur yfir honum og Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, hafi komið fram að framburður þeirra hafi stangast á í „nokkrum veigamiklum atriðum“. Því hafi verið nauðsynlegt fyrir rannsóknina að þeir gætu ekki samræmt framburð sinn.




Íslensk hönnun
Íslenskt handverk
Metal design
Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445




**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KK**
Stærðir M–XXL, einnig til í svörtu
**54.990 KR.**

**COLUMBIA LAY 'D DÚNÚLPA**
Stærðir XS–XL, einnig til í rauðu
*Jólaverð*
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.

**VIKING SUMMIT GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–47
**24.490 KR.**

**Öllum VIKING gönguskóm fylgja leðurhanskar**

**MOUNTAIN HARDWEAR NITROUS DÚNÚLPA KVK**
Stærðir S–XL, einnig til í bleiku
**54.990 KR.**

**COLUMBIA ALASKAN DÚNÚLPA**
Stærðir M–XXL, einnig til í bláu
*Jólaverð*
**39.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.

**COLUMBIA DASKA GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–48
*Jólaverð*
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 37.990 KR.

**MOUNTAIN HARWEAR SARPA GÖNGUBUXUR**
KK og KVK
**29.990 KR.**

**DEVOLD ACTIVE UNDIRBUXUR**
KK og KVK
**8.990 KR.**

**DIDRIKSONS SLAB 2-LAGA JAKKI**
Stærðir S–XXXL
**19.990 KR.**

**DIDRIKSONS CAMDEN BARNAÚLPA**
Einnig til í gráu og bleiku
Stærðir 80–140
**12.990 KR.**

**DEVOLD ACTIVE UNDIRBOLUR**
KK og KVK, einnig til án rennilás
**9.490 KR.**

**DIDRIKSONS ZEBRA 3-LAGA BUXUR**
Stærðir S–XXL, 36–44
**29.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Munið gjafabréfin!**
Gjafabréf Ellingsen

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112883



**MEÐ TVÍBURA** Katrín Júlíusdóttir gengur með tvíbura, tvo drengi. Hér er hún ásamt Ögmundi Jónassyni við jólatréð í Alþingishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ritstjóri Neytendablaðsins furðar sig á umsögnum SI og SA um innleiðingu hollustumerkisins Skráargatsins:

# SI og SA telja merkið skapa „falskt öryggi“

**NEYTENDUR** Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA) lýsa yfir efasemdum um að íslenska ríkið eigi að leggja í kostnað í að kynna skilyrði hollustumerkisins Skráargatsins. Í umsögn frá samtökunum segir að þau telji að takmörkuðu opinberu fé sé betur varið til opinnar og fordómalausrar umræðu.

„Það getur skapað falskt öryggi, alið á fordómum og gert mataræðið einhæfara en ella að velja í blindni eftir næringarmerki með svo ströngum skilyrðum sem Skráargatið er.“ Þá segir einnig að veruleg hætta sé á að það telji fólki trú um að vörur sem ekki bera merkið séu óhollar og hvetji þar með til einhæfs mataræðis. Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins, fjallaði um málið í síðasta leiðara sínum. Brynhildur telur samtökin gera heldur lítið úr neytendum með umsögnum sínum.

„Neytendur á Norðurlöndunum hafa ekki átt í neinum vandræðum með að átta sig á skilgreiningu merkisins,“ segir hún og furðar sig á þessum umsögnum samtakanna og bendir á að af þeim ellefu aðilum sem skiluðu inn umsögn til Alþingis um málið, sé hún sú eina neikvæða. Meðal umsagnaraðila voru Landlæknisembættið, Matís og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

„Þetta eru mikil vonbrigði,“ segir Brynhildur og bætir við þeirri spurningu hvort SI og SA telji ekki ástæðu til að hjálpa neytendum við að velja hollari mat. - sv

### Hollustumerki

Sænska matvælastofnunin tók Skráargatið fyrst upp fyrir um 20 árum. Í Svíþjóð, Noregi og Danmörku eru matvörur merktar með Skráargatinu til að auðvelda neytendum að gera greinarmun á hollustu matvæla. Vörurnar sem mega bera merkið innihalda minna magn af sykri, salti og fitu eða meira af trefjum en aðrar vörur í sömu matvælaflokkum.



**JÓLASTEMNING** Óskar Albertsson, talsmaður Ásgarðs, með fallegar vörur fyrir framan handverkstæðið.

Hátíð í Ásgarði á laugardag:

## Jólamarkaður í Álafosskvos

**VERSLUN** Ásgarður handverkstæði verður með sinn árlega jólamarkað og kaffisölu í húsnæði Ásgarðs að Álafossvegi 22 í Mosfellsbæ laugardaginn 3. desember. Markaðurinn hefst klukkan 12 og stendur til klukkan 17.

Allar leikfangalínur Ásgarðs verða til sýnis og sölu, einnig verður til sölu bæði kaffi og heitt súkkulaði og auk þess kökur gegn vægu gjaldi. Góðir gestir líta í heimsókn og taka nokkur lög. Sönn jólastemning fylgir því að fara í heimsókn í Ásgarð, sitja til borðs með listamönnum Ásgarðs og drekka heitt súkkulaði með rjóma. - sg

# Boðar þíðu í samskiptum Bandaríkjanna og Búrma

**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kynnti tilslakanir í refsiaðgerðum gegn Búrma við upphaf opinberrar heimsóknar í gær. Clinton hitti friðarverðlaunahafann Aung San Suu Kyi á fyrsta degi heimsóknarinnar.**

**BÚRMA, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, skoraði í gær á stjórnvöld í Búrma að halda áfram úrbótum í lýðræðisátt og sleppa öllum pólitískum föngum úr haldi nú þegar. Hún boðaði í gær tilslakanir á refsiaðgerðum gegn landinu.

Clinton kom í opinbera heimsókn til Búrma í gær. Þetta er fyrsta opinbera heimsókn háttsetts útsendara bandaríska stjórnvalda til Búrma í hálfa öld. Með heimsókninni segir hún Bandaríkin viðurkenna að herforingjastjórnin í landinu hafi á undanförnum árum gert mikilvægar breytingar í lýðræðisátt.

Clinton sagði þó mikið vanta upp á hjá stjórnvöldum í landinu. Hún hvatti herforingjastjórnina til að hætta ofsóknum gegn minnihlutahópum, og slíta öll hernaðarleg tengsl landsins við Norður-Kóreu.

„Einn pólitískur fangi er einum of mikið,“ sagði Clinton. Skömmu síðar hitti hún einn af frægustu pólitísku föngum samtímans, friðarverðlaunahafann Aung San Suu Kyi, Henni var sleppt úr stofufangelsi í fyrra eftir tveggja áratuga frelsisskerðingu. Clinton snæddi kvöldmat með Suu Kyi, og afhenti henni bréf frá Barack Obama Bandaríkjaforseta. Clinton og Suu Kyi munu eiga formlegri fund í dag.

> Ég kom til að meta hvort nú sé rétti tíminn til að snúa við blaðinu í samskiptum þjóða okkar.
>
> HILLARY CLINTON UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

Fyrr í gær átti Clinton fund með Thein Sein, forseta Búrma. Þar afhenti hún bréf frá Barack Obama Bandaríkjaforseta þar sem hann lýsir áhuga á að styrkja tengsl landanna geri stjórnvöld í Burma nauðsynlegar umbætur í lýðræðisátt.

Hún sagði samskipti landanna þó ekki komin á það stig að bandarísk stjórnvöld íhugi að aflétta viðskiptaþvingunum sem hafa verið í gildi áratugum saman. Bandarísk stjórnvöld muni þó verðlauna leiðtoga landsins fyrir frekari umbætur í lýðræðisátt.

„Ég kom til að meta hvort nú sé rétti tíminn til að snúa við blaðinu í samskiptum þjóða okkar,“ sagði Clinton. Meðal þeirra tilslakana sem hún tilkynnti um í gær var að heimila aukið samstarf Búrma við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá sagði hún bandarísk stjórnvöld muna og beita sér fyrir því að verkefni Sameinuðu þjóðanna í Búrma sem snúa að heilbrigðismálum og baráttunni við eiturlyf verði efld.

brjann@frettabladid.is



**MÁLIN RÆDD** Hillary Clinton snæddi kvöldverð með Aung San Suu Kyi á heimili háttsetts bandarísks erindreka í Rangoon í Búrma í gær, og mun eiga formlegan fund með henni í dag. NORDICPHOTOS/AFP




Ákærð fyrir fíkniefnabrot:

## Kannabisefni í málningarfötu

**DÓMSMÁL Karlmaður og kona um tvítugt hafa verið ákærð fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir fíkniefnalagabrot.**

**Parinu er gefið að sök að hafa laugardaginn 17. september síðastliðinn haft í vörslu sinni nær níu grömm af kannabisefnum ætluð til sölu og dreifingar. Lögreglan fann efnin við húsleit heima hjá þeim í Reykjanesbæ.**

**Efnin fundust á tveimur stöðum í íbúðinni. Í einu af svefnherbergjum hennar fann lögregla málningarfötu sem í voru um átta grömm af kannabisefnum þar af voru í sex grömm sölueiningum. Upp undir gramm var svo falið í þvottahúsi íbúðarinnar.** - jss

SVEITARSTJÓRNIR

### Samið um sögu Garðabæjar

Bæjarráð hefur samþykkti tillögu ritnefndar um Sögu Garðabæjar að semja við Bókaútgáfuna Opnu um tiltekna þætti við útgáfu sögu bæjarins. Samkvæmt tilboði Opnu á að greiða samtals 11,3 milljónir króna fyrir ritstjórn, hönnun og umbrot, prófarkalestur og umsjón og eftirlit. Þá er meðal annars eftir að borga fyrir ritun bókarinnar og prentun.

# SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9

# Heimilistæki í hæsta gæðaflokki - án vafa

## ÚRVAL KÆLI- OG FRYSTISKÁPA



G-SERÍAN

Nýstárlegir kæli- og frystiskápar.

Ný tegund einangrunar sem gerir skápana A+

Einnig stærra kæli- og frystirými en gengur og gerist.



SAMSUNG · RL56WGSW
Stál kæli- og frystiskápur · Frystihólf: 104 lítrar · Kælihólf: 246 lítrar · Hæð: 185 cm · Blásturskældur kælir og frystir með köldu vatni
**Verð: 219.900.-**

SAMSUNG · RL56GSBIH
Stál kæli- og frystiskápur · Frystihólf: 104 lítrar · Kælihólf: 253 lítrar · Hæð: 185 cm · Blásturskældur kælir og frystir
**Verð: 219.900.-**



SAMSUNG RSH5UTTS
„AMERÍSKUR" · Titanium silfur
Verð: **319.900.-**
Kælir/frystir · Aldrei að afþýða

Einnig til svartir og hvítir og tvær gerðir með burstuðu stáli

# BYLTING Í ÞVOTTAVÉLUM..!



**ECO BUBBLE er mætt til leiks**

WF1704YPC2



**70% minni orkunotkun**

**Orkunotkun A+++**

**Sama þvottahæfni með köldu vatni og í venjulegum þvottavélum við 40° hita**

**Sértakt þvottakerfi til að viðhalda vatnsvörn í regnfatnaði.**

**Verð á 7 kg þvottavél: 149.900.-**
**Verð á 8 kg þvottavél: 164.900.-**

SAMSUNG

## SAMSUNG ECO BUBBLE ÞVOTTAVÉL

- **Eco Bubble**
- Taumagn: 7 og 8 kg.
- Vindingarhraði: 1400 sn/mín
- Þvottahæfni: A
- Þeytivinduafköst: A
- Orkuflokkur: A+++
- Demants mynstruð tromla
– Minna slit á fötum og vindur mun betur
- Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi
- 15 mín. hraðkerfi
- Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
- Hurðarlöm og krókur úr málmi
- Stórt hurðarop: 33 cm, opnast 142°
- UKS kerfi sem jafnar tau í tromlu fyrir vindingu
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
- Ullarkerfi / Ullarvagga
- Allt að 19 klst. start tímaval fram í tímann
- Barnalæsing
- Sérstakt prógramm til að þvo tromluna.
- Aqua-Control öryggiskerfi gegn vatnsleka

Málin eru hxbxd: 85 x 60 x 64,6 cm

***Hvað er Eco Bubble?***

Eco Bubble þvottur er hefðbundin blanda af taui, vatni og þvottadufti.

En í stað þessa að þvottaefnið skolist beint inn í þvottatromluna með vatninu – fer þvottaefnisblandan í gegnum dælu, sem þrýstir lofti inn í blönduna.

Við þetta leysist þvottaefnið fyrr upp og byggir upp froðu. Froðan samanstendu af litlum þvottaefniskúlum sem flæða um tauið með meiri árangri en þekkst hefur hingað til.





BAKAROFN & KERAMIK HELLUBORÐ

**25% afsláttur**

PARIÐ:
TILBOÐSVERÐ: **198.600,-**
LISTAVERÐ: 264.800,-

BF3Q4Q098
Hvítur sjálfhreinsandi, tvöfaldur blástursofn

C64R2AEE
Keramik snertitakka helluborð með LED lýsingu



VCC6240

**EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF MJÖG FLOTTUM RYKSUGUM FRÁ SAMSUNG**

*Verð frá kr. 14.900,-*



VCR8855

**... OG RYKSUGURÓBÓTINN *NAVIBOT* FRÁ SAMSUNG ER KOMINN Í SAMSUNG SETRIÐ**



MW89MST

**ERTU AÐ LEITA AÐ HINUM FULLKOMNA ÖRBYLGJUOFNI?**

**HANN ER HÉR ..!!**

*Mikið úrval SAMSUNG örbylgjuofna.*

**SAMSUNG SETRIÐ · SÍÐUMÚLA 9**

SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI · HEIMABÍÓKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNOTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLGJUOFNAR · GSM SÍMAR OG FYLGIHLUTIR





**Á LEIÐ ÚT Í GEIM** Bandarískur, rússneskur og hollenskur geimfari búa sig undir ferð út í geiminn frá Rússlandi síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eins og hálfs árs stjórnarkreppu að ljúka með samkomulagi sex flokka:

# Loksins mynduð ný ríkisstjórn í Belgíu

**BELGÍA** Allt bendir til þess að ríkisstjórn verði mynduð í Belgíu um helgina, en stjórnarkreppa hafði ríkt þar í 536 daga áður en sex flokkar á þingi komu sér saman um fjárlög ársins í gær.

Á meðan hefur landinu verið stýrt af utanþingsstjórn, en þessi tími sem tekið hefur að mynda stjórn er staðfest heimsmet hjá lýðræðisríki.

Sósíalistinn Elio Di Rupo er talinn líklegastur til að leiða stjórnina en skipan hennar verður sennilega staðfest á mánudag. Helsta ástæðan á bak við tregðuna er núningur milli þjóðarbrota því að háværar raddir í flæmska hluta landsins hafa lýst óánægju með að þurfa að „halda uppi“ frönskumælandi hlutanum þar sem meðaltekjur eru lægri og atvinnuleysi meira. Flæmska fylkingin, sem stefnir að því að gera Belgíu að sambandsríki, fékk flest þingsæti í kosningunum í júní í fyrra, en er ekki meðal þátttakenda í væntanlegri stjórn.

Lausn stjórnarkreppunnar var orðin afar aðkallandi þar sem aðgerða var þörf í efnahagsmálum. Ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf hafði hækkað upp undir 7% eftir að lánshæfismat ríkisins var lækkað fyrir viku.

Samkomulag flokkanna felur í sér miklar aðhaldsaðgerðir til að koma fjárlagahallanum niður í 2,8% eins og krafan er frá ESB, en stefnt er að hallalausum fjárlögum árið 2015.

Næstu þingkosningar verða árið 2014. - þj



**MYNDAR STJÓRN** Elio Di Rupo er talinn líklegastur til að leiða nýja ríkisstjórn sem stendur til að mynda um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









**LITLA-HRAUN** Formaður fjárlaganefndar segir að öryggisfangelsi eigi fyrst og fremst að vera á Litla-Hrauni.

# Bygging nýs fangelsis sé háð skilyrðum

**Formaður fjárlaganefndar Alþingis vill að heimild til byggingar nýs fangelsis verði veitt með ákveðnum skilyrðum. Margir telji að fangelsisbyggingin sem gert er ráð fyrir að rísi á Hólmsheiði sé of stór.**

**FANGELSISMÁL** „Mín skoðun er sú að mikilvægt sé að veita heimild til byggingar nýs fangelsis en það þurfi að gera með ákveðnum skilyrðum.“ Þetta segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, en meirihluti nefndarinnar er andvígur því að heimila byggingu fangelsis á Hólmsheiði í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar.

Ögmundur jónasson innanríkisráðherra lagði til við fjárlaganefnd að veittar yrðu 190 milljónir til hönnunar fangelsisins. Sigríður Ingibjörg segir að málinu hafi verið frestað til þriðju fjárlagaumræðu, sem fram fer næstkomandi þriðjudag.

„Það eru uppi efasemdir um hlutverk hins nýja fangelsis, hvernig haga eigi fangelsismálum til framtíðar litið og hvort þessi bygging sé í anda þess,“ útskýrir hún. Aðspurð segir hún efasemdirnar snúa að því hvort rétt sé að hér séu tvö vistunarfangelsi. Gert sé ráð fyrir að nýja fangelsið rúmi á sjötta tug fanga og margir telji að það sé of stórt. Byggja þurfi komu- og gæsluvarðhaldsfangelsi auk kvennafangelsis en öryggisfangelsi eigi fyrst og fremst að vera á Litla-Hrauni.

Spurð, í ljósi langra biðlista í afplánun, hvort ekki sé þörf á fleiri slíkum plássum bendir Sigríður Ingibjörg á að ekki séu allir sem bíði afplánunar að fara í öryggisgæslu, heldur geti hluti þeirra verið í opnum úrræðum og samfélagsþjónustu. Grundvallaratriðið sé þó að veita heimild til að hefja hönnun nýs fangelsis þegar búið verði að ná niðurstöðu. Sú heimild liggi fyrir á árinu 2012 og þá með skilyrðum í samræmi við vilja þingsins.

„Það er orðið brýnt að koma með viðbótarlausn í fangelsismálum. Það þarf því að klára þetta mál í þriðju fjárlagaumræðu. Við erum að vinna að því að finna leið sem tryggir að við fáum nýtt fangelsi en jafnframt að það verði út frá áherslum sem Alþingi geti sætt sig við.“

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, segir nefndina líta svo á að leggi hún fram breytingatillögu við fjárlög um hönnun nýs fangelsis sé um leið verið að binda staðsetninguna við Hólmsheiði.

„Þessi heimild er upp á tiltekna fjárhæð til að hanna nýja byggingu á Hólmsheiði, en ekki annars staðar,“ segir Björn Valur en segir þetta atriði ekki standa sérstaklega í vegi fyrir ákvörðun nefndarinnar. Þarna sé ekki einungis verið að taka fjárhagslega ákvörðun heldur einnig faglega. Fjárlaganefnd þurfi því að afla frekari upplýsinga, meðal annars frá innanríkisráðherra og tiltekinum starfsmönnum innanríkisráðuneytisins. jss@frettabladid.is

# Sony Center

www.sonycenter.is

# Harðir pakkar eru góðir pakkar

5 ára ábyrgð á öllum sjónvörpum án aukakostnaðar




**TILBOÐ**

Playstation 3 fylgir á meðan birgðir endast!

### GLÆSILEGT HÁGÆÐA 46" LED SJÓNVARP
KDL-46HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- DynamicEDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp og 3D afspilun

**Tilboð 379.990.-**
PS3 ásamt gjafaöskju með Harry Potter bíómyndum og 3D gleraugum fylgja á meðan birgðir endast




### FRÁBÆRT 32" LED SJÓNVARP Á GÓÐU VERÐI
KDL32CX520

- Full HD 1920 x1080 punktar
- CCFL baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp

**Tilboð 109.990.-** Verð áður 119.990.-




### HÁGÆÐA 40" LED SJÓNVARP
KDL-40EX721

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp og 3D afspilun

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 249.990.-




### GLÆSILEGT 40" LED SJÓNVARP
KDL-40HX723

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp og 3D afspilun

**Tilboð 269.990.-** Verð áður 289.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Frí heimsending og uppsetning á sjónvörpum á höfuðborgarsvæðinu.
Kynntu þér málin á sonycenter.is

**netto**
*Kræsingar & kostakjör…*
*…um jólin*

# UNDIRBÚNINGUR FYRIR **JÓLIN**



**40% afsláttur**

KJÖTSEL

## HAMBORGAR-HRYGGUR

**1.197 kr/kg**
áður 1.995 kr/kg

### BAYONNESKINKA

**40% afsláttur**
KJÖTSEL
**1.199 kr/kg**
áður 1.989 kr/kg

### GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN, NÝR

**29% afsláttur**
KJÖTSEL
**498 kr/kg**
áður 698 kr/kg

### SVÍNALUNDIR FERSKAR, ERL.

**1.398 kr/kg**
áður 1.495 kr/kg

### LAUKHRINGIR FRYSTIVARA, 567 G


2 FYRIR 1
**599 kr/2 pk.**
2 fyrir 1 tilboð!

### HINDBER LAUSFRYST 340 G


2 FYRIR 1
**679 kr/2 pk.**
2 fyrir 1 tilboð!

### KLEMENTÍNUR Í LAUSU

**50% afsláttur**
**150 kr/kg**
áður 299 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

markhonnun.is



# KJÚKLINGA-BRINGUR

**2.295kr/kg**

Tilboðsverð!



## HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

**2.398kr/kg**

áður 2.998 kr/kg



## HUMAR SKELBROT 1 KG

**1.998kr/kg**

Frábært verð!



## BLEIKJUKABARETT SÞ

25% afsláttur

**2.998kr/kg**

áður 3.989 kr/kg



## CELEBRATIONS 855

**1.998kr/ds.**

Frábært verð!



## ROSES 800 G DÓS

**1.998kr/ds.**

Frábært verð!



## TOBLERONE TABELLE 160 G

**699kr/pk.**

Frábært verð!

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

**Tilboðin gilda 1. - 4. desember**
eða meðan birgðir endast

# Stóra spurningin er hvort verðtrygging auki óstöðugleika

Fulltrúar allra flokka í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis samþykktu í síðustu viku merkilega bókun um að undirbúin yrði aðgerðaáætlun sem miðaði að því að draga úr vægi verðtryggingar í íslensku fjármálakerfi. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* ræddi við **Helga Hjörvar,** formann nefndarinnar, um verðtrygginguna, kosti hennar og galla, og framtíð lánamála í fjármálakerfinu.

Það er óhætt að segja að verðtrygging lána hafi verið á milli tannanna á landsmönnum síðustu ár. Ekki síst í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar eftir bankahrunið haustið 2008 sem olli miklum hækkunum á höfuðstóli verðtryggðra lána. Hefur verið talað um „stökkbreytingu“ lána og forsendubrest í þessu samhengi.

Fulltrúar allra stjórnmálaflokka í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis samþykktu í síðustu viku bókun sem kveður á um að undirbúin verði þverpólitísk aðgerðaáætlun um minnkað vægi verðtryggingar á íslenskum fjármálamarkaði. Stefnt er að því að umrædd áætlun verði lögð fram sem þingmál fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, er formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Fréttablaðið ræddi við Helga í vikunni um verðtrygginguna, hvort skynsamlegt sé að draga úr vægi hennar og þá hvernig.

### Nauðsynlegt að fara yfir skipulag efnahagsmála

„Það sem þessi bókun þýðir er að fulltrúar allra flokka telja það vera mikilvægt verkefni að draga úr verðtryggingunni,“ segir Helgi Hjörvar, aðspurður hvaða ályktanir mega draga af bókun nefndarinnar. „Það er að ég held nauðsynlegt að skoða verðtrygginguna rétt eins og aðra lykilþætti í skipulagi okkar efnahagsmála nú eftir hrun. Sérstaklega er að mínu viti tilefni til að fara vel yfir þá þætti sem eru með afgerandi öðrum hætti á Íslandi en almennt gerist í hagkerfum heimsins. Verðtryggingin er vissulega ekkert einsdæmi hér á landi en vægi hennar er mun meira hér en gerist víðast hvar.“

Helgi telur það vera gríðarlega mikilvægt að náðst hafi samstaða innan efnahags- og viðskiptanefndar um að stíga þetta skref. Það þýði þó ekki að allir séu á nákvæmlega sömu línu.

„Ég geri ráð fyrir því að í þeirri vinnu sem er fram undan verði ólík sjónarmið uppi um hversu langt eigi að ganga. Fyrst og fremst munum við líta til verðtryggingar neytendalána, þar með talinna húsnæðislána, og umhverfi þeirra. Sumir vilja að ég held afnema verðtrygginguna algjörlega gagnvart einstaklingum á meðan aðrir hafa ekki sannfæringu fyrir því að það eigi beinlínis að banna hana. En það er auðvitað verkefni okkar; að reyna að sætta þessi ólíku sjónarmið. Síðan munum við kalla eftir áliti sérfræðinga og viðhorfum ýmissa aðila í samfélaginu,“ segir Helgi.

Þá leggur Helgi áherslu á að farið verði í þessa vinnu með opnum huga og að ekkert verði útilokað. „Mér finnst rétt að fara inn í þessar samræður með opinn huga og tel það vænlegast til að menn geti náð saman í þessu máli. Þess vegna vil ég helst ekki nú í upphafi þessarar samráðsvinnu flokkanna úttala mig um mín persónulegu viðhorf til verðtryggingarinnar. Ég auðvitað fel þau heldur ekki og ég get sagt að ég vil heldur ganga lengra en skemmra, en eins og ég segi þá held ég að menn eigi ekki að útiloka neitt fyrirfram,“ segir Helgi en bætir við að hann telji verkefni nefndarinnar vera að einfalda og straumlínulaga kerfið fremur en að auka flækjustigið í því eins og myndi gerast ef farið yrði eftir sumum þeirra tillagna sem komið hafa fram.

### Lykilatriðið að ná stöðugleika

En hvað er það nákvæmlega við verðtrygginguna sem gefur tilefni til slíkrar endurskoðunar? „Það eru að ég held margar ástæður fyrir því af hverju stuðningur við að taka verðtrygginguna til endurskoðunar hefur aukist í öllum stjórnmálaflokkum. Það má nefna að menn hafa haft af því miklar áhyggjur að víðtæk verðtrygging takmarki miðlunaráhrif peningamálastefnunnar, það er, áhrif stýrivaxta,“ segir Helgi og heldur áfram: „Verðtryggingin stuðlar einnig að því að fólk getur skuldsett sig meira en ella. Þetta kom til dæmis fram á fundi okkar í nefndinni með peningastefnunefnd Seðlabankans nýverið. Og það þurfum við að ræða vandlega held ég bæði út frá eigin reynslu og reynslu annarra þjóða. Er það endilega æskilegt að vera



**HELGI HJÖRVAR** Helgi leggur áherslu á að menn nálgist þá samráðsvinnu sem er að fara af stað með opnum huga og reyni að sætta ólík sjónarmið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með kerfi sem stuðlar að hámarksskuldsetningu.“

Helgi nefnir einnig að verðtryggingin dragi úr kostnaðarvitund bæði einstaklinga og stjórnmálamanna. „Það hafa verið færð fyrir því rök að verðtryggingin valdi því að menn freistist til að kaupa meira en þeir ráða við. Það gerist þar sem sá kostnaður sem óhjákvæmilega fylgir verðbólgunni er dulinn en menn þurfa að horfast í augu við hann ef um óverðtryggt lán er að ræða. Með öðrum orðum er verðtryggingin neysluhvetjandi, og við þurfum að skoða það,“ segir Helgi og bætir við: „Verðtryggingin ýtir líka undir hallarekstur og óábyrga ríkisfjármálastjórn hjá hinu opinbera. Verðtryggingin í raun frestar því að almenningur þurfi að greiða fyrir áhrif efnahagslegrar óstjórnar og það dregur úr aðhaldi hans á stjórnmálamönnum. Þar með ýtir hún undir kröfu um óábyrga stjórn ríkisfjármála. Menn krefjast frekar hallarekstrs, ýmiss konar misviturra framkvæmda og svo framvegis, þegar kostnaðurinn við slíka óstjórn birtist ekki nema að litlu leyti fyrst um sinn.“

Þá vill Helgi leggja áherslu á að verðtryggingin sé alls ekki það eina sem skipti máli þegar fjallað sé um hagstjórn á Íslandi. „Það er mjög mikilvægt að undirstrika að þessir gallar verðtryggingarinnar hafa fyrst og fremst verið að leiða fram afleiðingar óstöðugleika. Og það er engan veginn einhver töfralausn að draga úr vægi hennar. Það verður alltaf dýrt að skulda á Íslandi á meðan við höfum ekki tök á efnahagsmálum. Spurningin er því hvort það að draga úr vægi verðtryggingar getur verið hjálplegt við að ná meiri stöðugleika,“ segir Helgi og bætir við í tengslum við þetta að hann telji að til að ná varanlegum árangri í peningamálastjórn sé skynsamlegast að taka upp nýjan öflugan gjaldmiðil þótt ljóst sé að byggt verði á krónunni enn um sinn.

> Spurningin er því hvort það að draga úr vægi verðtryggingar getur verið hjálplegt við að ná meiri stöðugleika.

### Raunverulegir lánavalkostir fagnaðarefni

Fræðilegar rannsóknir á verðtryggðum lánum benda heldur til þess að slík lán séu hagstæðari en þau óverðtryggðu fyrir lántakendur í verðbólguumhverfi eins og á Íslandi. Því má velta upp þeirri spurningu hvort það séu endilega hagsmunir einstaklinga að draga úr vægi hennar.

„Það er ekkert augljóst í þessu samhengi og einmitt þess vegna þurfum við að fara mjög vel yfir þetta. En hér er vert að hafa nokkra hluti í huga. Fyrir það fyrsta, það er alveg rétt að kenningin hefur verið að verðtryggingin annars vegar hjálpi okkur að halda stöðugleika í efnahagslífinu og hins vegar haldi niðri fjármögnunarkostnaði til lengri tíma þar sem fjárfestar muni alltaf krefjast auka áhættuálags á vexti njóti þeir ekki verðtryggingar. Spurningin sem þarf að svara er hins vegar hvort þetta hefur verið veruleikinn á Íslandi. Kenningin og veruleikinn þurfa ekki alltaf að fara saman eins og menn þekkja,“ segir Helgi og heldur áfram: „Það er sannarlega ekki víst að við höfum notið meiri stöðugleika vegna verðtryggingarinnar en ella. Það er í það minnsta ljóst að við höfum notið minni stöðugleika en helstu viðskiptalönd okkar. Og ef menn skoða þá vexti sem nú er verið að bjóða á óverðtryggðum lánum er fjarri því að þeir vextir jafngildi væntri verðbólgu, fimm prósent raunvöxtum og áhættuálagi eins og fræðin segja til um. Þeir eru ekki mikið hærri en svo að þeir haldi í við verðbólguna. Þetta er auðvitað verðlagning til skemmri tíma og menn þurfa að líta til langs tíma en í öllu falli tel ég það vera óvíst að þessi kenning sé rétt.“

Íslensku viðskiptabankarnir hafa nýverið hafið að bjóða upp á óverðtryggð húsnæðislán samhliða verðtryggðum. Þá hefur Alþingi samþykkt að veita Íbúðalánsjóði heimild til hins sama. Helgi fagnar því að valkostir lántakenda séu nú fleiri. „Við erum að sjá viðskiptabankanna nú bjóða hvort tveggja, upp á verðtryggð og óverðtryggð lán eins og við í stjórnarmeirihlutanum höfum hvatt til. Óverðtryggð lán hafa áður verið í boði en oft á tíðum voru þeir eiginlega valkostur eingöngu að nafninu til, það er, þau voru verðlögð þannig að þau voru eiginlega ekki í boði. Núna virðist hins vegar komið fram raunverulegt val á milli valkosta og því ber að fagna,“ segir Helgi.

## Verðtryggingin er ekki vandamálið heldur verðbólgan

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á einnig sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Rétt eins og Helgi fagnar hann því að nefndin hafi sameinast um þessa bókun en segir enn talsverða vinnu fyrir höndum.

„Ég tel að við eigum að reyna að minnka vægi verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum. Það ætti að gera til þess að mæta mikilli óánægju með það hvernig þessu hefur verið háttað. Það sem gerist með minna vægi verðtryggingar er að virkni peningamálastefnunnar verður meiri. Þá er mjög sennilegt að hvati allra aðila verði meiri til þess að halda verðbólgu lágri og stöðugri,“ segir Tryggvi Þór og bætir við: „En það er líka alveg ljóst að það eru gallar við að draga úr vægi verðtryggingar. Ef það koma mjög snögg verðbólguskot þá hækka vextir hratt og það getur komið illa niður á heimilunum. Ég held að aðalatriðið í þessu öllu saman sem fólk verður að skilja sé að það er ekki verðtryggingin sem er vandamálið. Það er verðbólgan sem er vandamálið. Verðbólgan stafar af ójafnvægi í hagstjórninni og ef við náum tökum á hagstjórninni þá náum við tökum á hinum hlutunum líka. Þá mun enginn tala um verðtryggingu sem þann gríðarlega skaðvald sem menn tala um í dag.”



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**

Tryggi segist ekki vera þeirrar skoðunar að banna eigi verðtryggingu. Vilji einstaklingar taka verðtryggt lán eigi þeir að mega það. „Ég held að einfaldasta leiðin sé að boðið verði upp á óverðtryggð lán og fólk geti valið á milli lántegunda. Við sjáum að núna í bankakerfinu er verið að bjóða upp á óverðtryggð fasteignalán með föstum vöxtum til einhverra ára og síðan eru vextirnir endurskoðaðir samkvæmt ákvæði eftir tiltekinn tíma. Í 90 prósentum tilvika velja menn nú óverðtryggð lán og frá lokum árs 2008 hafa óverðtryggð neytenda- og húsnæðislánið farið úr því að vera 15 prósent lána í að 35 prósent skilst mér. Þannig að þessi þróun er að eiga sér stað og það hratt,” segir Tryggvi og heldur áfram: „Lántakendur verða nú að spyrja sig hvort það er hagstæðara að taka verðtryggt eða óverðtryggt lán. Og maður vonar að eftir því sem vægi verðtryggðra lána minnkar verði verðbólgan lægri og stöðugri þar sem hagsmunir fólks verða frekar í þá átt að halda verðbólgu lægri. En þessu tengt er margt sem þarf að gera að mínu viti. Það er lykilatriði að mótuð verði peningamálstefna hér til framtíðar og það þarf að setja einhvers konar agareglur á stjórnmálamennina svo það komi ekki aftur misræmi á milli peningamálastjórnarinnar og ríkisfjármálastjórnarinnar.”

Loks hugnast Tryggva illa tillögur sem settar hafa verið fram um að setja einhvers konar þak á verðtrygginguna eða þá að tengja lán við launavísitölu eða húsnæðisverðsvísitölu eins og lagt hefur verið. „Ég held að fólk verði að átta sig á því að þegar settar eru einhvers konar takmarkanir á lánveitingar sem eru augljóslega lántakandanum í hag, þá missir lánveitandinn áhugann á því að lána. Þá verður að hafa í huga að launavísitala hækkar yfirleitt hraðar en vísitala neysluverðs, þannig að lánin myndu hækka meira við slíka tengingu,” segir Tryggvi.



# Kíktu á okkur fyrir jólin




**Snyrtispegill BS-49**

Verð 4.990 kr.




**Hitapúði HK-25 30x40 cm**

Verð 4.500 kr.




**Nuddtæki MG-40 m/ 4 nuddhausum**

Verð 5.900 kr.




**Singer 4463 Heavy duty**

Verð 59.900 kr.




**Sennheiser heyrnartól HD-228**

Verð 8.900 kr.

**Sennheiser heyrnartól HD-428**

Verð 11.700 kr.




**Braun rakvél Z-50**

Frábær rakvél og snyrtir
Verð 14.900 kr.

www.baddydesign.com




**Tak ljósakróna**

Hvít eða svört
Verð 74.900 kr.




**Dicki 5 ljósa**

Verð 39.900 kr.

# Jólatilboð í Pfaff

## föstudag og laugardag

Jólin eru á næsta leiti og því ekki seinna vænna að huga að jólagjafainnkaupum. Hjá okkur færðu góðar gjafir á frábæru verði fyrir vini og vandamenn. Kíktu til okkar og gerðu góð kaup!

**Frábær tilboð í gangi!**

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is • facebook.com/pfaff.is

## Vetrarveður á fullveldisdaginn



**Á AUSTURVELLI** Óslóartréð lýsir upp Austurvöll fram yfir jólin þótt fáir hafi verið á ferli til að njóta birtunnar í gærmorgun.

# Bjartara yfir höfuðborginni

Snjó kyngdi niður á höfuðborgarsvæðinu á fullveldisdaginn 1. desember. Fátt fólk var á ferli þegar *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari fór um miðborgina fyrir hádegið og afar friðsælt og jólalegt var um að litast.



**ÞURFTI EKKI AÐ SKAFA** Snjórinn var laus í sér svo fljótlegra var að nota hendur en sköfur til að ná honum af bílum.



**LÆKJARTORG** Borgarstarfsmenn hafa yfirleitt í nógu að snúast, og ekki síður þegar snjóar.



**BÍÐA VORSINS** Borðin sem eru þéttsetin á sumardögum söfnuðu bara snjó í gær.



**HÓLAVALLAKIRKJUGARÐUR** Forseti Íslands, rektor Háskólans og stúdentar minntust fullveldisins og lögðu blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar.



**ÞRENGIR AÐ FUGLUNUM** Fuglarnir á Tjörninni hafa talsvert minna rými í kuldanum en annars.


NÍSTANDI SPENNUSÖGUR Á SJÓÐHEITU TILBOÐI
tilboð gildir til 7. des.
JAN WALLENTIN
STJARNA STRINDBERGS
4.550
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
3.990
Ragnheiður Gestsdóttir
Gegnum glervegginn
3.190
MICHAEL RIDPATH
Hefndarþorsti
4.550
HÁLENDIÐ
STEINAR BRAGI
4.790
ARNALDUR INDRIÐASON
EINVÍGIÐ
3.990
234
JOHN VERDON
567
HUGSAÐU ÞÉR TÖLU
4.550
JO NESBØ
HAUSAVEIÐARARNIR
3.390
KEPLER
PAGANINI SAMNINGURINN
4.550
KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
RIÓLÍT REGLAN
3.190
LYGARINN
ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ
3.899
STEFÁN MÁNI
FEIGÐ
4.790
BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18
Opið til 22.00 öll kvöld. Sími 580-5000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flókið svar

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði fram skriflega fyrirspurn á Alþingi til efnahags- og viðskiptaráðherra 4. október. Hún vill fá að vita hvort fjármögnunarfyrirtæki séu í raun réttmætir eigendur bíla sem fólk þarf að gera skil í skattframtölum. Eygló spyr einnig hvaða úrræði stjórnsýslan hafi til að bregðast við ef um brot sé að ræða. Líklega bíða margir spenntir eftir svari ráðherra en þeir þurfa að bíða nokkra hríð enn, því tilkynnt hefur verið að svar frestist á ný og berist ekki fyrr en 5. desember.



### Mikilvæg spurning

Fyrirspurn Eyglóar er dæmi um hve mikilvægu hlutverki óbreyttir þingmenn stjórnarandstöðunnar geta gegnt. Málið varðar tugþúsundir fólks og getur gjörbreytt fjárhagsstöðu þess til muna. Samkvæmt þingsköpum skal skriflegum fyrirspurnum svarað eigi síðar en 15 dögum eftir að þær hafa verið samþykktar. Svo flókið mál getur þurft lengri tíma til úrvinnslu en sé svarið afgerandi er vel þess virði að bíða.



### Viðkvæm lund stjórnarandstöðu

Stjórnarandstæðingar keppast nú hver um annan þveran við að jesúsa sig yfir stöðu Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og þýfga hvern ráðherrann á fætur öðrum um yfirlýsingar og tala í vandlætingartón um stöðuna. Merkilegt hefur verið að fylgjast með þessum ummælum en varla getur það skipt stjórnarandstæðinga höfuðmáli hvort þessi eða hinn stjórnarliðinn situr í ráðherrastóli, eða hvað?

kolbeinn@frettabladid.is

Hver er munurinn á óðum byssumanni og ökuníðingi undir áhrifum fíkniefna?

# Byssa eða bíll?

Skotárás vegna uppgjörs í undirheimum Reykjavíkur hefur réttilega vakið mikla athygli og ekki síður gríðarlegt vopnabúr sem lögreglan fann hjá meðlimum glæpaklíku sem talin er viðriðin árásina. Klíkubræður hafa verið settir í gæzluvarðhald vegna rannsóknar málsins. Enginn dó reyndar eða slasaðist í árásinni; byssumaðurinn hitti ekki. Flestir vona samt sjálfsagt að skotmaðurinn fái þungan dóm fyrir tilraun til manndráps.

Í fyrrakvöld hafði annar maður uppi tilburði til að drepa fólk. Sá var bæði undir áhrifum áfengis og fíkniefna og ók úr Borgarnesi í átt til höfuðborgarinnar á allt að 150 kílómetra hraða áður en lögreglan náði að stöðva hann í Hvalfjarðargöngunum með því að sprengja eitt dekkið á bílnum. Enginn dó eða slasaðist, en það er ekki ökumanninum að þakka.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Reynslan segir okkur að bæði réttargæzlukerfið og almenningsálitið muni líkast til taka með ólíkum hætti á brjálæðingnum með byssuna og brjálæðingnum á bílnum. Samt er ekki auðvelt að færa rök fyrir því að byssumaðurinn sé meiri ógn við líf og heilsu almennings en ökumaðurinn. Ef eitthvað er sýna atvinnuglæpamenn oft þá tillitssemi að reyna frekar að drepa aðra glæpamenn en saklausa borgara. Hver sem er getur hins vegar týnt lífinu eða örkumlazt fyrir lífstíð af því að hann lendir fyrir tilviljun í vegi útúrdópaðs ökuníðings.

Það er eitthvað einkennilegt við mismunandi viðbrögð við manndrápstilburðum með hnefum eða vopnum og með ökutækjum. Sá sem gengur um miðbæinn, sveiflar öxi eða hafnaboltakylfu í kringum sig og hótar að drepa fólk er tekinn úr umferð; settur í varðhald eða vistaður á viðeigandi stofnun. Hins vegar lesum við býsna oft fréttir um að einn og sami maður hafi verið tekinn ofurölvi undir stýri í tvígang sömu helgina, jafnvel sama kvöldið. Sá er oft með í höndunum eins til tveggja tonna morðvopn sem getur náð 200 kílómetra hraða.

Jafnvel þegar menn verða valdir að dauða fólks og örkumlum, ölvaðir eða dópaðir undir stýri, er algengur dómur ökuleyfissvipting í fáein ár og skilorðsbundið fangelsi í nokkrar vikur eða mánuði. Menn sem eru alvarleg ógn við öryggi samborgaranna eru ekki teknir úr umferð.

Reyndar er vert að nefna að ekki eru allir ökuníðingar fullir eða undir áhrifum fíkniefna. Heilinn í þeim virkar samt eins og þeir hafi tekið eitthvað inn. Ekki sízt hjá einhverjum hópi ungra karlmanna er ofsaakstur nánast viðurkennd hegðun og þykir einhvers konar manndómsvígsla að vera tekinn af löggunni fyrir að stefna lífi og limum náungans í hættu.

Í Fréttablaðinu í dag er haft eftir lögreglumönnum að akstur undir áhrifum fíkniefna færist í vöxt og sé að verða algengari en ölvunarakstur. Raunar er lítill munur á þessu tvennu, en þróunin er áhyggjuefni, rétt eins og vaxandi ofbeldi í undirheimunum. Löggjafinn og dómstólar ættu að bregðast við henni með því að sjá til þess að brjálæðingarnir á bílunum fái þunga dóma, ekki síður en brjálæðingarnir með byssurnar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871


## HALLDÓR





## Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun er vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og kaffi.



Allt sem þú þarft


# Samtal um trú og samfélag


Trúmál



Árni Svanur Daníelsson

prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir

prestur


Spurningin um tilvist Guðs eða tilvist hins illa er ekki knýjandi í trúmálaumræðu dagsins. Trúarspurningar samtímans snúast fremur um sýn okkar á hið góða samfélag og um hlutverk og rými hins trúarlega innan þess. Um þetta fjallar samtalið um kirkju og skóla í höfuðborginni.

Deilur um ákvörðun mannréttindaráðs Reykjavíkur endurspegla ágreining um sýnina á hið góða samfélag. Ekki er deilt um trúarbragðafræðslu. Námskrá grunnskóla er skýr og henni er fylgt eftir efnum og aðstæðum á hverjum stað. Deilurnar standa um þann félagslega umbúnað sem trú og trúariðkun nemenda er sniðið af skóla og menntayfirvöldum.

Aðgerðir borgarinnar beinast að því starfi trúfélaga með börnum og unglingum sem getur flokkast sem boðun og skarast við tíma og rými skólans. Hér má nefna fermingarstarf sem krefst sveigjanleika frá hefðbundnu skólastarfi og tilboð um kirkjustarf í skipulögðum frístundum skólabarna.

Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar byggir á þeirri sýn að trúin sé eitt af því mikilvæga í lífi manneskjunnar og þar með í samfélaginu. Gagnrýna má borgaryfirvöld fyrir að taka trúna út fyrir rammann og setja önnur viðmið fyrir tengsl trúfélaga og skóla en íþróttahreyfinga, skáta og tónlistarskóla.

> Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar byggir á þeirri sýn að trúin sé eitt af því mikilvæga í lífi manneskjunnar og þar með í samfélaginu.

Þjóðkirkjan er stærsta trúfélagið í Reykjavík og á landinu öllu. Að mörgu leyti hefur kirkjan gengið hreint til verks. Hún hefur markað sér stefnu um aðgreiningu fræðslu sem er á ábyrgð skólans og boðunar sem kirkjan sinnir. Forsvarsmenn sókna og hverfisskóla hafa einnig nálgast málið af ábyrgð og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og fundið leiðir til að umgangast hið trúarlega sem hluta af fjölbreytileika samfélagsins.

Samtalið um hið góða samfélag og hlutverk trúarinnar heldur áfram í kirkju, skóla og borg. Áskorunin er að draga úr tortryggni og efla traust. Aðferðin er samtal og hlustun með visku og skilningi.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Alveg klikk

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Það er ekki annað hægt en að vera hugsi yfir þeirri niðurstöðu tveggja norskra sálfræðinga um að Anders Breivik sé ekki fær um að svara til saka fyrir gjörðir sínar. Kannski ætti að varast að þykjast vitrari en þeir sem vit eiga að hafa. Kannski ætti líka að sýna því virðingu þegar menn virðast vinna vinnu sína í takt við lög og fræði en ekki almenningsálit. En það breytir því ekki að niðurstaðan og afleiðingar hennar hljóta að vekja okkur til umhugsunar.

Það er auðvitað ákveðin niðurstaða ef mannhatursbugmyndir eins og þær sem Anders Breivik aðhyllist séu dæmi um geðveiki. Það gæti jafnvel þótt sumum ákveðinn léttir. Víst er að fáir sem láti sig stjórnmál varða kæri sig um að deila hillu með manni eins og Breivik. En er maðurinn geðveikur?

Auðvitað er sá sem fremur svona ódæði ekki normal. Normal manneskja skrifar ekki heilan kafla í bók um það hvort eldvarpa eða vélbyssa séu betri þegar drepa skal börn í útilegum.

Hvað þá að normal manneskja myndi gera nokkuð slíkt. En erum við ekki þannig komin með fullyrðingu sem sannar sjálfa sig? Að ef ódæðisverkið er nægilega grimmilegt þá er ódæðismaðurinn klárlega ekki fær um að svara til saka fyrir það? Morð hætta að vera glæpur og fara að verða sjúkdómseinkenni. Þetta virkar náttúrlega dálítið eins og þvæla.

Það er auðvitað ekki þar með sagt að Anders Breivik hefði ekki í sinni vonandi ævilöngu fangelsisdvöl átt að fá að taka geðlyf eða hitta sálfræðinga og ræða við þá um það hvernig honum og pabba hans hefði komið saman á æskuárum. Mér er nokkuð sama hvar og við hvaða aðstæður hann muni dvelja og hvaða sérfræðiaðstoð hann fær. En eigi að uppfylla einhverja réttlætisþörf, þá er nokkuð erfitt að kyngja því að Anders Breivik hafi ekki vitað hvað hann væri að gera, sé ekki fær um að svara til saka og beri þar með ekki ábyrgð á gjörðum sínum. Engu af því þrennu er auðvelt að trúa.

## Nývondhyggja

Ég hef lesið það sem morðinginn sendi frá sér. Það er ekki huggulleg lesning: síður af framreikningum íbúaþróunar í Evrópu, flokkun evrópskra stjórnmálamanna í ólíkar gerðir svikara, tillögur að skotmörkum og framkvæmd morða, og loks ítarlegur kafli um hvernig eigi að velja sér réttan lögmann, og haga sér í réttarhöldunum að ódæðunum loknum. Svo varla verður sagt annað en að ásetningurinn hafi verið skýr, og afleiðingarnar morðingjanum ljósar.

Til að láta sér líða betur má kalla slíka stefnuskrá samhengislaust bull. En hún er það því miður ekki heldur samansafn af því versta úr versta afturhaldsíhaldshægrinu, á köflum skrifuð í einhverskonar hálfgildings vísindastíl með fjölda tilvitnana, fótnóta og sögulegra staðreynda. Innan um þetta má svo finna gnótt skoðana sem eru óþægilega kunnuglegar úr meginstraumi ákveðins vængs stjórnmála: nefnilega sjúklega ESB andstöðu, áherslu á kristin gildi, dálæti á hefðum, her og aga og andstöðu við innflytjendur og fleira. Fjölmargir flokkar sem aðhyllast slíka hugmyndafræði hafa verið stofnaðir á Norðurlöndum undanfarna áratugi og reynt hefur verið að stofna slíka flokka hérlendis, en þeir þó ekki náð fótfestu hér, enn sem komið er.

> Þá er nokkuð erfitt að kyngja því að Anders Breivik hafi ekki vitað hvað hann væri að gera...

## Sjúkir af hatri?

Það er ekki lengra en ein mannsævi síðan ekki ósvipuð hugmyndafræði fékk heilar þjóðir til sannfærast um að leiðin til eigin velferðar lægi um mennsk sláturhús. Og þeir stjórnmálamenn sem það boðuðu komust til valda með atkvæðum venjulegs fólks og oft stuðningi annarra, oft jafnvel „venjulegra“ stjórnmálamanna. Það ætti að vara okkur við: Inni í okkur öllum búa rottur sem munu koma fram ef við förum ekki reglulega út með ruslið.

Ég treysti Norðmönnum til að leysa úr þessum málum innan ramma síns dómskerfis og kannski er eitthvað sem sálfræðingarnir tveir vita sem við vitum ekki sem styrkir ályktanir þeirra frekar. En tvennu þarf að halda til haga. Sjúklegt hatur á innflytjendum er eitt og sér ekki geðsjúkdómur heldur vond og mannfjandsamleg hugmyndafræði. Og það að menn drepi í nafni vondrar hugmyndafræði á ekki að teljast til málsbóta.

AF NETINU

### Klikkaða hagfræðin



Klikkið í þjóðfélaginu er svo lífseigt, að hagfræðingar tala enn um, að auka þurfi sukk til að ná upp hagvexti. Fólk þurfi að slá pening og eyða meira og spenna. Þetta segja þeir í alvöru, enda er þensla og bólga vinsælt markmið hér. Flestir klappa fyrir hagvexti, þótt hann mæli bara aukið sukk, en ekki aukinn auð. Með hagfræðilegum hugtökum af þessu tagi er ekki hægt að búast við, að okkur farnist vel. Sérhver hagsýn húsmóðir getur sagt fræðingunum, að menn þurfi fyrst að eiga aur, áður en honum er eytt. Galið fjármálakerfi heimsins byggist á að afneita náttúrulegu gildismati hagsýnna húsmæðra.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

### Þingmaður kjördæmisins



Nú er Alþingi komið á lokasprettinn með gerð fjárlaga næsta árs. Síðasta umræða fjárlagafrumvarpsins verður næsta þriðjudag og eftir það munu fjárlög næsta árs verða ráðin. Fjárlaganefnd Alþingis er sú nefnd sem hefur með fjárlagavinnuna að gera eftir að frumvarp hefur verið lagt fram. Nefndin fær fjölda gesta og umsagna til sín vegna einstakra liða frumvarpsins og leitar víða fanga við að gera það sem best úr garði.

Nefndarmenn verða síðan fyrir talsverðum þrýstingi utan úr samfélaginu samhliða vinnu sinni vegna ýmissa mála og frá þeim sem telja að betur megi gera í málum þeim tengdum. Sumt af því ber árangur – annað ekki eins og gengur.

blogg.smugan.is/bvg

Björn Valur Gíslason






BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 74.950

# 49.950

90 X 140 SM.

BORÐ + 4 STÓLAR

SPARIÐ 25.000

**ROYAL línan**
Falleg borðstofuhúsgögn úr gegnheilli eik.
Frábær hönnun á góðu verði!
Borð stærð: B90 x L140 sm. **39.950**
Borð stærð: B90 x L180 sm. **49.950**
Stækkunarplata stærð: B90 x L45 sm. **8.995**
Stóll **9.995**
Skenkur stærð: B140 x H86 x D45 sm. **49.950**
Borð B90 x L140 sm. og 4 stólar **74.950** nú **49.950**



1 STK. ÁÐUR 19.950 NÚ 2 STK.

# 19.950

**PHOENIX stóll**
Flottur stóll, nú færðu 2 fyrir 1!

2 FYRIR 1



FULLT VERÐ: 9.995

# 6.995

**GOA stóll**
Flottur stóll með brúnu PU áklæði.

30% AFSLÁTTUR



BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 39.930

# 19.950

BORÐ + 4 STÓLAR

50% AFSLÁTTUR

**YORK borð og 4 stólar**
Einstaklega stílhreint borð með MDF borðplötu og stólar með krómfótum.
Fæst í hvítu og svörtu. Stærð á borði: B76 x L120 sm.



BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 77.930

# 49.950

BORÐ + 4 STÓLAR

SPARIÐ 27.980

**LIVA borð + 4 MINA stólar**
Flott borðstofusett úr gegnheilli eik.
Borð: B90 x L160 sm.
**49.950** Stóll **6.995**
Borð + 4 stólar fullt verð: **77.930** nú:
**49.950**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



270 SM. VERÐ FRÁ: **595**

**Grenilengjur**
Fallegar grenilengjur. Lengd: 270 sm.
Græn PROMO **595**
Græn PINE **995**
Hvít **1.695**

FRÁBÆRT VERÐ!




INNISERÍUR VERÐ FRÁ: **285** 10 LJÓSA

ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ: **1.149** 40 LJÓSA

**Jólaseríur**
Mikið úrval af inni- og útiseríum. Seríurnar fást í mörgum mismunandi stærðum og litum.
Inniseríur: 10 ljósa **285** 20 ljósa **499** 35 ljósa **695** 50 ljósa **995** 100 ljósa **1.495**
Útiseríur: 40 ljósa **1.149** 100 ljósa **2.995** 200 ljósa **4.995**
Aukaperur 5 stk. á spjaldi **99**

100 LJÓSA VERÐ FRÁ: **2.995**



MIKIÐ ÚRVAL AF LED LJÓSUM!

**LED seríur**
Fallegar LED seríur á frábæru verði! Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar.

# ALLT FYRIR JÓLIN!

TILBOÐIN GILDA 02.12 - 04.12

LED RAFHLÖÐU-SERÍUR **695**



**LED rafhlöðuseríur**
Mikið úrval af flottum LED rafhlöðuseríum á frábæru verði! Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur!





SPARIÐ 3.000

FULLT VERÐ: 5.995 **2.995**

**Hús með ljósi og fígúrum sem hreyfast**
Falleg jólahús með skemmtilegum ljósum og fígúrum sem hreyfast. Nokkrar gerðir fáanlegar. Nú á frábæru verði!

JÓLALJÓS F. RAFHLÖÐUR **795**



**Jólaljós með sogskálum**
Nokkrar mismunandi gerðir fáanlegar. Gengur fyrir rafhlöðum. Flott í bílinn!

FULLT VERÐ: 2.495 **1.995**



**Jólakúla með 10 ljósum**
Flott antík jólakúla sem gefur milda og góða birtu. Er með 10 ljósum. Stærð: Ø41 sm.

20% AFSLÁTTUR



4 STK. JÓLANISSAR **995**

**Jólanissar úr pappír**
4 stk. saman í pakka. Hæð: U.þ.b. 30 sm. 2 mismunandi pakkningar.

40% AFSLÁTTUR




JÓLA-FÖNDUR FRÁ: **119** KREPPAPPÍR



**Jólaföndur**
Mikið úrval af skemmtilegu jólaföndri og jólaföndurspakkningum! Filt, kreppappír, pípuhreinsarar o.m.fl. á frábæru tilboði!

12 STK. ÁÐUR: 1.295 **995** HÆÐ: 24 SM.




**STEARIN kerti 12 stk.**
Góð STEARIN kerti, 12 stk. í pakka. Hæð: 24 sm. Litur: Hvítt.

23% AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Er þörf á stjórnarskrárákvæði um stöðu þjóðaréttar?

Ný stjórnarskrá



Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ

Líklega trúa margir Íslendingar því að þeir geti byggt rétt beint á þeim reglum þjóðaréttar sem binda íslenska ríkið, t.d. alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Svo er hins vegar strangt til tekið ekki. Til þess að maður geti byggt rétt á reglu þjóðaréttar verður reglan að hafa verið innleidd, t.d. með lögfestingu. Reglur sem binda íslenska ríkið í samfélagi þjóðanna binda það þannig ekki endilega fyrir íslenskum dómstólum! Í þessu efni, einkum á sviði mannréttinda, hefur þó orðið mikil gerjun síðustu áratugi, bæði fyrir tilverknað dómaframkvæmdar sem og laga- og stjórnarskrárbreytinga. Í dag er því e.t.v. villandi að fullyrða að ekki verði byggt á alþjóðlegum mannréttindum fyrir íslenskum dómstólum án tillits til lögfestingar. Hver nákvæm staða þessara reglna er að íslenskum rétti er hins vegar ekki fyllilega ljóst.

Á vettvangi stjórnlaganefndar, sem ætlað var að leggja fram hugmyndir að nýrri stjórnarskrá, kom fram það sjónarmið að fullt tilefni væri til að taka af tvímæli um stöðu þjóðaréttar að íslenskum rétti, þ.á m. alþjóðlegra mannréttinda. Var þá litið til þess að styrking stöðu þjóðaréttar félli vel að almennri afstöðu Íslendinga til mikilvægis alþjóðasamstarfs og aðstæðum Íslands sem smáríkis sem reiðir sig á þjóðarétt. Í samræmi við þetta var sett fram hugmynd um stjórnarskrárákvæði þess efnis að þær reglur sem binda íslenska ríkið að þjóðarétti teljist sjálfkrafa hluti landsréttar og gangi framar almennum lögum. Í hugmyndinni var þó einnig gert ráð fyrir því að löggjafinn gæti ákveðið að undanskilja þjóðaréttarsamninga þessum áhrifum til að bregðast við ýmsum aðstæðum í alþjóðlegum samskiptum.

Í tillögum stjórnlagaráðs er ekki að finna almennt ákvæði um stöðu þjóðaréttar. Í 2. mgr. 122. gr. tillagnanna segir hins vegar að Alþingi sé heimilt að lögfesta „alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og gangi þeir þá framar almennum lögum.“ Í skýringum stjórnlagaráðs kemur fram að ráðið hafi „eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðinga“ ekki viljað fara að þeirri hugmynd stjórnlaganefndar, sem áður er lýst, þar sem með slíku ákvæði væri verið að „framselja ekki eingöngu löggjafarvald heldur stjórnarskrárvald“.

Þessi rökstuðningur ráðsins er torskilinn. Spurningin um hvort íslenska ríkið eigi að gerast aðili að þjóðaréttarsamningum sem hafa í sér fólgið framsal löggjafar-, framkvæmdar- eða dómsvalds er eitt. Það er svo önnur spurning hvaða stöðu að landsrétti þessar reglur (sem ríkið hefur skuldbundið sig til að virða) eiga að hafa. Það er ekkert framsal lagasetningar- eða stjórnarskrárvalds til erlendra aðila fólgið í því að íslenskur stjórnarskrárgjafi ákveði að þessar reglur eigi að hafa sjálfkrafa gildi og forgang gagnvart almennum lögum. Það er alfarið íslensk ákvörðun sem er á forræði íslenskra aðila. Sjálfkrafa gildi og forgangur þjóðaréttar þýðir auðvitað fráleitt að Íslendingar muni fá reglur, sem gilda að landsrétti, sendar í pósti frá útlöndum án þess að hafa nokkuð um það að segja.

Sú spurning vaknar óneitanlega hvað stjórnlagaráð telur unnið með því að forgangur þjóðaréttarreglna sé tryggður með ákvæðum í almennum lögum í stað reglu í stjórnarskrá, en sú leið hefur í för með sér ýmsar lagatæknilegar flækjur sem ekki verða ræddar hér. Þá hefur tillaga stjórnlagaráðs í för með sér réttaróvissu með því að umdeilanlegt er hvaða þjóðaréttarsamningar ber að skilgreina sem „alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga“. Eftir stendur hin réttarpólitíska spurning hvers vegna gildi og forgangur er einskorðaður við þessi réttarsvið og önnur undanskilin, t.d. efnahagsleg réttindi.

Þrátt fyrir framangreinda vankanta markar tillaga stjórnlagaráðs að mínu mati tímamót. Í fyrsta sinn í íslenskri stjórnskipunarsögu er hreyft við sjálfvirku gildi og forgangi þjóðaréttarreglna að landsrétti. Útfærsla tillögunnar og grundvöllur þarfnast hins vegar frekari umræðu og endurskoðunar.





**Sölustaðir utan Vestfjarða:**

Fjarðarkaup Hafnarfirði.

Verslunin Rangá, Skipasundi 56

Bókakaffi, Austurvegi 22, Selfossi

Rögnvaldur Bjarnason, Leturprenti, Dugguvogi 12, sími 862-3223

Birgir Þórisson, Þverbrekku2, Kópavogi símar: 551-2693 / 615-2263

**Kynningarverð 9.000 kr**


# Dómari í eigin sök

Gjaldmiðlar



Heiðar Már Guðjónsson
Hagfræðingur

Það þykir ekki trúverðugt þegar menn ætla að dæma eigin verk. Ekki er það heldur talið trúverðugt þegar ætlunin er að meta kosti sem myndu fela í sér að embætti viðkomandi yrði lagt niður fyrir fullt og allt. Þetta stöðvar samt ekki Seðlabanka Íslands í umfjöllun sinni um upptöku alþjóðlegrar myntar.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar á mánudag sátu Seðlabankastjóri, aðstoðarbankastjóri og aðstoðaraðalhagfræðingur fyrir svörum. Þar bar ýmislegt á góma. Það sem þó vakti athygli er að Seðlabankinn vill að menn bíði með umræðu um kosti um gjaldmiðlamál þangað til bankinn er búinn að semja skýrslu um eigin afglöp og hvaða kosti hann telji að séu til staðar. Áætlaður útgáfutími er eftir hálft ár. Á Íslandi hafa ráðstöfunartekjur heimilanna hrunið um meira en fjórðung, á sama tíma og skuldir heimilanna hafa hækkað gríðarlega. Í ofanálag eru Íslendingar með hærri verðbólgu og mun hærri vexti en nokkurt annað land sem glímir við efnahagserfiðleika. Almenningur á Íslandi varð fyrir gríðarlegum búsifjum út af hruni peningastefnu Seðlabanka Íslands. Það kom mun verr við almenning en hrun bankakerfisins sem að mestu lenti á erlendum kröfuhöfum.

En nú, sem fyrr, ætlar Seðlabanki Íslands að ákveða hvenær framtíð peningamála sé rædd og líka um hvaða kosti sé rætt. Á að kyngja slíkum málflutningi?

Eina landið vestan Íslands sem ekki hefur lent í bankakrísu síðustu öld er Panama. Þeir tóku upp einhliða dollar árið 1904. Á fyrrgreindum fundi hjá Alþingi opinberaði Seðlabankastjóri vankunnáttu sína um einhliða upptöku annarrar myntar og sagði Panama hafa baksamning við bandaríska seðlabankann. Í Panama verða bankar að standa á eigin fótum. Þeir starfa ekki með ríkisábyrgð og þeir fá ekki fyrirgreiðslu, nema hver hjá öðrum, ef í harðbakkann slær. Panama hefur séð banka fara á hausinn án þess að það valdi miklum glundroða og bankarnir hafa mun hærri varaforða og eigið fé en bankar almennt því þeir geta ekki reitt sig á að ríkið komi þeim til bjargar. Þeir geta, með öðrum orðum, ekki sent reikning fyrir tapi sínu á skattgreiðendur.

> Ef Ísland tekur upp einhliða kanadískan dollar þá er engin þörf lengur fyrir Seðlabanka Íslands.

Í grein Þorbjörns Þórðarsonar, fréttamanns, „Íslenski hrokinn“, var sagt að Seðlabanki Íslands hefði beðið hann um að slá af þá umræðu sem hafði byrjað um upptöku kanadísks dollars, með því að hafa samband við kanadíska embættismenn, sem hann og gerði. Niðurstaða fréttamannsins var sú að ekki væri hægt að slá af umræðuna því fótur væri fyrir henni. Hann spyr í greininni hvað fái seðlabanka til að reyna að grípa inn í almenna umræðu með þessum hætti.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans var á fundi í Háskóla Íslands, í byrjun vikunnar, og sagði þá að kanadískir embættismenn hefðu staðfest við bankann að þeir hefðu ekkert á móti því að Ísland myndi nota mynt þeirra.

Ef Ísland tekur upp einhliða kanadískan dollar þá er engin þörf lengur fyrir Seðlabanka Íslands. Er Seðlabankastjóri hæfur til að fjalla á faglegan hátt um slíkan kost? Til Íslands hafa komið helstu sérfræðingar heims um upptöku annarrar myntar. Þeir hafa allir verið sammála um að Ísland geti með einföldum hætti tekið upp alþjóðlega mynt, og slíkt tæki ekki hálft ár einsog skýrsla Seðlabankans, heldur nokkrar vikur.

Er ekki mál að ríkisstjórnin, sem ber ábyrgð á peningamálum þjóðarinnar, kanni það hjá kanadískum stjórnvöldum hvaða möguleikar séu á gjaldmiðlasamstarfi? Eða á að láta höfunda hinnar gjaldþrota peningastefnu landsins sjá um það?

# Lífeyriskerfi á traustum grunni!

Lífeyrissjóðir



Hrafn Magnússon
Fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Ég sé að góð vinkona mín Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona, hefur töluverðar áhyggjur af okkar ágæta lífeyriskerfi, samanber grein hennar í Fréttablaðinu s.l. miðvikudag. Sigríður Ingibjörg spyr tveggja spurninga. Í fyrsta lagi hvort raunsætt sé að byggja lífeyriskerfi okkar á ávöxtun upp á 3,5% og í öðru lagi hvaða áhrif þetta vaxtaviðmið hafi á fjármálamarkað og vaxtastig í landinu. Í framhaldinu reynir Sigríður Ingibjörg að svara þessum spurningum en þar þykir mér gæta ákveðins misskilnings sem sjálfsagt er að leiðrétta hér.

Í fyrsta lagi er rétt að fram komi að vaxtaviðmið lífeyrissjóðanna varðandi tryggingafræðilega stöðu þeirra miðast við 3,5% raunávöxtun að meðaltali til lengri tíma litið. Hér er um að ræða vaxtaviðmið en ekki ávöxtunarkröfu. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu hefur raunávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna síðustu tuttugu árin oft á tíðum verið langt yfir 3,5%. Á árunum 1991 til og með 2010 hefur raunávöxtun sjóðanna verð jákvæð í sextán ár, en einungis neikvæð í fjögur ár. Lífeyrissjóðirnir hafa náð yfir 3,5% raunávöxtun á fjórtán árum þessa tímabils en aðeins í sex ár verið undir þessu vaxtaviðmiði.

Íslenskt þjóðfélag er nú í ákveðnum sýndarveruleika vegna gjaldeyrishaftanna og vegna þess hvernig hleðst hér upp fjármagn hjá lífeyrissjóðunum sem ekki er hægt að koma út með neinum skaplegum hætti. Á meðan slíkt ástand varir er vöxtunum því miður handstýrt niður á við, sem best sést á neikvæðri ávöxtun sparifjár landsmanna hjá bönkunum. Það ástand sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum frá hruni haustið 2008 má hins vegar alls ekki vera sá mælikvarði sem við ætlum að byggja á í framtíðinni. Í þessu sambandi má geta þess að árlegur hagvöxtur hér á Íslandi var um 3,8% að meðaltali á árunum 1945 til 2010. Ef við náum hins vegar ekki 3,5% raunávöxtun til langs tíma er tvennt í boði fyrir lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði; að hækka iðgjöld eða lækka lífeyrinn. Lífeyrissjóðirnir hafa slík ráð árlega til að fínstilla þessa þætti. Þess vegna er engin ástæða til að fara á taugum þótt raunávöxtun lífeyrissjóðanna nái ekki um þessar mundir 3,5% vaxtaviðmiðinu.

> Íslenskt þjóðfélag er nú í ákveðnum sýndarveruleika vegna gjaldeyrishaftanna.

Í öðru lagi er rétt að leiðrétta í eitt skipti fyrir öll þá staðhæfingu, sem m.a. örlar á í grein Sigríðar Ingibjargar, að 3,5% vaxtaviðmið sé í reynd eins konar vaxtagólf sem lífeyrissjóðirnir geti ekki farið undir. Slíkt er fjarri sanni og stenst engin efnisleg rök. Lífeyrissjóðirnir verða auðvitað að sætta sig við þá raunvexti sem eru á verðbréfamörkuðum á hverjum tíma og þurfa því stundum að kaupa skuldabréf á lægri raunvöxtum en 3,5%, ef svo býður við að horfa. Við því er ekkert að segja svo framarlega sem vöxtunum er ekki handstýrt niður á við með gjaldeyrishöftum og fábreyttum fjárfestingarkostum hér innanlands. Við skulum hins vegar vona að okkur takist a.m.k. að komast út úr þessum gjaldeyrishöftum á allra næstu misserum enda eru fyrirhuguð útboð Seðlabankans að losun haftanna mjög jákvætt skref í þá átt.

Þrátt fyrir allt tel ég grein Sigríðar Ingibjargar ágætis innlegg í sjálfu sér og spurningar hennar eðlilegar í ljósi umræðu og atburða síðustu vikna og mánaða þótt, líkt og framan greinir, gæti þar nokkurs misskilnings. Ég verð þó að segja eins og er að ég hef mun meiri áhyggjur af fyrirhugaðri skattlagningu lífeyrissjóðanna, sem stenst enga skoðun þegar vel er að gáð, enda í hróplegu ósamræmi við meginhlutverk sjóðanna að standa við lífeyrisloforð sín. Um er að ræða stjórnarfrumvarp sem lagt var fram á Alþingi nú í vikunni um að skattleggja heildareignir lífeyrissjóðanna með sérstökum tímabundnum eignaskatti að fjárhæð samtals 2,8 milljarðar króna á árunum 2011 og 2012. Því verður vart trúað að Sigríður Ingibjörg formaður fjárlaganefndar Alþingis styðji slík áform.

AF NETINU

## Flótti auðmagnsins

Sé það rétt að auðmenn séu að flýja úr landi vegna auðlegðarskatts þá er það enn eitt dæmið um hvað peningar eru óþjóðhollir. Þeir láta sér þjóðerni engu varða, eigendur þeirra flytja þá þar sem minnst er tekið af þeim, hvort sem er í góðæri eða hallæri. Þannig var fé flutt úr landi í stórum stíl á árunum upp úr 2000, þá var það til dæmis sett á reikninga í Lúxemborg eða aflandsfélög. Og nú þegar kreppir að og þarf að standa undir þungum skuldum, þegar er atvinnuleysi og almenn kjaraskerðing, þá fer það líka. Þetta sýnir hversu erfitt er að taka á misskiptingu auðsins í fjármálakerfinu sem við lifum í – óbreyttir launþegar sitja nefnilega eftir. Þeir geta ekki farið í æfingar af þessu tagi – og það eru þeir sem sitja eftir með byrðarnar. Til dæmis má spyrja í þessu sambandi hvort auðmennirnir sem flytja peninga sína burt ætli að halda áfram að nota íslenskt menntakerfi, íslenskt heilbrigðiskerfi og íslenskt menntakerfi. Er það ekki frekar líklegt?

blog.eyjan.is/silfuregils

Egill Ehgason

„Mikilvægasta verkefni velferðarþjónustunnar og leiðarljós við forgangsröðun í núverandi aðstæðum er að vernda hag og stöðu barna og fjölskyldna þeirra, sem og þeirra sem lakast standa í samfélaginu.“

*Úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar*

# ÆTLA STJÓRNVÖLD AÐ SVÍKJA GEFIN LOFORÐ?

**Fjórða árið í röð hyggst ríkisstjórn Íslands skerða lífskjör öryrkja.**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar tengdri kjarasamningum frá 5. maí 2011 segir að stjórnvöld muni endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA.

Samkvæmt samningunum hækka lægstu laun um 6,5%. Engu að síður er einungis gert ráð fyrir 3,5% hækkun bóta almannatrygginga í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi.

Við lítum á áform ríkisstjórnarinnar sem svik við þá sem verst eru settir og krefjumst þess að þegar í stað verði horfið frá þeim.

**Hækkun bóta almannatrygginga er ekki í samræmi við lög um almannatryggingar og kjarasamninga.**

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

*Við stöndum fyrir réttlæti - Ekkert um okkur án okkar*

# Verndun mannréttinda í boði borgarráðs

Trúmál
Svanur Sigurbjörnsson
læknir



Fimmtud. 17. nóvember sl. skrifaði Björn Erlingsson haflífeðlisfræðingur grein í Fbl. sem hann kallaði „Réttrúnaður í boði borgarráðs“. Björn barmar sér yfir því sem honum finnst ógna þeim forréttindum sem ýmsir kristnir söfnuðir hafa komið sér upp á árunum kringum aldamótin, nefnilega fermingarfræðslu á skólatíma. Þar ber hæst 1-2 daga fermingarferðir sem lama allt skólastarf viðkomandi skóla.

Borgarráð samþykkti í haust reglur þar sem sagt er að fermingarfræðslan eigi að fara fram fyrir utan skólatíma og boðun trúar eða lífsskoðana eigi ekki að fara fram í skólum. Það þjónar bæði þeim tilgangi að vernda skólastarfið frá utanaðkomandi truflunum og gæta þess að opinberir skólar geri ekki upp á milli barna eftir því hvaða trúfélagi eða veraldlegu lífsskoðunarfélagi foreldrar þeirra tilheyra.

Það vantar ekki dramað í skrif Björns en greinin er rökfræðilegt franskbrauð, smurt með fagurgala. Björn skrifaði: „Það vekur furðu að fermingarfræðsla … hafi orðið bitbein borgaryfirvalda, þar henni er ýtt út af vettvangi grunnskólans – sem er vettvangur barnanna sjálfra, ekki borgarráðs. Meintar reglur borgarráðs um samskipti trúfélaga við leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili hafa verið settar til að mæta sérhagsmunum eins tiltekins trúskoðunarhóps.“

Fermingarfræðslan er ekki „bitbein“ borgaryfirvalda. Hún er ekki á þeirra vegum, en fyrst að hún var komin inn á skólatíma ýmissa grunnskóla borgarinnar var það óhjákvæmilegt að ábyrg borgarstjórn tæki þar í taumana og verndaði skólatímann. Það er afkáralegt að bera saman vettvang barna og borgarráðs í skólamálum. Börnin eru þiggjendur þjónustunnar, en borgarráð og önnur skólayfirvöld bera ábyrgð á henni. Mannréttindi ganga út á það að meðhöndla alla jafnt og það er tilgangurinn með reglunum, sem eru ekki „meintar“ heldur samþykktar raunverulegar reglur.

Með „trúskoðunarhóp“ er Björn líklega að tala um lífsskoðunarfélagið Siðmennt, en það nýtur aðeins sameiginlegra hagsmuna með öðrum af reglunum, ólíkt Þjóðkirkjunni og Gídeonfélaginu sem vilja viðhalda sérréttindum sínum og trúboði. Reglunar þjóna öllum, því að jöfn meðferð og verndun skólastarfs styrkir hinn dýrmæta sameiginlega grunn sem þjóðin á í skólakerfinu og opinberum stofnunum sínum.

Áfram hélt Björn með: „Að reyna að eyða út mismun er að ala á þröngsýni og fordómum og gerir fjölbreytileikann að lokum óbærilegan. Að leysa það mál með því að allir taki upp sömu lífsskoðun í verki er ekki í boði að hætti borgarráðs og í sjálfu sér kúgun á trúarskoðunum – hér barna.“ Þetta eru staðhæfulaus rangindi. Hvergi er borgarráð að „eyða út mismun“ hinna fjölbreyttu lífsskoðana né farið fram á að „allir taki upp sömu lífsskoðun í verki“.

Það er einfaldlega verið að halda í það að skólar séu skólar, en ekki bænahús eða vettvangur iðkunar trúarlegra eða veraldlegra lífsskoðana. Hver staður á sitt hlutverk í þjóðfélaginu og að tala um „kúgun á trúarskoðunum barna“ í þessu samhengi er út úr kú. Reglurnar vernda þátttöku minnihlutahópa í hinu sameiginlega sem einmitt eykur víðsýni og tryggir að fólk læri frá barnsaldri að umgangast hvert annað, óháð uppruna.

Mun fleira er gagnrýnivert í grein Björns en því svara ég í lengri útgáfu þessa svars á visir.is

HÖRKUTÓL FYRIR JÓLIN
94DC743KB
HLEÐSLUBORVÉL
Nett 2ja gíra 12V borvél
LED ljós
Hersla 35 Nm
Rafhl: 2 x 2,6Ah NiMh
Patróna:13mm
TILBOÐ




Fullt verð 49.900 kr
39.900 m/vsk
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# Ný náttúruverndarólög

Umhverfismál
Ólafur Magnússon
ferðamaður



Nú liggur fyrir Alþingi Íslendinga frumvarp til breytingar á náttúruverndarlögum. Frumvarp sem lagt er fram til höfuðs frjálsri ferðamennsku á Íslandi. Í stuttu máli á að búa til gagnagrunn sem inniheldur þær akstursleiðir sem má aka, en allstaðar annarstaðar er það bannað. Einhver hefur kannski heyrt áður um reglur sem gera ráð fyrir að allt sé bannað nema það sé sérstaklega leyft, hugmyndafræði sem ekki hefur tíðkast á Íslandi. Margir segja að það sé fínt að fá þetta á hreint þá sé bara vitað hvar má keyra og hvar má ekki keyra. En þetta er ekki svona einfalt. Eina forsenda þessa frumvarps virðist vera að utanvegaakstur sé stórt vandamál. Staðreyndin er hinsvegar sú að utanvegaakstur er alls ekki stórt vandamál þó almenningi sé reynt að telja trú um það. Meira að segja Umhverfisráðuneytið sjálft hefur sagt að dregið hafi úr utanvegaakstri (http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/1700) og það án kortagrunns. Í ljósi þessa og þess að unnið er að heildarendurskoðun náttúruverndarlaganna (Hvítbók), hversvegna liggur þá svona á að leggja þetta frumvarp fram?. Það hefur verið viðurkennt að það geti tekið um áratug að kortleggja leiðir á landinu. Hvað liggur þá á? Getur verið að umhverfisráðherran sé vísvitandi að leggja þetta frumvarp fram gegn þeim frjálsu ferðamönnum sem hafa gagnrýnt hana í þessum málum?

Hverjar verða afleiðingar þess að hafa kortagrunn um akstursleiðir á landinu? Ég sé fyrir mér nokkrar:

- Ekki er endilega víst að fleiri verði teknir við akstur utan vega, því ekki er nóg að búa til kortagrunn til að fleiri verði „gómaðir“.
- Ekki er líklegt að dragi úr utanvegaakstri vegna kortagrunns, því það verða alltaf til svartir sauðir sem hafa neikvæðan ásetning í þessum efnum. Það eru líka til húsmæður sem stunda búðarhnupl og afar sem stunda ofsaakstur, sama hversu ströng löggjöfin er.
- Kortagrunnurinn mun aldrei innihalda allar akstursleiðir á landinu, en það veldur leiðinlegum hliðarverkunum.
- Akstur um fáfarnar leiðir sem fólk hefur notað að sínum uppáhaldsstöðum gæti verið flokkaður sem utanvegaakstur. Afi og amma gætu því verið gómuð fyrir utanvegaakstur þegar þau fara til berja á leynistaðinn sinn að hausti. Þau eru nú samt á vegslóða, en hann er bara ekki í kortagrunninum og flokkast því sem utanvegaakstur. Pabbi og mamma gætu jafnframt verið tekin og sektuð fyrir utanvegaakstur þegar þau aka að sínu leyni-tjaldstæði að sumrinu. Breytir þá engu að afi, amma, pabbi og mamma hafa ferðast árum saman á þessa staði, án þess að nokkuð sjái á landinu, annað en ógreinileg slóð. Þetta gæti leitt til þess að fleiri verði sektaðir vegna utanvegaaksturs – viljum við hafa það svoleiðis ?
- Leiðir sem hafa lítið verið farnar og þannig verndaðar, verða allt í einu öllum þekktar á korti og hætta á að umferð aukist með tilheyrandi raski og óþarfa tjóni á náttúrunni.

Hvað er þá til ráða í því að útrýma skemmdum sem verða á náttúru vegna umferðar utan vega? Jú það eru nokkur atriði sem liggja beint við, hægt að fara í strax og nýta í það hluta þeirra fjármuna sem eiga að að fara í gerð kortagrunns:

- Fræðsla, fræðsla og fræðsla
- Aukin fræðsla til erlendra ferðamanna sem eru að koma til landsins
- Aukin fræðsla til Íslendinga sjálfra í gegnum skólakerfið, ökukennslu, Landsbjörgu, fjölmiðla o.s.frv.
- Stuðningur við félagasamtök sem hafa á stefnuskrá sinni að berjast gegn slíkum skemmdum.

Viljum við búa í samfélagi þar sem allt er bannað, nema það sem sérstaklega er leyft? Eða viljum við búa í samfélagi þar sem frelsi ríkir, virðing er fyrir náttúrunni og náunganum og fólk er upplýst um hvernig best er að haga sínum ferðum til að afkomendur okkar fái einnig notið þess á sambærilegan hátt um ókomnar aldir?

Ég skora á alþingismenn að hafa vit fyrir umhverfisráðherranum og fella þetta frumvarp.

# Um búðir og umbúðir

Erlendar fjárfestingar
Pétur Tryggvi Hjálmarsson
silfursmiður



Búðir þær sem hugmyndin er að reisa erlendum ferðamönnum á hálendi Íslands eru fyrir margar sakir áhugaverðar. Ætla má að aðstandendur framkvæmdanna útvegi sjálfir gestina og byggi þeim vistarverur í formi glæsilegustu hótelmannvirkja sem litið hafa teikniborð. Þar með kemur erlent fjármagn inn í landið sem fræðimenn, aðrir lærðir og ráðherrar fagna, því að þá þurfum við eiginlega ekkert að gera sjálf.

Eftir vel heppnaða markaðssetningu í heimalandi framkvæmdaraðila verða tugir þúsunda gesta sendir í ferðamannabúðirnar. Hér á Íslandi vekur það mikla gleði hversu hratt hefur tekist að koma þessu í framkvæmd og hversu gríðarlegum ágóða það skilar. Ferðalangarnir brosa einnig glaðir eftir dvölina í fínu búðunum þegar þeir yfirgefa landið mórauðir af leirfoki úr Hálslóni.

Á aðeins örfáum árum hefur svo framkvæmdaraðilum tekist að senda þangað áhugasama landsmenn sína í hundraða þúsunda tali á ári. 300 ferkílómetra landsvæði fer létt með að anna því. Og íslenska þjóðin verður glaðari og glaðari.

En. Það er glórulaust að aka fimm hundruð þúsund til milljón ferðamönnum á ári í rútum frá Keflavíkurflugvelli að Grímsstöðum á Fjöllum. Þess vegna fá framkvæmdaraðilar að sjálfsögðu að leggja þar flugbrautir. Ekki er ólíklegt að á þeirra móðurmáli heiti golfvöllur flugvöllur. Hvort tveggja krefst álíka landsvæðis. Völlurinn er nú þegar á teikniborðinu.

Í hótelbyggingunum verða ýmis tæki og tól. Lítil ratsjárstöð sem þurfti um þúsund fermetra fyrir tuttugu árum rúmast ágætlega í því sem nemur einni uppþvottavél í dag. Á 300 ferkílómetra svæði má koma mörgum slíkum fyrir, bæði ofanjarðar og neðan. Einnig komast mörg hundruð ferðalangar fyrir í einni breiðþotu sem í raun getur verið umbúðir fljúgandi njósnavirkis.

Stundum er talað um að verja landið fyrir utanaðkomandi ógn. Meðalagjöf innan frá virðist ósköp saklaus á byrjunarstigi. Og hver ætlar að stugga við framkvæmdaraðilum á þeirra eigin landsvæði? Það getur verið snúið þar sem þeir eru með íslenska lofthelgi í hendi sér.

Alla uppbygginguna er rökréttast að vinna út frá miðju. Það er því einfaldara að vinna sig út frá hálendinu og niður á strönd en frá ströndinni og upp.

Eins og dropi sem fellur í spegilslétt vatn. Spegilslétta vatnið verður í rólegheitum að vinna sig kerfisbundið út frá snertingu dropans.

# Út fyrir endimörk alheimsins

Erlendar fjárfestingar
Benedikt Þorri Sigurjónsson
háskólanemi



Á sama tíma og fjárfesting í íslensku hagkerfi er í sögulegu lágmarki, um 10% af VLF, hið opinbera berst í bökkum og atvinnuleysi er í hæstu hæðum, þá berast merkileg tíðindi úr Reykjavíkurhreppi (svo ég tileinki mér tungutak ritstjóra Skarps): Kínverji nokkur fær ekki að kaupa land, því jú hann er víst frá Kína. Af því að Íslendingar eru einmitt svo miklir snillingar, sérstaklega þeir sem hafa braskað með stórar fúlgur fjár (og lönd!), að þeir einir eru hæfir til að eiga land!

**Er einhver að kvarta?**

Þingeyingar eru ekki gjarnir á að kvarta, setja heldur hausinn undir sig og þumbast áfram í atgangi sínum við firrtan veruleikann í formi kontórista, SAS (sérfræðingum að sunnan) eða þeim allra erfiðustu: „vel meinandi“ stjórnmálamönnum.

Nú er búið að stoppa það að reist verði álver við Bakka, sem hefði verið með öllu hátt í 200 milljarða innspýting í hagkerfið. Það á að stoppa orkunýtingu á svæðinu með friðlýsingum og umhverfismati eins og framast er unnt. Nefndarmenn berja í borð og heimta aftur og aftur arðsemismat á Vaðlaheiðargöngum, tala um „sjálfbærni“ án þess að virðast skilja orðið auk þess sem títtnefndir nefndarmenn hafa sjaldan eða aldrei fyrr haft áhuga á því hvað sé efnahagslega fýsilegt fyrir þjóðina, hvorki í nútíð né framtíð!

**Niðurskurður á uppskurðum!**

Í fjárlögum 2012 er gert ráð fyrir þvílíkum niðurskurði hjá HSÞ umfram aðrar heilbrigðisstofnanir að jaðrar við ofstæki (sjá skýrslu Capacent). Ég gæti haldið áfram: hver man eftir kísiliðjunni við Mývatn sem var markvisst herjað á uns hún lagði upp laupana? Nóg af upptalningu: allur fjandinn hefur verið reyndur og framkvæmdur í Þingeyjarsýslum. Þessi nýjustu tíðindi úr Reykjavíkurhreppi eru víst bara enn ein fjöður í vel skrýddan hatt ríkisstjórnar Steinhönnu.

**Einelti ?**

Hver er tilgangur þess að leggja sífellt stein í götu uppbygginga í Þingeyjarsýslum. Hefur það tilgang?

En verið alveg róleg, þetta er að takast: það hefur fækkað um 1.000 manns á svæðinu á síðustu 15 árum. Einungis um 5.500 hræður eru eftir í Þingeyjarsýslum! Ef fram heldur sem horfir verðum við hætt að ónáða tilvist ykkar um miðja öldina. Og ekki er ólíklegt að það takist því nú hefst leitin fyrir alvöru, leitin að einhverju öðru en öðru…


ÚTILÍF
ALLIR FÁ ÞÁ
EITTHVAÐ FALLEGT
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KULDAFATNAÐI UM HELGINA.
ÞÚ FÆRÐ MJÚKU OG HÖRÐU PAKKANA HJÁ OKKUR. FULLAR BÚÐIR AF JÓLATILBOÐUM.
20% AFSLÁTTUR AF TNF
ÚTIVISTARFATNAÐUR OG ÚLPUR
JÓLATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR
The North Face er stærsta útivistarmerki í heimi.
20% PAKKAAFSLÁTTUR
SKÍÐI, BRETTI, SKÓR OG BINDINGAR
20% PAKKA
GÖNGUSKÓR 20% AFSLÁTTUR
Á JÓLATILBOÐI 20% AFSLÁTTUR
Meindl – Scarpa – Trezeta – Lowa
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTU

Neutral STORVASK
2479 kr. 8kg.
HAGKVÆM INNKAUP - 68 ÞVOTTAR

ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 ÞVOTTAR
1998 KR.PK

Jólasmjörið komið
Jólasmjör 500g
239 KR.

498
KR. 600 G
BEST QUALITY 600 GRÖMM
**FERSKAR DÖÐLUR**

295
KR. 1 KG
30% MEIRA MAGN SAMA VERÐ
**MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.**

298
KR. BAKKINN
**UNGAEGG 12 STK.**

129
KR. 165 G
EMMESS
JÓLA **JÓGÚRT**

598
KR. 500 G
HEIMA 500 GRÖMM
**MÖNDLUR M. HÝÐI**

98
KR. PAKKINN
**MAGGI PAKKASÚPUR** MARGAR TEG.

198
KR. STK
PREMIUM
**RÚÐUSKAFA**

459
KR. 5 LTR.
5 LTR. -9 GRÁÐU
**RÚÐUVÖKVI**

259
KR. 300 G
GÓÐKAUP 300 GRÖMM
**SUÐUSÚKKULAÐI**

759
KR. 2.3 KG
**ROBIN KLEMETÍNUR**
2.3 KG. KASSI

498
KR. 540 G
**KÚTTER JÓLASÍLDIN** 540 GRÖMM

798
KR. 12 RL.
NICKY ELITE 12 RÚLLUR
**SALERNISPAPPÍR**

## FYRSTA FLOKKS FROSIÐ KJÖT FRÁ ÞÝSKALANDI

2598
KR. KG
**FROSIN ANDABRINGA**

2598
KR. KG
**FROSIÐ NAUTARIBEYE**

1395
KR. KG
**FROSNAR GRÍSALUNDIR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

...DAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 F...




695 KR. KG

## FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




1995 KR. KG

## FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**SÉRSKORIÐ** BÓNUS **LAMBALÆRI** ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER **SKORIÐ FRÁ** OG ÞVÍ ER **MEIRA KJÖT** OG **MINNA BEIN** Á LÆRINU!




1395 KR. KG

## LAMBALÆRI FERSKT SÉRSKORIÐ




998 KR. KG

## FERSK GRÍSAPURUSTEIK

# GJAFAKORT BÓNUS

**Gjafakort Bónus er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla.** Kortið er hægt að nota í verslunum Bónus um land allt. Sparaðu tíma og fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus.

**Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus, Skútuvogi 13 sími 527 9000**







1498 KR. KG

## KOFAREYKT HANGILÆRI
*M.BEINI*




998 KR. 9 LTR.COKE

**COKE-TILBOÐ**
**6 FL. X 1.5 LTR**
KAUPAUKI: 4 DÓSIR AF HÁTÍÐARBLÖNDU

**SEX 1.5 LTR.** COKE FLÖSKUR = **9 LTR.**
*AUK ÞESS:* 4 DÓSIR ***HÁTÍÐARBLANDA***
(MALT+APPELSÍN) = **2 LTR.**
ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS **998 KR.**




1798 KR. KG

## LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Auðlindanýting í anda LÍÚ

Auðlindir



Vilhelm Jónsson
fjárfestir og fyrrverandi atvinnurekandi



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Það væri tilvalið fyrir ráðherra að setja kvótastýringu á rjúpnaveiðistofninn, þar sem hann er í sögulegri lægð og arðsemin lítil sem engin í greininni. Við verðum að bera gæfu til að ganga vel um þessa auðlind og af fyllstu nærgætni. Til að ná sem mestri hagræðingu og standa undir arðsemiskröfu ætti að loka fyrir rjúpnaveiðar til almennings, ráðherra gæti úthlutað rjúpnagjafakvóta til útvaldra vina og kunningja í þeim byggðarlögum þar sem lítill fiskikvóti er eftir í sárabætur, t.d. í 50 ár í senn til að hámarka arðsemina.

Með þessu fyrirkomulagi þyrfti svo miklu færri byssur að greinin gæti endurnýjað sig og verið sjálfbær. Jafnvel væri hægt að fá notaðar hálfsjálfvirkar vélbyssur með fullkomnum miðunarbúnaði frá víkingasveitinni, sem hún væri hætt að nota, fyrir lítið til að hámarka skotnýtinguna og arðsemina. Menn skyldu ekki gera lítið úr því hvað þetta yrði mikil lyftistöng fyrir byggðarlögin sem fengju að njóta þessara auðæfa. Með þessu fyrirkomulagi yrðu margfeldisáhrifin jafnvel svo mikil að hægt væri fyrir kvótahafa að fjárfesta fyrir væntanlegan hagnað, t.d. í hótelkeðjum, bílaumboðum, öryggisfyrirtækjum, þyrlum, pizzafyrirtækjum og fleiru, sem myndi stuðla að enduruppbyggingu atvinnulífsins öllum til hagsbóta.

Það væri ekki óvitlaust að fá hagfræðiprófessorana Ragnar Árnason og Þórólf Matthíasson og stærðfræðinginn Helga Áss Grétarsson til að útsetja það nánar í anda LÍÚ, þar sem þeir eru nú helstu talsmenn kvótastýringar LÍÚ. Til að ná veðsetningarhlutfalli í hærri hæðir gætu þeir jafnvel kallað eftir Dr. Gunna sér til fulltingis. Ef þessi leið yrði farin væri ekki óvarlegt að áætla að hagnaðurinn gæti numið tugum ef ekki hundruðum milljarða þegar margfeldisáhrifin væru búin að skila sér. Það væri ekki óeðlilegt að veita greininni kúlulán og viðeigandi afskriftir til að greinin yrði sjálfbær.

Það væri vel við hæfi að endurskoðunarstofan Deloitte og lögmannsstofan Lex útfærðu þetta nánar í anda laganna og felldu að stjórnarskránni. Fyrir þá skotveiðimenn sem væru óánægðir með að fá ekki úthlutun mætti niðurgreiða félagsgjald hjá Leirdúfufélagi Íslands Geithálsi, og jafnvel niðurgreiða skoskar rjúpur fyrir þá sem væru ósáttir.

jura SWISS MADE



ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Einföld og falleg

ENA Micro 9 frá Jura er minnsta sjálfvirka kaffivél heimsins í dag. Með einni snertingu fæst nýmalað og ilmandi kaffi beint í bollann.

Hægt er að velja um kaffi, espesso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp. Vélin er stílhrein, einföld í notkun og einstaklega hljóðlát.

Kynningarverð kr. 149.000
Mjólkurkanna að andvirði kr. 9.420 fylgir sem kaupauki með hverri vél.

Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Fjárlögin 2012 og bætur – er breytinga að vænta?

Velferðarmál

Lilja Þorgeirsdóttir
Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands



Mikil óvissa ríkir meðal öryrkja vegna fjárlaga 2012 þar sem ekki er útlit fyrir að bætur almannatrygginga hækki til samræmis við 69. gr. almannatryggingalaga fjórða árið í röð. Þetta þýðir að greiðslur skerðast þar sem bætur ná ekki að halda í við þær miklu verðlagshækkanir sem hafa átt sér stað síðan kreppan skall á.

Nú er annarri umræðu um fjárlögin lokið og það stefnir í að örorkubætur hækki einungis um 3,5% á næsta ári sem er til samræmis við almennar launabreytingar samkvæmt kjarasamningi ASÍ og SA en ekki til samræmis við krónutöluhækkun lægstu taxta sem munu hækka þann 2. febrúar á næsta ári um 11.000 kr. Ef lífeyrisþegar fengju sambærilega hækkun ættu bætur að hækka að lágmarki um þá upphæð eða um 6,5%.

### Jákvæð breyting á fjárlögum

Þessu til viðbótar var útlit fyrir að ýmsir bótaflokkar myndu ekki hækka sem tilheyra lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð en um er að ræða greiðslur til að mæta kostnaði, sem í mörgum tilvikum, tengist börnum og fjölskyldum þeirra.

ÖBÍ mótmælti harðlega fyrirhuguðum skerðingum í kjölfar aðalstjórnarfundar bandalagsins þann 23. nóvember síðastliðinn, á fundi daginn eftir með velferðarráðherra og á fundi með velferðarnefnd Alþingis. Bréf var sent öllum alþingismönnum um málið undir yfirskriftinni Ætla stjórnvöld að standa við áðurgefin loforð? Málið var endurskoðað og þegar annarri umræðu um fjárlögin var lokið varð niðurstaðan sú að nú er gert ráð fyrir að eftirtaldir bótaflokkar hækki um 3,5% þann 1. janúar nk. sem er jákvæð breyting á fjárlögum:

- Mæðra- og feðralaun
- Umönnunargreiðslur
- Meðlagsgreiðslur
- Barnalífeyrir
- Barnalífeyrir vegna náms
- Uppbætur vegna reksturs bifreiða

### Frysting á frítekjumörkum

Ekki hefur tekist að telja ráðamönnum hughvarf varðandi frystingu frítekjumarka lífeyrisþega og verða þau fryst þriðja árið í röð sem þýðir enn meiri lækkun á ráðstöfunartekjum fjölda manns á næsta ári. Þessi staðreynd gerir það að verkum að margir munu ekki fá þá hækkun sem þeir réttilega ættu að fá þar sem bætur munu skerðast á móti ef fólk er með einhverjar aðrar tekjur en greiðslur almannatrygginga.

### Lágar tekjur

Til upplýsinga þá fá þeir öryrkjar í dag sem búa einir 196.140 kr. á mánuði fyrir skatt (167.165 eftir skatt) en meirihluti örorkulífeyrisþega, þeir sem búa með öðrum fullorðnum, fær einungis 169.030 kr. fyrir skatt (150.170 eftir skatt). Þessi upphæð er mun lægri en lágmarkstekjutrygging launþega í dagvinnu sem er 182.000 kr. á mánuði sem sárafáir launþegar eru með. Hluti af greiðslum almannatrygginga til öryrkja er bótaflokkurinn, „sérstök framfærsluuppbót“, og er hann án frítekjumarks sem þýðir að fólk lendir í fátæktargildru þar sem allar skattskyldar tekjur skerða krónu á móti krónu. Sem dæmi þá skerða örfáar krónur í fjármagnstekjur á mánuði á debetkortareikningi bótaflokkinn krónu á móti krónu. Um þriðjungur öryrkja fær þennan bótaflokk að einhverju leyti en örfáir eru með hann óskertan eða innan við 2% öryrkja.

Vert er að hafa í huga að öryrkjar hafa þurft að taka á sig miklar hækkanir á kostnaði við heilbrigðisþjónustu, lyf, hjálpartæki og sjúkra-, iðju- og talþjálfun, vegna sinna veikinda. Þessi kostnaður sligar mörg heimili en almennt er talið að öryrkjar þurfi að hafa 15-30% hærri tekjur til að framfleyta sér til að njóta sömu lífskjara og aðrir þar sem ýmis aðkeypt þjónusta og heilbrigðiskostnaður er hár.

### Orð skulu standa

Minnt er á að öryrkjar urðu fyrstir fyrir skerðingum þegar bankahrunið varð með loforði um að þeir fengju fyrstir leiðréttingar sinna mála þegar fjárhagsstaða ríkissjóðs batnaði. Þá var talað um 3ja ára tímabil sem nú er liðið og horfur í efnahagsmálum eru sagðar jákvæðar. ÖBÍ gerir þá lágmarkskröfu að greiðslur til öryrkja á næsta ári hækki til samræmis við 69. gr. almannatryggingalaga, enda ber stjórnvöldum að forgangsraða í þágu þeirra sem þurfa að treysta á velferðarkerfið ef ekki verður komist hjá niðurskurði.

Ætla stjórnvöld að standa við áðurgefin loforð?

> Þetta þýðir að greiðslur skerðast þar sem bætur ná ekki að halda í við þær miklu verðlagshækkanir sem hafa átt sér stað síðan kreppan skall á.

# Slegið á puttana á hagsmunaaðilum lyfjamarkaðarins

Heilbrigðismál



Ingibjörg Sigfúsdóttir
formaður Heilsuhringsins



Jóna Ágústa Ragnheiðardóttir
ritari Heilsufrelsis

Um leið og Heilsuhringurinn og Heilsufrelsi, samtök fólks um kjörlækningar (Integrative Medicine), gleðjast yfir að til standi endurskoðun á lyfjastefnu landsins og aukin verði neytendavernd, vekur það ugg að hagsmunaaðilar lyfjamarkaðarins sendi velferðarráðherra tillögur um að „auka samkeppni og skilvirkni og bæta starfsumhverfi á lyfjamarkaðinum“, eins og fram kemur í Fréttablaðinu 14. nóvember sl.

Vilja hagsmunaaðilarnir auka frelsi til auglýsinga á lyfjum og selja lausasölulyf í almennum verslunum. Í leiðinni vilja þeir herða eftirlit með sölu náttúruvara og fæðubótarefna.

Það skýtur skökku við að hagsmunaaðilar í sölu kemískra lyfja reyni að setja fótinn fyrir náttúruvörur á Íslandi. Ætli það sé tengt því að nú hafa fjölmargir Íslendingar lokið margra ára námi í grasalækningum og hómópatíu erlendis? Þeir hafa getið sér góðan orðstír vegna góðs árangurs sem komið hefur fram í bættu heilsufari fjölmargra Íslendinga. Slíkt gefur af sér fjárhagslegan ábata fyrir þjóðarbúið en rýrir kjör hagsmunaaðila lyfjamarkaðarins.

Eins og alkunna er hefur lyfjakostnaður heilbrigðiskerfisins aukist geigvænlega undanfarin ár. Kostnaðurinn er ekki verstur, því að aukaverkanir lyfja geta verið stórhættulegar og birtast oft í öðrum sjúkdómseinkennum. Í slíkum tilfellum er stundum ávísað á fleiri lyf til að kveða niður hin fölsku sjúkdómseinkenni. Þannig myndast lyfjavítahringur sem leiðir til enn meiri lyfjanotkunar og hærri lyfjakostnaðar. Allir geta séð að slíkt knýr áfram myllu lyfjamarkaðarins.

Við erum á þröskuldi nýrrar þekkingar í meðhöndlun andlegra og líkamlegra sjúkdóma. Íslendingar hafa ekki verið eftirbátar annarra að tileinka sér menntun á sviði kjörlækninga. Með vitneskju almennings um afdrifaríkar afleiðingar aukaverkana lyfja, hafa æ fleiri hafnað hefðbundnum vestrænum lækningum og kosið nýjar leiðir t.a.m. áhrifaríkar meðferðir, eins og: hómópatíu, náttúrupatíu, næringarráðgjöf, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, svæðameðferð, Bowentækni, lífljóseinda-meðferð, tíðnitækjameðferð, NLP, HAM og jóga. Allt eru þetta aðferðir sem bæta heilsu á uppbyggjandi hátt án niðurbrjótandi aukaverkana.

Heilsuhringurinn og Heilsufrelsi hvetja til áherslubreytinga í íslensku heilbrigðiskerfi

1. Að dregið verði úr notkun verksmiðjuunninna lyfja í heilbrigðiskerfinu með því að auka vægi heildrænna/náttúrulegra lækninga. Hafin verði herferð til kynningar á hinum ýmsu greinum kjörlækninga.
2. Að kjörlækningar (Integrative medicine) verði teknar inn í íslenskt heilbrigðiskerfi til jafns við háskólalækningar.
3. Að aflétt verði þeim hömlum sem nú eru á innflutningi jurta, vítamína, steinefna, næringarefna og hómópatískra remedía.
4. Að menntuðum einstaklingum í kjörlækningum verði gert kleift að vinna við sitt fag og þeir fái leyfi til að flytja inn þær vörur sem störf þeirra krefjast.
5. Að komið verði á fót faghópi með sérþekkingu á sviði kjörlækninga til að fjalla um umsóknir og hæfni þeirra aðila sem sækja um starfsleyfi í kjörlækningum á Íslandi. Í slíkan matshóp verður að velja fjölfróða aðila sem hafa að baki haldgóða þekkingu á kjörlækningum.

Miðað við fréttir undangenginna ára um að Ísland skori hæst í notkun ýmissa lyfja m.a. þunglyndislyfja og nýjustu fréttir um að við séum hæst í notkun „sterkustu“ verkjalyfja í Evrópu er þá ástæða til þess að herða enn á sölu kemískra lyfja og svipta fólk möguleikanum á hjálp náttúrulyfja? Nei, nú er mál að linni – það hefur aldrei verið meiri þörf á nýrri nálgun í heilbrigðisþjónustu.


33% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
YFIR 500 NÝJAR BÆKUR
3.990 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Einvígið
Arnaldur Indriðason
4.190 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Feigð
Stefán Máni
4.190 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Málverkið
Ólafur Jóhann Ólafsson
Bækur á bónusverði
33% AFSLÁTTUR
3.990 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Konan við 1000°
Hallgrímur Helgason
4.190 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Allt með kossi vekur
Guðrún Eva Mínervudóttir
30% AFSLÁTTUR
4.190 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Meistaraverkið og fleiri sögur
Ólafur Gunnarsson
2.590 kr.
Verð áður 3.790 kr.
Forsetinn, prinsessan og höllin sem svaf
Gerður Kristný
4.790 kr.
Verð áður 6.990 kr.
Landnám - ævisaga Gunnars Gunnarssonar
Jón Yngvi Jóhannsson
3.990 kr.
Verð áður 5.990 kr.
33% AFSLÁTTUR
Trúir þú á töfra?
Vigdís Grímsdóttir
3.690 kr.
Verð áður 5.490 kr.
Valeyrarvalsinn
Guðmundur Andri Thorsson
33% AFSLÁTTUR
3.990 kr.
Verð áður 5.990 kr.
Með sumt á hreinu Jakob Frímann Magnúson lítur um öxl
Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir
Verðið á þessum bókum gildir dagana 2.-4. desember 2011 eða á meðan birgðir endast.
A4
Smáratorgi 1, Kópavogi + sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Dalsbraut 1, Akureyri + sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is
Skrifstofa og skóli

# Deiliskipulag þriggja hverfa í Garðabæ

Skipulagsmál



Auður Hallgrímsdóttir
varamaður í skipulagsnefnd

Garðahverfi á Garðaholti er 79 hektarar að stærð, í dag er búið þar á 14 bæjum og stundaður smábúskapur með sauðfé og hross. Í deiliskipulaginu segir að landið sé í eigu Garðabæjar en um það gildi svokölluð byggingarbréf sem er samningur á milli Garðabæjar og landhafa. Garðahverfi er deiliskipulagt í einkaframkvæmd af áhugasömum einstaklingum sem lögðu fram fjármuni og stofnuðu áhugamannafélagið Garðafélagið en forsvarsmaður þess félags er Óskar Magnússon.

Tilgangur Garðafélagsins er að Garðahverfi verði staður friðsældar og íhugunar til minningar um Guðrúnu Jónsdóttur sem lést í bílslysi 28. febrúar 2006 og er jarðsett í Garðakirkjugarði. Sem minnst skal byggt á svæðinu en deiliskipulagið gerir ráð fyrir ellefu „bæjartorfum“ – á hverri torfu er gert ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsum og útihúsum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir „náttúrustíg“ utan um hverfið og reiðstíg sem tengja má við reiðleiðir um Álftanes.

Silfurtúnið er elsta hverfi Garðabæjar, deiliskipulagsvæðið er 14,7 hektarar að stærð og fjöldi íbúðarhúsalóða er 95. Í dag er í gildi deiliskipulag fyrir „Silfurtún, Hofstaðamýri“ sem samþykkt var 28. september 2001 en það nær til útivistar og þjónustusvæðis austan íbúðarbyggðarinnar þar sem er leikskólinn Bæjarból, Skátaheimilið Jötunheimar og athafnasvæði Garðyrkjudeildar Garðabæjar. Um þetta svæði „Silfurtún, Hofstaðamýri“ hafa flestar kvartanir og ábendingar íbúa hverfisins snúist.

Í nýja deiliskipulaginu er athafnasvæði garðyrkjudeildarinnar víkjandi og nýtingarhlutfall lóðar Skátaheimilisins og leikskólans Bæjarbóls óbreytt. Í sumar fluttu bæjaryfirvöld gamla færanlega kennslustofu á leikskólalóðina þrátt fyrir yfirstandandi deiliskipulagsvinnu og kröftug mótmæli íbúanna í grenndarkynningu. Gamla „rólóhúsið“ sem Kiwanismenn eru með til afnota er einnig víkjandi en verður ekki fjarlægt nema að ósk eiganda. En eigandinn er Garðabær svo eitthvað fær „rólóhúsið“ að standa lengur.

Á gamla rólóvallarsvæðinu er í nýja deiliskipulaginu gert ráð fyrir skrúðgarði í minningu séra Braga Friðrikssonar, fyrsta heiðursborgara Garðabæjar, þannig að við skulum vona að gamla „rólóhúsið“ verði rifið sem fyrst og upp rísi „Bragalundur“. Ekkert er tekið á umferðarhávaða frá Hafnarfjarðarveginum en í nýja deiliskipulaginu stendur að í nokkrum húsanna næst Hafnarfjarðarvegi búi íbúar við heilsuspillandi aðstæður.

Deiliskipulagssvæði Arnarness er 36 hektarar að stærð og fjöldi íbúðarhúsalóða 186. Lóðir á Arnarnesi eru í einkaeign en opin svæði, strandlengjan, götur og óbyggt skipulagssvæði á háholtinu miðsvæðis eru eign Garðabæjar. Í nýja deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg um Arnarnesið eins og meirihluti Sjálfstæðismanna ákvað.

Útivistarleið (sem enginn veit enn þá hvað þýðir) er meðfram strandlengjunni og þeim íbúum við ströndina sem búnir voru að stækka lóðir sínar niður í fjöru er gert að leiðrétta þau mistök og hefta ekki „útivistarleiðina“. Aðgengi fyrir alla við ströndina er leyst með þremur útsýnisstöðum sem tengjast við húsagötur hverfisins með göngustíg að ströndinni. Ef góð aðsókn verður að þessum útsýnisstöðum við ströndina verður mikil bílaumferð í íbúðargötunum en ekki er gert ráð fyrir bílaplönum við útsýnisstaðina þannig að íbúðargatan verður þá líka eitt stórt bílaplan.

Nýr reiðhjólastígur verður lagður meðfram Hafnarfjarðarveginum en ekki er gert ráð fyrir göngum undir mislægu gatnamótin á Arnarneshálsinum en slík ráðstöfun hefði verið nauðsynleg enda er umferð þar nú mjög hættuleg fyrir gangandi og hjólandi. Á háholti miðsvæðis á Arnarnesinu verður ekki byggt en þar mun rísa útivistarsvæði sem tengist Werner-stöplinum.

Grein þessi er skrifuð til að upplýsa íbúa Garðabæjar um að nú er nýtt deiliskipulag tilbúið fyrir þessi þrjú svæði. Skipulagsyfirvöld telja sig búin að taka tillit til umsagna og ábendinga sem borist hafa frá íbúum bæjarins. Deiliskipulagið er í lokakynningu og að því loknu verða þau tekin fyrir á skipulagsnefndarfundi til umsagnar og samþykktar og í framhaldi send bæjarstjórn til samþykktar. Mikilvægt er að ítreka að verið er að vinna deiliskipulagsferlið samkvæmt reglum nýrra Skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt þeim er ferlið margskipt og á síðara stigi þurfa athugasemdir íbúa að koma aftur á lokakynningarstigi ef íbúar telja að ekki hafa verið tekið tillit til athugasemda þeirra á fyrri stigum málsins.

# Um náttúrurétt og lagalega söguhyggju

Lög



Sigurður Gizurarson
hæstaréttarlögmaður

Ásjötta áratug liðinnar aldar óx þeirri hreyfingu mjög afl í Bandaríkjunum sem barðist gegn misrétti kynþáttanna. Blökkukonan Rósa Parks neitaði 1955 að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni og var handtekin og sektuð.

Margir urðu þá til þess að rísa upp gegn ranglætinu. John F. Kennedy tók málstað hörundsdökkra, en brýndi þó fyrir mönnum í innsetningarræðu til forsetaembættisins 1961, að þeir ættu ekki að spyrja að því, hvað þjóðfélagið gæti gert fyrir þá, heldur að því hvað þeir gætu gert fyrir þjóðfélagið. Fyrst í stað féllu þau orð í góðan jarðveg, en þegar sett voru lög um herskyldu 1964 er kváðu á um að ungir menn skyldu í blóma lífsins sendir til Víetnams til að slátra þar meðbræðrum sínum og/eða vera sjálfum slátrað, má segja að hvatning forsetans hafi snúizt upp í andhverfu sína.

Háværar urðu raddir málsmetandi einstaklinga, eins og t.d. Noams Chomskys, sem hvöttu til þess að ungir menn óhlýðnuðust herskyldulögunum.

Sú spurning hefur á síðustu árum dregið að sér athygli, hvernig bregðast skal við ranglátum lögum. Í umfjöllun um náttúrurétt í Um lög og lögfræði (Rvík 2003/2007) á bls. 65 þýðir Sigurður Líndal lauslega texta Norðmannanna Davids Doublets og Jans Fridthjofs Bernts í Retten og vitenskapen (Bergen 1992) á bls. 139. Textann setur Sigurður fram – andstætt lögum um höfundarrétt – sem sínar eigin hugsanir.

Norðmennirnir spyrja, hvernig sé unnt að leggja mat á sett landslög út frá náttúruréttarkenningu, sem ekki orðar reglur sem valkost er komið geti í stað landslaga. Í raun er það þó vel gerlegt. Náttúruréttur er nokkrir meginstafir verklegrar skynsemi og um hann dæmir hver fyrir sig óháð landslögum – stað þeirra og stund. Rósa Parks þurfti ekki sérstaka reglu náttúruréttar um að svertingjar mættu neita að standa upp á strætisvögnum þegar hvítir menn krefðust sætisins.

Frá norska textanum víkur Sigurður Líndal í þýðingu sinni þegar hann segir:

„Löggjafinn kann að setja lög sem eru í andstöðu við eðlisréttarreglur. Og hvernig á þá að bregðast við slíkri reglu? Þarna rís túlkunarvandi þar sem niðurstaða liggur ekki í augum uppi. Við það bætist siðferðilegur vandi: að framfylgja slíkum ákvæðum.“ Ekki er ljóst, hvort Sigurður er hér að lýsa landsrétti eða náttúrurétti/eðlisrétti. En rökrétt lýtur spurningin að náttúrurétti og svarið er vafalaust: Ef sett hafa verið lög í andstöðu við eðlisréttarreglur, hljóta þau lög að vera ranglát og gegn slíkum lögum ber að andæfa.

Norðmennirnir telja þá sem sæta ranglæti af völdum landslaga geta „með vísan til reglna náttúruréttarins … einungis skotið máli sínu til ríkisins og stofnana þess.“ („Gjennom de naturrettslige normer kan man bare appellere til statsapparatet.“). Í því felst að þeir sem telja sig beitta ranglæti með setningu tiltekinna laga geta t.d. leitað (1) til þingmanna og reynt með skynsamlegum rökum að fá þá til að leggja fram frumvarp til breytingar á lögunum, (2) til ráðherra og reynt að fá hann til að breyta reglugerð, ef slík breyting nægir til leiðréttingar og telst innan heimildar laganna, (3) til dómstóla ríkisins og freistað þess þar að fá lögin túlkuð til réttlátrar niðurstöðu eða jafnvel hnekkt með dómi.

Staðhæfing Norðmannanna er ekki alveg rétt, því að m.a. geta menn – bæði í Noregi og á Íslandi – skotið máli sínu til Mannréttindadómstólsins í Strassborg, þótt þeim takist ekki innanlands að fá ranglát lög leiðrétt með því að bera fyrir sig náttúrurétt.

> Rósa Parks þurfti ekki sérstaka reglu náttúruréttar um að svertingjar mættu neita að standa upp í strætisvögnum.

Mannréttindasáttmáli Evrópu er nokkrir meginstafir náttúruréttar sem m.a. hafa verið lögfestir hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Sigurður Líndal víkur verulega frá norska textanum, þegar hann segir: „Með eðlisréttinn að leiðarljósi geta þegnarnir einungis skírskotað til siðgæðisvitundar valdhafanna.“ Hér gerir Sigurður – eins og svo oft endranær – sig beran að óskýrri hugsun.

Á 19. öld leysti lagaleg söguhyggja í Þýzkalandi náttúruréttarhyggju af hólmi og hefur síðan haft mikil áhrif á norrænan rétt. Hún er réttarkenning, sem – ólíkt náttúrurétti – notast því við hugtök, eins og réttarsannfæringu þjóðar, siðgæðisvitund, réttarvitund og réttartilfinningu. Þegar Sigurður Líndal notar sálfræðileg hugtök hennar, eins og t.d. „siðgæðisvitund“ til útskýringar á náttúrurétti, má vera ljóst, að hann er að rugla saman náttúruréttarhyggju og lagalegri söguhyggju. Réttarvitundin er ekki eingöngu formleg og stofnanabundin, svo sem að lög séu lög og þeim skuli hlýða, heldur getur hún verið frjáls, gagnrýnin og efnisleg. Siðgæðisvitundin er þáttur í henni og hún er ekki bundin við sett lög.

Hver sá sem álítur sett lög stangast á við rétt sinn, getur skírskotað til almennrar réttarvitundar og það kann að hafa í för með sér, að sett lög verði ekki meðtekin sem gildandi réttur, af því að réttarvitundin samþykkir þau ekki. Hún er samkvæmt því eini prófsteinninn á tilvist og gildi laga, sbr. nánar Knud Illum í Lov og Ret (Khöfn 1945) á bls. 53f, 103 og 118 og Alf Ross í Om ret og retfærdighed (Khöfn 1953) á bls. 86-89 og 345-46 og Virkelighed og Gyldighed i Retslæren (Khöfn 1934) á bls. 99-100.

# Evrópuvefurinn: Vettvangur fróðleiks og umræðu

Evrópumál



Þórhildur Hagalín
verkefnastjóri Evrópuvefsins



Vilborg Ása Guðjónsdóttir
verkefnastjóri Evrópuvefsins

Evrópuvefurinn var stofnaður með þjónustusamningi milli Alþingis og Vísindavefs Háskóla Íslands og hóf störf í júní 2011. Evrópuvefurinn er upplýsingaveita um Evrópusambandið og Evrópumál og tilgangur hans er að veita hlutlægar upplýsingar meðal annars um stofnanir og stefnumál ESB, aðildarríki sambandsins og aðildarumsókn Íslands. Fjármagn til Evrópuvefsins kemur frá Alþingi en hann starfar í nánum tengslum við Vísindavefinn og byggir á sömu einföldu hugmynd: að svara spurningum lesenda á skýran og skilmerkilegan hátt. Umfjöllunarefni vefsins stjórnast fyrst og fremst af hugðarefnum spyrjenda.

Auk þess að leggja inn nýjar spurningar geta gestir Evrópuvefsins lesið svör við spurningum annarra. Á Evrópuvefnum er nú að finna svör við rúmlega 200 spurningum. Sem dæmi má nefna Hver yrði árlegur kostnaður Íslands við aðild að ESB? Glata Íslendingar fullveldinu við inngöngu í ESB? Hvað felst í landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, CAP? Hvað tekur okkur langan tíma að fá evru ef aðild að ESB væri samþykkt? Gestir eru eindregið hvattir til að taka þátt í umræðum um svör með því að gera við þau málefnalegar athugasemdir á vefnum.

Á Evrópuvefnum er einnig aðgengilegt ítarefni svo sem tímaás um Evrópusambandið, aðdraganda þess og umhverfi, yfirlit yfir aðildarsögu sambandsins sem og helstu stofnanir og sáttmála. Hluti svaranna afstöðu til þess hvort landið skuli verða aðili að Evrópusambandinu eða ekki. Ýmsir kunna að hafa gert upp hug sinn til aðildar nú þegar en fleiri bíða líklega eftir niðurstöðum viðræðnanna. Hvað sem þessu líður verður Evrópusambandið áfram mikilvægur þáttur í umhverfi okkar, meðal annars vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Fyrir alla sem vilja afla sér upplýsinga um aðdraganda og

> Það er hlutverk vefsins að veita hlutlægar og trúverðugar upplýsingar með það að markmiði að efla málefnalegar umræður um Evrópusambandið.

á Evrópuvefnum myndar handbók um Evrópumál. Í henni eru stuttar útskýringar á hugtökum og fleiru og eru þar nú um 70 flettiorð. Einnig er á vefnum safn tengla í efni sem snertir ESB. Með hjálp leitarvélar vefsins geta gestir leitað eftir efnisorðum sem tengjast því sem þá fýsir að vita og fengið ábendingar um svör og annað tengt efni sem þegar er komið á vefinn.

Ríkisstjórn Íslands sótti um aðild að Evrópusambandinu í júlí árið 2009 og á nú í viðræðum við fulltrúa sambandsins um skilmála aðildarsamnings. Takist að ljúka samningi verður hann lagður fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu og þá bíður það Íslendinga að taka persónulega sögu Evrópusambandsins; löggjöf, réttarframkvæmd og stjórnsýslu í ESB; stefnu og áætlanir ESB; aðildarríkin og afstöðu þeirra eða aðildarumsókn Íslands og hugsanleg áhrif hennar er Evrópuvefurinn rétti staðurinn. Það er hlutverk vefsins að veita hlutlægar og trúverðugar upplýsingar með það að markmiði að efla málefnalegar umræður um Evrópusambandið og tryggja að þjóðin taki upplýsta ákvörðun um aðild þegar þar að kemur. Evrópuvefurinn hefur engra annarra hagsmuna að gæta en að þessum markmiðum verði náð og umræðan um aðild fari þannig fram að menn komi heilir frá leik.

Slóð Evrópuvefsins er http://evropuvefur.is/.

## AF NETINU

### Þungaflutningar og ofsaakstur á vegum landsins

Nú er orðið jólalegt um að litast til fjalla og landið allt jafnhvítt af snjó. Þegar veður eru samt válynd og færð oft viðsjárverð. Þó síður inni í fjöllunum en uppi á hálendisvegunum. Áður fyrr var sjórinn helsti vágesturinn, ásamt vegleysum landsins. Nú er það hraðinn og stálhestöflin á vegunum og í göngunum. Njótum betur umferðarmannvirkjanna sem við hönnuðum fyrir nauðsynlegustu þarfir okkar, en ekki eitthvað allt annað. Ökum hægar, í þéttbýli og dreifbýli, til stranda og fjalla. Gefum okkur alltaf nægan tíma til ferðarinnar, hver sem hún er. Það eitt lágmarkar ótímabæran vina- og ástvinamissi.

blog.eyjan.is/vilhjalmurari

Vilhjálmur Ari Arason




**Jólamarkaður** Hins hússins verður haldinn á morgun en þar mun ungt fólk selja notuð föt, fylgihluti og ýmislegt dót. Markaðurinn verður opnaður í kjallara Hins hússins í Pósthússtræti 3-5 klukkan 13 og stendur opinn til 16.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

EXPO · www.expo.is

# LEIKHÚS-MATSEÐILL

**Forréttur**
**Laxatvenna – reyktur og grafinn lax**



**Aðalréttir**
**Bleikja & humar með hollandaise sósu**
Brasserað fennell, kartöflustappa og ostrusveppir



eða...

**Grillað Lambafille**
Með rófutvennu, sveppakartöflum og bláberja anís kjötsósu



**Eftirréttur**
**Jack Daniel's súkkulaðikaka**
Djúpsteiktur ís og súkkulaðihjúpuð jarðarber



**Þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.**

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hollt, fljótlegt og rosa gott

**Fríða Sophía Böðvarsdóttir kokkur býr til döðlu- og apríkósukonfekt þegar hún á von á gestum.**

Þetta konfekt geri ég oft heima þegar ég á von á fólki í mat. Það er mjög fljótlegt og rosalega gott með ísnum eða kaffinu. Svo er það líka hollt," segir Fríða Sophía Böðvarsdóttir kokkur, en hún lumar á uppskrift að einföldu konfekti fyrir aðventuna.

„Konfektið er líka mjög sniðugt í litlar gjafir um jólin. Ég hef látið grunnskólabörn búa svona til og gefa mömmu og pabba í jólagjöf en það er mjög einfalt fyrir krakka að búa þetta til," segir Fríða en hún hefur kennt matreiðslu í yfir tuttugu ár, í grunnskólum og á námskeiðum í kvöldskóla Kópavogs. Námskeiðin hafa einmitt gengið út á einfalda matargerð og nýlega kom út bókin Matmenn eftir Fríðu.

„Bókin er sniðin að karlmönnum en það geta auðvitað allir eldað þennan mat. Ég er búin að kenna lengi og er farin að þekkja hvað er að flækjast fyrir fólki í eldhúsinu og hvað þarf að einfalda." Áður hafa komið út bækurnar Bakað úr spelti og Bakað í brauðvél eftir Fríðu sem báðar nutu mikilla vinsælda. Þá er hún með enn eina bókina í smíðum en fæst ekki til að ljóstra innihaldi hennar upp. „Það er leyndarmál. Hún kemur út fyrir næstu jól ef ég verð dugleg."

*heida@frettabladid.is*

## OFUREINFALT JÓLAKONFEKT
sem bragð er að

**Apríkósur með salthnetum og súkkulaði**

14 apríkósur
100 g dökkt suðusúkkulaði
50 g salthnetur

*Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Dýfið apríkósunum til helminga ofan í brætt súkkulaðið og veltið þeim upp úr maukuðum salthnetum. Leggið apríkósurnar á bökunarpappír og látið þorna yfir nótt.*



**Döðlukonfekt sem kemur á óvart**

14 döðlur
100 g suðusúkkulaði
100 g hvítlauksostur
15 g kókósmjöl



*Bræðið súkkulaðið. Skerið döðlurnar langsum til helminga og fyllið þær með 1½ tsk. af hvítlauksosti. Dýfið helmingnum af döðlunum ofan í súkkulaðið og veltið þeim upp úr kókósmjöli. Leggið döðlurnar á bökunarpappír og látið þorna.*




Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

Afmælistilboð Nings

og kroppurinn blómstrar

Nings í 20 ár

NINGS

1991 - 2011 20 ára

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is



**Snjórinn er kominn!** Notið tækifærið og byggið snjókarl eða snjóhús með börnunum. Það er aldrei að vita hvenær hann verður rigningunni að bráð.


# Jólafjör í Flash



Kjólar
~~áður kr. 14.990~~
nú 7.990

Kjólar
~~áður kr. 12.990~~
nú 7.990

Kanínuvesti
~~áður kr. 18.990~~
nú 12.990
Litir: svart og grátt

Kjólar og skokkar
~~áður kr. 16.990~~
nú 11.990

Mörg önnur góð tilboð

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur




Magnús með brot af þeim fígúrum sem hann verður með á markaðnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þjóðþekktar fígúrur úr tré

**Magnús Steingrímsson húsasmíðameistari tálgar út fígúrur og furðuverur í tré. Listaverkin verða til sýnis og sölu á árlegum handverksmarkaði Ljóssins sem fer fram í Þróttaraheimilinu á morgun.**

„Þetta er nú bara eitthvað sem ég hef fundið hjá sjálfum mér eða öðrum og sumt er byggt á ljósmyndum af netinu. Þá gaumgæfir maður myndina og reynir að útfæra í þrívídd eftir bestu getu og útkoman er eftir því,“ segir Magnús Steingrímsson, spurður hvaðan hugmyndirnar komi að safni tréfígúra sem hann hefur dundað sér við að tálga út undanfarna mánuði og ætlar að selja á handverksmarkaði Ljóssins á Þróttaraheimilinu að Engjateigi 7 á morgun.

Fígúrurnar eru hver annarri skrautlegri, allt frá rauðklæddum jólasveinum og upp í kunnugleg andlit og ljóst að talsverð vinna hefur verið lögð í að fanga svipbrigðin sem best. Enda segir Magnús ekki síður þörf á þolinmæði en hæfileikum ætli maður að temja sér þá list að tálga í tré.

„Já, oft er þetta alveg heilmikil nákvæmnisvinna enda sumir karlarnir ekki nema rétt rúmir fimm sentimetrar á hæð og engu máli skiptir þótt ég sé lærður húsasmíðameistari. Sem betur fer fékk ég mjög góða leiðsögn í upphafi því annars hefði ég sjálfsagt gefist fljótt upp,“ segir hann og þakkar þar helst Reyni Sveinssyni og Bjarna Þór Kristinssyni leiðbeinendum á handverksstæði Ljóssins. „Að ógleymdum Jónasi heitnum Ragnarssyni sem ýtti mér af stað.“

Magnús segist vera orðinn heimavanur í húsnæði Ljóssins að



Sumar fígúrurnar eiga sér raunverulegar fyrirmyndir. Aðrar skáldar Magnús upp.

Langholtsvegi 43 síðan hann greindist með krabbamein fyrir nokkrum árum. „Þar fékk ég endurhæfingu og stuðning og hef upp frá því reynt að sýna þakklæti mitt með því að taka til hendinni samhliða því að mæta á verkstæðið. Stemningin og samveran er líka svo góð.“

Undanfarið hefur stífur undirbúningur staðið þar yfir vegna fyrirhugaðrar handverkssölu. Stór hópur krabbameinsgreindra og aðstandenda hefur í sjálfboðavinnu búið til handverk, saumað, prjónað, málað, tálgað og smíðað svo fátt eitt sé nefnt en allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til starfssemi Ljóssins að sögn Magnúsar. „Og þessi peningar skipta gríðarlegu máli fyrir starfssemina þar sem allt er gert í sjálfboðavinnu.“

Handverkssala Ljóssins stendur yfir í Þróttaraheimilinu að Engjavegi 7 á morgun frá klukkan 13 til 17.

roald@frettabladid.is


Húsgögn og gjafavara 20%
staðgreiðsluafsláttur föstudag og laugardag






Raksturssett herrans
kr: 18500,-
nú kr: 14800,-
Raksápa nú kr: 2152,-



Tveggja hæða diskur
kr: 6990,- nú kr: 5592,-
Drykkjarkanna
kr: 1990,- nú kr 1592,-





Burleigh matardiskur
kr: 3290,- nú kr: 2632,-
Eden matardiskur
kr: 3590 nú kr: 2872,-

Húsgögn
Vindhanar
Luktir, margar stærðir
Seriur, margar gerðir
Baðvara
Herrarakstursett
Matar og kaffistell
Drykkjarkönnur
Eldfastur leir
Jólakort, kerti ofl.ofl.

Nóra

fyrir bústaðinn og heimilið
Opið: má-fö. 12:30-18:00 Opið á laugardögum til jóla frá 12:00-16:00
Dalvegi 16a. Rauðu múrsteinshúsunum Kóp. 201 - S: 517 7727 www.nora.is



Á FERÐINNI



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457



Samasem



Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.

Mikið úrval af körfum og glervösum.

Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500


Laugardalurinn er kominn í jólabúning. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum keyrir jóalest, á Café Flóru er hægt að fá jólaglögg og ristaðar möndlur og á miðju skautasvelli Skautahallarinnar er ljósum prýtt jólatré.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 2. desember 2011



UNNUR GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR

## STUÐLAR AÐ HEILBRIGÐU LÍFERNI

+ EVALÍN
+ FJÖR Á LAUGAVEGI
+ Á RÚMSTOKKNUM


UNITED
MARGMIÐLUNARSPILARI

VERÐ
Kr. 24.950
1 TB WD

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i
HDMI
WD

# núna

✻ Kakó og piparkökur

**MARKAÐSSTEMNING** Skemmtilegur fatamarkaður verður á Lindargötu 6 á morgun. Hinn ávallt smekklegi Stefán Svan mun selja föt og annað smálegt ásamt Elmu Lísu. Hægt verður að koma höndum yfir merki á borð við Vivienne Westwood, Bruun & Stengade, Filippu K og Bernhard Willhelm. Aðeins er tekið við reiðufé og heitt verður á könnunni! Markaðurinn stendur frá 12 til 18.



## meðmælin



### Jólagleði

Jólamarkaður Pop Up Verzlunarinnar verður nú um helgina og úr nægu er að velja! Markaðurinn fer fram í Hörpunni að þessu sinni og hefst klukkan 12.00 á morgun. Margir hönnuðir verða á staðnum, 31 talsins, og selja vörur sínar og verður hægt að kaupa skrautmuni á heimilið, fatnað og skart. Vakin er athygli á því að ekki er tekið við greiðslukortum, aðeins reiðufé. Markaðurinn er opinn frá 12.00 til 18.00 laugardag og sunnudag.

### Jarðskjálftar í London

Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumsýnir í kvöld verkið Jarðskjálftar í London eftir Mike Bartlett. Verkið fékk góðar viðtökur þegar það var frumsýnt í National Theatre í London í fyrra og tekur meðal annars á umhverfismálum, spillingu og fjölskyldum í upplausn. Í verkinu flétta leikarar saman tónlist, dansi og myndbandsverkum og er leikstjóri verksins Halldór E. Laxness. Miðasala fer fram í síma 895 6994 og á Midi.is og kostar 1.500 krónur.

EVA LÍN TRAUSTADÓTTIR HANNAR FLÍKUR UNDIR NAFNINU EVALÍN:

# GÓÐ BLANDA AF ROKKI OG ÞÆGINDUM

Eva Lín Traustadóttir hannar fatnað undir nafninu evalín og leggur mikla áherslu á þægilega og klæðilega hönnun. Evalín er ársgamalt fyrirtæki sem hefur dafnað hratt.

Eva Lín er menntuð sem þroskaþjálfi og hárgreiðslukona en hefur ætíð haft áhuga á hönnun og tísku. Hún eignaðist sína fyrstu saumavél fyrir tveimur árum og hóf að sauma föt á sjálfa sig. „Ég var svo fljótlega farin að sauma á aðra og á endanum voru pantanirnar orðnar svo margar að ég neyddist til að minnka við mig vinnu til að anna eftirspurninni. Núna læt ég framleiða flíkurnar á Indlandi og vinn á daginn sem þroskaþjálfi,“ útskýrir Eva Lín.

Innt eftir því hvernig föt hún hannar segist Eva Lín vera mikill rokkari í sér og að fötin beri þess merki. „Ætli ég hafi ekki líka verið indíáni einhvern tímann í fyrra lífi því kögur og fjaðrir hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi. Fötin sem ég hanna eru rokkaraleg með indíánaívafi en fyrst og fremst eru þau þægileg, klæðileg og tímalaus. Mig langaði að hanna tímalaus föt sem væru ekki endilega árstíðabundin heldur þannig að ég gæti bætt við línurnar reglulega í stað þess að koma með tvær línur árlega.“

Eva Lín segist ánægð með viðtökurnar og hyggst halda ótrauð áfram að hanna. Hún er ekki farin að huga að frekari umsvifum á tískumarkaðinum og kveðst sátt eins og hlutirnir eru í dag. „Ég vona að fólk haldi áfram að taka vel í hönnun mína en fyrir mér er þetta mikið ævintýri. Ég er ein með tvö börn og það er stórkostlegt að þetta skuli hafa gengið svona vel. En hvað framtíðin ber í skauti sér er alveg óráðið, ég er mjög sátt eins og staðan er í dag,“ segir hún að lokum. Flíkurnar fást meðal annars í versluninni 3 Smárar, á heimasíðu merkisins og í verslunum víðs vegar um landið.

*sara@frettabladid.is*



**Óvæntur hönnuður** Eva Lín Traustadóttir hannar fatnað undir nafninu evalín. Hún segir viðtökurnar hafa farið fram úr hennar björtustu vonum. Flíkurnar sem hún hannar eru rokkaralegar með indjánaívafi.




Carine Roitfeld gefur tískuráðleggingar:

## Mæðgur skulu ekki deila fötum

Carine Roitfeld, fyrrverandi ritstjóri franska Vogue, ræddi tísku og blaðaútgáfu við The Guardian um síðustu helgi og ráðlagði mæðrum að fá aldrei lánuð föt dætra sinna.

„Þegar maður eldist á maður aldrei að deila fötum með dóttur sinni. Aldrei. Miðaldra kona mun aldrei líta vel út í gallajakka og stuttu pilsi, alveg sama hvernig hún er vaxin. Það eru allt of margar miðaldra konur sem klæða sig eins og tvítugar stúlkur. Ég mæli með því að þú farir í gegnum fataskápinn á fimm ára fresti og hugsir: „Get ég ennþá gengið í þessu?“ Það er alls ekki skemmtilegt, en maður neyðist til þess,“ sagði Roitfeld sem nýverið gaf út ævisögu sína, Irreverent.



**Deilir ráðum** Carine Roitfeld segir mæður ekki eiga að deila fötum með dætrum sínum.
NORDICPHOTOS/GETTY

✻ augnablikið



**VERÐLAUNUÐ** Söngkonan knáa Kylie Minogue var heiðruð í heimalandi sínu, Ástralíu, á dögunum. Hún var tekin inn í ARIA Hall of Fame í Sydney síðustu helgi.
NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

iittala









ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

eva solo

# Allir fá þá eitthvað fallegt...

1001 GJAFAVARA FRÁ
RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal







ferm LIVING

Joseph Joseph

menu SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS



ROSENDAHL

marimekko

GEORG JENSEN

stelton










Stuttbuxur og skyrta Coppola er alls ekki ólík Alexu Chung í útliti.

Alexa Chung á sér tvífara:

# Leikstjórabarnið og fyrirsætan

Alexa Chung er löngu orðin þekkt nafn innan tískuheimsins og vakti fyrst athygli sem þáttastjórnandi It‘s On with Alexa Chung á sjónvarpsstöðinni MTV.

Chung er gjarnan á lista yfir best klæddu konur heims og hefur Anna Wintour lýst henni sem „einstöku fyrirbæri“ og því athyglisvert að Chung skuli eiga sér þekktan tvífara. Gia Coppola, frænka Sofiu Coppola, hefur verið að feta í fótspor föður síns, frænda og frænku og lagt fyrir sig leikstjórnun. Hún hefur einnig leikið í nokkrum kvikmyndum og fyrsta hlutverk hennar var í The Godfather. Coppola og Chung þykja ekki aðeins sláandi líkar heldur deila þær fatasmekk og sjást gjarnan í fallegum kjólum, flatbotna ballerínuskóm og með slegið hárið.



Leikstjóraefni Gia Coppola sótti viðburð hjá Chanel nú í október klædd í látlausan og fallegan kjól.



Svartklædd Chung í einföldum og fallegum svörtum kjól.



Klassík Alexa Chung nú í september klædd í ballerínuskó og fallega skyrtu. NORDICPHOTOS/GETTY



Skyrta og pils Chung er hún sótti tískuviðburð í Sydney í Ástralíu nú í september.

NÝJAR SENDINGAR AF
borstofuhúsgögnum
skovby Excellent Dining Rooms



Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns
Hönnuður: Per Hansbæk
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - Laugardaga kl. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375

## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

### Frábær uppskrift að kynlífi

Þú strýkur létt niður eftir börmunum, mjög mikilvægt er að strjúka alltaf niður, fimmtán strokur á hvorn barm. Þegar því er lokið þá færir þú höndina að snípnum, sem er staðsettur fyrir ofan leggangaopið. Þar skalt þú nudda létt í fimm hringi, öfugan sólargang, og svo þrýsta þétt með vísifingri í taktföstum hreyfingum í rúma mínútu. Nú ætti píkan að vera starfhæf og raki að myndast inn eftir leggöngum. Ef fingur rennur ekki auðveldlega inn eftir leggöngum er rakinn er ekki nægjanlegur og því skal endurtaka fyrri leiðbeiningar uns ásættanlegu rakastigi er náð.

Kynlíf og leiðbeiningar. Þegar kemur að skrifum um kynlíf virðast leiðbeiningar alltaf vera jafn vinsælar. Það er sama hvort pistillinn er í blaði fyrir konur eða karla, alltaf skulu vera kynlífsleiðbeiningar sem eru „bestar“. Þú átt að geta snert hér og nuddað þar og þá bregst líkaminn við með fullnægingu. Stellingar fá einkunn eftir fullnægingargildi og formúlan fyrir „fullkomnu“ kynlífi verður til. Þú getur bara opnað kynlífstæknibókina þína og skellt í eitt stykki kynlíf samhliða smákökubakstrinum. Afsakið, en mér leiðist þetta óskaplega.

**Þú átt að geta snert hér og nudda að þar og þá bregst líkaminn við með fullnægingu.**

Til að setja þetta í smá samhengi þá langar mig að nota mat sem samlíkingu því öll þurfum við að nærast. Það er ekki til einn „besti maturinn“ sem hentar öllum. Flestir eiga sína uppáhaldsrétti en þó er ekki þar með sagt að sá réttur sé borðaður í öll mál á hverjum degi. Flest tökum við tímabil þar sem okkur langar meira í ákveðinn mat og líkaminn kallar á að þeirri löngun sé svalað. Þá gerir matur kröfu um smá ævintýragirni, hvort sem það er í fjölbreyttu matarvali eða bragðmiklum kryddum. Kynlíf er alveg eins. Þegar þú lest uppskrift að kynlífi þá getur verið gaman að prufa það en þú þarft að vera í stuði og laga hana að þér og þínum. Fólk vill miskryddaðan mat og þó að uppskriftin segi þér að nudda G-blettinn þangað til að þú ert dofin í fingurgómunum þá er þetta rétt eins og að salta og pipra, þú ferð eftir því hvað þér finnst best. Dass af þessu og skvetta af hinu þar til markmiðinu er náð.

Kynlíf er skemmtilegt, fyndið og fjölbreytt. Það sem virkaði í gær virkar kannski ekki í dag. Ég vil því endilega hvetja fólk til að hætta að smætta sig niður í einhverja ákveðna fullnægingarformúlu. Potaðu, strjúktu, sleiktu, klíptu, bíttu og faðmaðu. Leyfðu þér að hafa gaman af kynlífi og búa til þína eigin uppskriftir. Bestu uppskriftirnar eru þær sem innihalda góðan grunn sem leyfa ýmsar útfærslur og má krydda með smá flengingum, sleipiefni eða kynlífstæki.



*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is*

SOHO MARKET Grensásvegur 8
Flottir kjólar fyrir hátíðarnar – úrvalið er hjá okkur



Kjóll 8.990 svart/rautt, hálsmen 1.790, jakki 10.990
Kjóll 6.990 svart/rautt, hálsmen 3.990, blúnduermar grátt/svart 3.990
kjóll 8.990
kjóll 6.990, hálsmen 3.990, jakki 10.990
Kjóll 9.990 silfur/gull, hálsmen 2.990
Sími 553 7300 • Opið mán–fös 12–18, laugard 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK SOHO MARKET

# NJÓTTU AÐVENTUNNAR MEÐ THE PIER

## DÁSAMLEGUR ILMUR, NOTALEG TÓNLIST OG FALLEGAR VÖRUR

the PIER FOR YOUR HOME

Glæsilegur leðurhornsófi úr gæðaleðri!



Verð: 399.900.-

Eigum einnig fleiri gerðir leðursófa frá 89.900.-

hægri eða vinstri skemill



Kerti 3 fyrir 2



Púðar 3 fyrir 2

Púðar frá 1290.-



NÝ SENDING!

Jólapúðar, löberar og diskamottur í fleiri litum

Löberar frá 1490.-



Aðeins þessa helgi!

Rammar 30%

Rammar frá 690.-



Jólaljós 30%

Seríur og aðventuljós



2990.-

Skrautgreinar 200.-

40-60% afsláttur

af völdu jólaskrauti

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# VILL BÆTA **HEILSU** ÍSLEND

**_Unnur Guðrún Pálsdóttir_ er stofnandi Happs og hefur alla tíð haft mikinn áhuga á heilsu og heilbrigðu líferni. Happ hefur dafnað hratt á skömmum tíma og í vikunni gaf Unnur út sína fyrstu matreiðslubók.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Mynd:* Stefán Karlsson



Unnur Guðrún, eða Lukka eins og hún er oftast kölluð, er sjúkraþjálfi að mennt og starfaði lengi sem einkaþjálfari og flugfreyja. Hún hefur alla tíð haft mikinn áhuga á hollustu og heilbrigðu líferni og er það enn í dag hennar helsta áhugamál.

„Sem barn og unglingur stundaði ég hvers kyns hreyfingu en ég var aldrei í keppnisíþróttum. Ég var mikið í ræktinni og stundaði skíði af kappi en hafði aldrei það markmið að keppa í þeim íþróttum sem ég æfði. Ég starfaði lengi sem einkaþjálfari og ákvað að læra sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands því mér fannst alment vanta upp á grunnmenntun einkaþjálfara hér á landi. Markmiðið var að leggja stund á nám sem mundi nýtast mér sem einkaþjálfara og auka við almenna þekkingu mína á starfsemi líkamans og heilbrigði. Það er umhugsunarvert að öllum finnst sjálfsagt að láta fagfólk klippa sig en af hverju ætti sá sem hugsar um líkama þinn ekki líka að vera lærður í faginu?“

Lukka vann lengi bæði sem einkaþjálfari og flugfreyja og sinnti þá fyrra starfinu á milli þess sem hún flaug á milli landa. Hún stundaði einnig MBA-nám við Háskólann í Reykjavík og að náminu loknu henti hún sér á fullt út í rekstur Happs.

„Tveir uppáhaldsviðskiptavinir mínir í þjálfuninni kvörtuðu oft undan því að þeir höfðu hvorki tíma né þekkingu til að elda sér hollan og góðan mat. Mér fannst mjög mikilvægt að þau næðu tilætluðum árangri í ræktinni og ákvað því að taka það að mér að elda ofan í þessa tvo einstaklinga. Ég keypti aukalega inn í matinn og á kvöldin setti ég saman matarpakka handa þeim. Þetta vatt svo fljótlega upp á sig og áður en ég vissi af var ég hætt að þjálfa og fljúga og farin að stunda eldamennsku, útkeyrslu og bókhaldið fyrir hið nýstofnaða fyrirtæki Happ,“ útskýrir Lukka.

## SANKAÐI AÐ SÉR UPPSKRIFTUM

Í mörg ár las hún og aflaði sér þekkingar um tengsl milli fæðu og heilsu fólks og nýtti þá þekkingu óspart í eldamennskunni. Fljótlega hóf hún að sanka að sér uppskriftum að heilsuréttum og fékk til liðs við sig mágkonu sína, Ernu Sverrisdóttur heimilisfræðikennara.

„Ég var mjög heppin að fá Ernu til liðs við mig því minn bakgrunnur liggur fyrst og fremst í virkni fæðunnar en Erna sér um að réttirnir bæði bragðist vel og gleðji augað. Hún nostrar við réttina og mottó hennar er að matardiskurinn eigi að bera það með sér að þeim sem eldaði þyki vænt um þig. Þetta lærði ég af henni og finnst orðið mjög mikilvægt.“

Lukku finnst að fólk ætti að temja sér heibrigt líferni og hollar matarvenjur því það skili sér margfalt til baka í framtíðinni. „Fólk ætti að venja sig á að borða hreina fæðu, sem er allt það sem þú getur séð fyrir þér vaxa eða kjöt af dýrum sem alin eru á lífrænan hátt. Kjúklingakjöt er til dæmis alls ekki jafn hollt og margir halda og þá er betra að fá prótín úr sellerí eða spínati. Hugsunin á bak við Happ er sú að við viljum ekki stífar reglur, fólk á heldur að safna góðum venjum en að neita sér um það sem því þykir gott.“

## HOLLUSTAN EKKI DÝRARI

Í dag er starfsemi fyrirtækisins margþætt og hægt er að gerast áskrifandi að ólíkum matarpökkum frá Happ eða heimsækja annan af tveimur veitingastöðum sem bera sama nafn. Happ býður einnig upp á veisluþjónustu og sendir hádegisverð til fyrirtækja. Lukka segir kúnnana marga og ólíka en eiga það sameiginlegt að vilja njóta lífsins fullir af orku.

„Best væri ef allir gætu gefið sér tíma til að elda hollan og góðan mat sjálfir en ef fólk hefur hreinlega ekki tíma þá er betra að eiga þann valkost að kaupa einhvers staðar hollan mat heldur en að kaupa skyndibita.“

Innt eftir því hvort það sé ekki dýrt að gerast áskrifandi að matarpökkum fyrir alla fjölskylduna segir Lukka ekki hægt að velja bæði ódýrasta hráefnið og bestu heilsuna. „Happ í Höfðatorgi er í sama húsi og Hamborgarafabrikkan og það er sama verð á réttunum okkar þannig að holl fæða er ekki endilega dýrari.“

## TEKUR ÞÁTT Í JÓLABÓKAFLÓÐINU

Á þriðjudaginn var kom út matreiðslubók með uppskriftum frá Happi og inniheldur hún um áttatíu uppskriftir að hollum réttum. Bókin er byggð þannig upp að fólk getur nú sett saman sinn eigin matarpakka fyrir hvern dag vikunnar og því má meðal annars finna uppskriftir að morgunmat, hádegisréttum, millimálum og kvöldverðum auk safa.

„Ég hef gengið með hugmyndina að þessari bók í maganum í þó nokkurn tíma og fannst þetta rökrétt framhald af veitingastöðunum. Við Erna höfðum oft rætt það hvað okkur langaði mikið að gefa út matreiðslubók þannig að þegar Forlagið hafði samband við okkur ákváðum við að láta það verða að veruleika að búa til bók sem getur bætt heilsu Íslendinga.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Lukka tekur þátt í jólabókaflóðinu svokallaða og segist hún afskaplega spennt fyrir útgáfunni. „Það kom mér á óvart hversu spennt ég er. Ég hlakka mikið til að ganga inn í bókabúð og sjá bókina þar í hillunni.“

## FÖSTUDAGARNIR HEILAGIR

Lukka er gift og á tvo syni sem eru tíu og þrettán ára gamlir. Þótt drengirnir séu mjög meðvitaðir um hvað sé holl fæða segir Lukka þá ekkert frábrugðna öðrum íslenskum börnum þegar kemur að fæðuvali.

„Strákarnir fá að ráða kvöldmatnum á föstudögum og undantekningarlítið velja þeir hamborgara eða pitsu og því má segja að þeir séu ósköp venjulegir drengir þegar kemur að þessu. Margir halda að ég sé einhvers konar „matarlögga“ en ég er langt frá því. Ég leyfi mér alveg óhollustu í hófi og borða bæði nammi og drekk kaffi,“ segir Lukka og brosir.

> *Margir halda að ég sé einhvers konar „matarlögga“ en ég er langt frá því. Ég leyfi mér alveg óhollustu í hófi og borða bæði nammi og drekk kaffi.*



# DINGA



**Með hollustuna að fyrirrúmi**
Unnur Guðrún Pálsdóttir, eigandi Happs, segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á hollu fæði og heilbrigðu líferni. Hún vann áður sem einkaþjálfari og flugfreyja.

Aðspurð segist hún sjaldan eiga frí úr vinnu en að henni þyki best að eyða frídögunum í faðmi fjölskyldunnar.

„Mér finnst voða gott að eyða frídögunum bara með fjölskyldunni. Við reynum að eiga alltaf saman föstudagskvöld og þau eru alveg heilög fyrir mér. Maðurinn minn er flugmaður og stundum skrepp ég með honum í vinnuna þegar ég þarf frí frá dagsins amstri og nýt þess þá að komast í annað umhverfi. Mér finnst líka mjög gott að fara út að skokka þegar ég er þreytt og verð alveg endurnærð eftir það.“

Spurð út í framhaldið segist Lukka ætla að einbeita sér að rekstri Happs eins og staðurinn er í dag en útilokar ekki áframhaldandi útþenslu.

„Mig langar bara að halda áfram að reka gott fyrirtæki sem stuðlar að heilbrigðara líferni. Draumurinn er að þróa matvörulínu undir nafni Happs einhvern tíma í framtíðinni en við sjáum hvað setur. Ég hef aldrei unnið lengri vinnudag og fyrir jafn lág laun en á sama tíma hef ég aldrei verið ánægðari í starfi,“ segir Lukka að lokum.

## * bak við tjöldin



Öll fjölskyldan samankomin í Birkilaut.



Nokkuð dæmigerð mynd fyrir síðustu fjögur ár. Ég átti afmæli þennan dag en gaf mér greinilega ekki tíma til að taka niður svuntuna þegar eiginmaðurinn birtist með afmælisköku. Hún var borðuð í hópi kærs samstarfsfólks.



Eiginmaðurinn slappar af á besta stað á Íslandi, Birkilaut við Heklurætur.



Ég með strákunum mínum á fótboltamóti á Laugarvatni.










**Ánægðar** Guðbjörg Ingvarsdóttir, hönnuður og eigandi Aurum, ásamt Söndru Gobec frá L'Artisan og Helgu Guðrúnu Friðriksdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÍF OG FJÖR Á LAUGAVEGINUM:

# FLOTTIR GESTIR

Líf og fjör ríkti á Laugaveginum um síðustu helgi er GK Reykjavík fagnaði því að ár er liðið frá eigendaskiptum og verslunin Aurum hélt upp á það að ilmvatnið frá L'Artisan skuli nú fást í versluninni.

Fjöldi gesta leit inn, gæddi sér á veitingum og ræddi saman um daginn og veginn og má með sanni segja að jólaandinn hafi svifið þar yfir vötnum.



**Plötusnúður** Plötusnúðurinn Gísli Galdur var fenginn til að þeyta skífum í veislu GK Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Smekkfólk** Drífa Atladóttir, starfsmaður GK, ásamt manni sínum, Hendrik P. Sigurðssyni.



**Glaður verslunareigandi** Ása Ninna Pétursdóttir, annar eigenda GK Reykjavíkur, fagnaði áfanganum ásamt Kristjóna Kjartansdóttur.



**Góðir gestir** Þær Ylfa og Angie litu við í Aurum til að kynna sér ilmvötnin frá L'Artisan.



**Jólagleði** Stílistinn Ellen Loftsdóttir og fatahönnuðurinn Eygló Margrét Lárusdóttir létu sig ekki vanta.

www.lyfja.is




LYFJA
- Lifið heil

KYNNING

# Gjafir sem gleðja



## Nýr og glæsilegur ilmur frá Escada

Especially Escada er nýr glæsilegur og fágaður ilmur með mildum kvenlegum blæ.

Séreinkenni ilmsins er búlgörsk rós sem er einhver mikilfenglegasta rósartegund heims.

Ilmurinn fæst í EDP 30 og 50 ml. Body lotion og sturtugeli.



Signatures of Nature, Smáralind

## Tækifærisgjöf.

Lemongrass baðsalt og Body butter lemongrass, bæði gefa húðinni mikla næringur og mýkt.

Vörurnar innihalda engin kemisk efni og henta fyrir allar húðgerðir.



Signatures of Nature, Smáralind

## Slakandi Lavander dekur.

Lavender sturtusápa, rakagefandi líkamskrem og lavander kerti sem fyllir baðherbergið af lavander ilm.

Vörurnar innihalda engin kemisk efni.

Hentar fyrir allar húðgerðir.

www.signaturesofnature.is




## Almond

Möndlulínan er ein vinsælasta lína L'Occitane enda er ilmurinn af henni guðdómlegur.

Möndlulínan bæði mýkir og stinnir húðina.

Gjafakassi með sturtuolíu 250ml, líkamsskrúbb 50ml, húðkremi 50ml og tveimur baðsápum 50g



## Délice des Fleur:

Jólalína L'Occitane er innblásin af sælgætisgerð frá Provence sem framleiðir sykurhúðuð blóm og sykurgljáða ávexti sem eru vinsælir eftirréttir fyrir jólin. Ilmurinn af Délice des Fleur vörunum minnir á ljúffeng sykurhúðuð rósa- og fjólublöð.

Handkrem 30ml , Sturtusápa 250ml, Húðmjólk 250ml, Eau de Toilette 75ml, Ilmkrem 10g




## Maybelline:

Glæsileg Maybeline askja með One-by-One nýjasta maskaranum í Maybelline línunni, sem gerir augnhárin sérstaklega áberandi ásamt svörtum augnblýanti.




## L'Oréal:

Glæsileg L'Oréal askja með Volume Collagen Million Lashes maskaranum sem fangar hvert augnhár og gefur aukið umfang.

Ásamt Duo Eyeliner sem getur gert bæði netta línu fyrir dagförðun eða þykkari línu fyrir kvöldförðun.



NÝTT Á ÍSLANDI

## Hearts & Daggers

Flott Ed Hardy gjafasett.

Parfum spray 100ml. Glimmer body lotion 90ml. Bað og sturtugel 90ml.

Lítið glas af ilm, tilvalinn í tösku eða vasa.

Fæst í Hagkaupum.



NÝTT Á ÍSLANDI

## Hearts & Daggers

Flott Ed Hardy gjafasett.

Parfum spray 100ml. Glimmer body lotion 90ml. Bað og sturtugel 90ml.

Lítið glas af ilm, tilvalinn í tösku eða vasa.

Fæst í Hagkaupum.



NÝTT Á ÍSLANDI

## Hearts & Daggers

Flott Ed Hardy gjafasett fyrir herra.

Toilette spray 100ml. Hár og líkamssápa 90ml. Roll on.

Lítið glas af ilm, tilvalinn í tösku eða vasa.

Fæst í Hagkaupum.




## Burberry Body

Nýr glæsilegur ilmur frá Burberry, burberry Body. Ilmurinn inniheldur cashmir, amber, vanilla og musk sem gerir hann heitan, þokkafullan og kvenlegan. Burberry Body hefur allt að bera sem konan leitar eftir í sínum ilm og glæsileg hönnun flöskunnar fangar augað strax.

Burberry Body línan er 35ml og 60 ml EDP, 60ml Intence og Body milk spray.




## Elizabeth Arden, RED DOOR.

Ilmurinn Red Door Frá Elizabeth Arden er kominn vegna 100 ára afmælis Elizabeth Arden.

Ilmurinn er heitur og kynþokkafullur fyrir konuna sem þorir að láta taka eftir sér því hann fer ekki framhjá neinum.

Ilmurinn Red Door kemur í 30ml EDT, 50 ml EDT og 50 ml EDP og sturtusápa.

Falleg taska fylgir hverjum ilm fram að jólum.

## Chanel N°5




Innan Chanel N°5 ilmsins, myndast hið fínleg, hið ósýnilega sést í hverju augnaráði, þátíð verður nútíð. Tíminn stendur í stað. Nú meir en nokkru sinni fyrr eru töfrar goðsagnarinnar endurnýjaðir. N°5 Intense Bath Oil kemur í 250 ml glasi aðeins fyrir jólin. Unaðurinn er algjör, nokkrir dropar í baðvatnið og húðin verður einstaklega mjúk og ilmandi. Endurnærir líkama og sál.

## Shalimar Parfum Initial




Nýr ilmur frá Guerlain, seiðandi og kynþokkafullu fyrir nútímakonuna. Ilmurinn inniheldur meðal annars Jasmín, vanillu og hvítt musk sem gerir hann einstaklega mjúkan. Hönnun flöskunnar heldur sér frá 1921 en innihald ilmsins er sett í samhengi við nútímann. Línan inniheldur 30ml og 50ml EDP, sturtusápu og bodylotion.




## Versace Yellow Domond

Guli demanturinn frá Versace er mjög tær ilmur, hreinn, kynþokkafullur og mjög kvenlegur.

Kemur í 30 ml EDT, 50 ml EDT og body lotion.



## Jean Paul Gaultier

Le Male "Terrible" er þýðing á: karlmaðurinn er "hræðilegur" villtur… sem bíður hættunni heim. Ástríðfullur, skapstór og ótrúlega kynæsandi….Le Male er einn vinsælasti herrailmur um allan heim, línan inniheldur ilminn í 3 stærðum, after shave, deo stick.



## 120 lita augnskuggapalletta

120 lita augnskuggapalletta með öllum þeim litatónum sem þú getur hugsað þér. Mattir og sanseraðir í bland. www.noname.is



## Varalita palletta

10 fallegir hágæða varalitir sem endast ótrúleg vel með lúxus útdraganlegum varalitabursta í veskið.



## 16 gæða burstaveski

Burstaveski með 16 gæðaburstum (professional) með mittisól. Frábært verð á www.noname.is



## Brúntóna augnskuggapalletta

Mattir og sanseraðir litir. Ljósir og dökkar litir í bland, drauma pallettan fyrir þær sem eru hrifnar af brúnu.

www.noname.is




## Maskari sem þéttir og lengir

Volume Express maskari, þéttir og lengir augnhárin.

2 fyrir 1 til jóla á jólatilboðssíðu www.noname.is

# Gjafir sem gleðja

KYNNING



## YFIRHEYRSLAN

**Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður hljómsveitarinnar Hjaltalín og starfsmaður Senu.**

**Ertu A- eða B-manneskja?** Grimm A-týpa á virkum dögum en annars frekar óvirkur.



**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Er í Laxnessmaraþoni. Búinn með Gerplu, Atómstöðina og Barn náttúrunnar og er núna í Paradísarheimt.

**Ef ég byggi ekki í Reykjavík, byggi ég í:** Ósló. Fyrirheitna landið.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Eyrnaband.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Eilífa hamingju og/eða uppþvottavél.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Hotel California með Gipsy Kings, en svona nýverið hefur Miguel Campell og lagið Something Special alfarið séð um það mál.



**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég er með ofnæmi fyrir öllum loðdýrum. Minnst fyrir hundum en mest fyrir úlföldum.



**Uppáhaldsdrykkurinn:** Kampavín.








Trérennibekkir, 3/4 Hp+hraðastíring, Kynningarverð. www.trelist.web.officelive.com S.5531580



Þjóðlagagítarpakki kr:22.900,- Gítar,poki,ól,auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Gott nudd - 105 Rvk/ Hlíðar**
Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Kem einnig í heimahús. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Litlir og sætir Chihuahua hvolpar með ættbók. Tilb. til afhendingar. Uppl. í s. 897 8848.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

## Ýmislegt

Mikið úrval af glæsilegum Kristal og Postulíni til sölu í Víkurhvarfi 2 í Kópavogi. Komið og gerið góð kaup fyrir jólin. Opið föstudag frá 15-19 og laugardag frá 11-16. Upplýsingar í síma 898-5878.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**Kuldagallarnir komnir.**
Stærði XXS - XXL Verð kr. 29.900 HESTAR OG MENN SÍMI 567 3300 www.hestarogmenn.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu ca.25 fm. Studio íbúð í Þingholtsstræti laus strax. Leiguverð 75 þúsund pr. Mán. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið thorunn74@gmail.com

Til leigu nýuppgerðar 90 pg 100 fm. íbúðir við Ármúla, 3ja og 4ra herbergja. Minni íbúðin er samþykkt íbúð . Mánaðarleiga 140.000, einn mánuður fyrirfram auk 3ja mánaða bankatryggingar eða tryggingarfjár. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Dýrahald ekki leyft. Sendið tölvupóst til 4@4.is með upplýsingum um fjölskyldustærð, atvinnu osfrv.

Herbergi til leigu frá 1 desember í Hafnarfirði, 43000 kr á mán. s: 8447075

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. Sími: 661 5219.

**Íbúð í Hafnafirði**
Til leigu 4ja herb. íbúð í Áslandi í hfj. íbúðin er björt og í góðu ástandi með sér inngangi, geymslu og þvottahúsi. Laus strax. Leiguverð 160þ. á mán. Uppl. sendist á toppibud@visir.is

## Húsnæði óskast

vantar íbúð til leigu í Kópavogi sem fyrst. Er einstæð móðir með einn strák. upplýsingar í s: 8684557 Ingileif

## Fasteignir



**Funalind- falleg 3ja herb.íbúð**
Funalind- falleg 3ja herb.íbúð með bílskúr- Frábært verð Til sölu falleg og björt ca. 108 fm íbúð á 2.hæð ásamt 25.4 fm bílskúr. Laus strax. Ekkert áhvíl/engin skipti. Verð 23.9 millj.Stefán sýnir s: 895-2049

## Iðnaðarhúsnæði óskast

**Iðnaðarhúsnæði Óskast til leigu.**

Óska eftir að taka á leigu til nokkurra ára 300 – 500 fermetra iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludyrum og einhverju útiplássi á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið verður notað undir lager fyrir bygginгavörur, verkstæði fyrir vélar og verkfæri og vinnslu á kambstáli.

**Upplýsingar gefur Örn í síma 897 2794.**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 70m2 iðnaðarb í Garðabæ góð aðkoma góð hurð v 85þ uppl 892 7858

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**VANAN Pizza bakara vantar/Pizza baker needed**
**Vantar vanan pizzubakara sem fyrst. 20 ára og eldri.**

**Áhugasamir hafi samband við Sollu á Grensásvegi 10, milli kl 11-18 S. 663 2502 rizzo@rizzo.is**

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun á næturnar Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

Óskum eftir dyravörðum í desember Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Gæti hentað félögum til fjáröflunar. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**

**Veitingahús Nings óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og starfsfólki á vaktir. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 20 ára eða eldri og íslenskumælandi.**
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

Sushibarinn Laugarvegi 2 óskar eftir fólki í vinnu, reynsla af eldhússtörfum æskileg. Upplýsingar á staðnum eftir kl. 16 eða sendið póst á brynja@hresso.is

**Smiður óskast!**
Smiður óskast til Noregs. Þarf að vera vanur að byggja norsk timburhús. Uppl. í s. 004748132004.

## Atvinna óskast

Kona á besta aldri óskar eftir vinnu, er vön sölumennsku, verslunarstjórn og almennum skrifstofustörfum. Get byrjað strax. S-861-2142

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

**Jólasveinar**
Hurðaskellir og Gluggagægir koma með harmonikkuna og syngja með börnunum. Fyrirtæki-Stofnanir-Heimili. Uppl. S. 8917711

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Atvinna

Grindavíkurbær

**Rekstur líkamsræktar í sundmiðstöð Grindavíkur**

Grindavíkurbær óskar eftir samstarfi við áhugasama aðila um rekstur líkamsræktar í Sundmiðstöð Grindavíkur. Líkamsræktaraðstaðan er tæpir 60 m2. Í íþróttamiðstöðina koma á ári hverju 60 til 70 þúsund gestir og þar af eru um 25 þúsund sundlaugargestir á almenningstímum.
Unnið er að hönnun nýrrar aðstöðu við íþrótta- og sundmiðstöð Grindavíkur sem gerir ráð fyrir að líkamsræktaraðstaða batni til muna og verði 300-400 m2 að stærð. Áætlað er að sú aðstaða opni eftir um 2 ár. Í Grindavík er öflugt og fjölbreytt íþróttastarf og íbúar um 2800.
Miðað er við að líkamsræktarstöðin opni í janúar.
Tilboðum skal skila á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar eða í t-pósti á grindavik(hja)grindavik.is merkt **„Líkamsrækt" fyrir 15. desember næstkomandi.**
Nánari upplýsingar má fá á vef Grindavíkurbæjar www.grindavik.is og hjá bæjarstjóra.

## Tilkynningar

FISKISTOFA

**Sérstök úthlutun í skötusel.**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út reglugerð nr. 1093/2011, um ráðstöfun aflaheimilda í skötusel á fiskveiðiárinu 2011/2012.

Reglugerðina má sjá á vef Fiskistofu, en þar er einnig eyðublað til að sækja um úthlutun.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2011**, og skulu umsóknir sendar Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði. Fax 569 7991

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Uppboð á réttindum til notkunar á tíðninni FM 100,5 MHz á Suðvesturlandi**

Póst- og fjarskiptastofnun auglýsir hér með uppboð á réttindum til notkunar á tíðninni FM 100,5 MHz, á Suðvesturlandi. Með uppboði þessu er leitað boða í staðgreiðslugjald sem bjóðendur eru reiðbúnir að greiða fyrir fyrrgreind réttindi. Úthlutun réttinda samkvæmt skilmálum uppboðsins fer fram á grundvelli laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Uppboðið fer fram þann 30. desember 2011 á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar að Suðurlandsbraut 4 og hefst það kl. 14:00.

Skilmála, skráningareyðublað og sýnishorn af tíðniheimild þeirri sem boðin er upp er að finna á vef stofnunarinnar **www.pfs.is**.

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Varnargarðar við Jökulsá á Fjöllum við Herðubreiðarlindir, Skútustaðahreppi**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **30. desember 2011.**

**Skipulagsstofnun**



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**60 ÁRMANN REYNISSON RITHÖFUNDUR** er sextugur í dag.
*„Út af fyrir sig er ég ánægður með að vera umdeildur fyrr og síðar, því sá sem er ekki umdeildur hefur náttúrlega ekkert að segja.“*



**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA** Gerður Árnadóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, vonast til að sjá sem flesta á fjölskylduskemmtun á Alþjóðadegi fatlaðra á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ALÞJÓÐADAGUR FATLAÐRA 3. DESEMBER: BLÁSIÐ TIL FJÖLSKYLDUSKEMMTUNAR

## Húllumhæ fyrir fjölskylduna

Alþjóðadagur fatlaðra er á morgun. Af því tilefni munu Landssamtökin Þroskahjálp, Ás styrktarfélag og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra blása til fjölskylduhátíðar í Æfingastöðinni við Háaleitisbraut og Lyngási.

„Hér verður mikið húllumhæ og fjölbreytt dagskrá á morgun,“ segir Gerður Árnadóttir, formaður Þroskahjálpar.

„Við ákváðum að samtökin sameinuðust um léttan fjölskyldudag í ár, fyrst að Alþjóðadaginn ber upp á laugardag. Í stað þess að setja saman formlega fullorðinsdagskrá verða hér trúðar á ferð, upplestur úr bókum og ýmiskonar þrautabrautir og jólaföndur fyrir krakkana,“ bætir hún við en meðal þeirra sem lesa upp eru Ugla Egilsdóttir, sem les upp úr bók Áslaugar Ýrar „Undur og örlög“. Eva María og dætur flytja sagnadansa úr bókinni „ Dans vil ég heyra“ og Óliver Tumi 6 ára segir smásögu. Þá býður Álfrún Helga Örnólfsdóttir upp á krakkajóga og á staðnum verður listasmiðja, ljóskeragerð og leikbúningar og jólamyndataka fyrir börn, kakó og piparkökur.

„Það verður líka hreyfiprógramm í öllum sölum hússins og hægt að skoða húsnæðið og kynnast starfseminni. Hér er hjólastólahreyfibraut sem gestir geta prófað og farið í boltaleiki í sal. Þá verður sérstakt skynörvunarherbergi í Lyngási þar sem meðal annars verður spilað lag eftir tónlistarmennina Jónsa og Alex, sem þeir sömdu sérstaklega fyrir daginn og tengist slökun,“ segir Gerður.

Húsið verður opnað klukkan 10.30 en klukkan 11 hefst formlegri dagskrá. Þá mun Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra afhenda Múrbrjóta, viðurkenningar Landssamtakanna Þroskahjálpar.

„Múrbrjótarnir eru viðurkenningar sem veittar eru fyrir verkefni sem miða að því að breyta stöðu fatlaðra í samfélaginu og stuðla að framþróun í málefnum fatlaðra. Við höfum veitt Múrbrjóta undanfarin ár á þessum degi,“ segir Gerður og vonast til að sjá sem flesta á morgun.

„Allir eru hjartanlega velkomnir og við hvetjum fólk til að nýta tækifærið til að skoða æfingaaðstæður fyrir fötluð börn en aðallega til að hafa gaman og eiga skemmtilegan dag með okkur.“

heida@frettabladid.is

---



†

*Móðir mín elskuleg,*

**Anna Sigríður Magnúsdóttir**

Stangarholti 8, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 15. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til starfsfólksins á deild L-4 Landakotsspítala fyrir góða umönnun og hlýju.

**Einarlína Erla Ársælsdóttir**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hólmfríðar V. Kristjánsdóttur**

Hæðargarði 29.

**Helga Þorkelsdóttir** — **Andréas Þórðarson**
**Kristján Þorkelsson** — **Sigurdís Sigurðardóttir**
**Guðmundur Þorkelsson** — **Kristjana Stefánsdóttir**
**Guðríður Þorkelsdóttir** — **Guðmann Héðinsson**
**Viðar Þorkelsson** — **Sigríður Svava Þorsteinsdóttir**
**og ömmubörn**

---



†

*Elskuleg móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Magnúsdóttir**

geðlæknir
Hvassaleiti 56, Reykjavík,

sem andaðist sunnudaginn 27. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur læknis (s: 565 2260) til styrktar skurðlækningum við brjóstakrabbameini við Landspítala.

**Sólveig Grétarsdóttir** — **Guðmundur A. Guðmundsson**
**Jóhanna Fríða Guðmundsdóttir**
**Grétar Örn Guðmundsson** — **Arndís Huld Hákonardóttir**

---

†



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðbjargar Sigrúnar Valgeirsdóttur.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Guð blessi ykkur öll,**

**Kristján Guðmundsson** — **Guðfinna Skúladóttir**
**Valgeir Guðmundsson** — **Hildur Bæringsdóttir**
**Ólafur Guðmundsson** — **Steinunn Margrét Arnórsdóttir**
**Einar Kristbjörn Guðmundsson**
**Sigurður Rúnar Guðmundsson**
**Ólöf Minný Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg S. Guðmundsdóttir** — **Guðmundur S. Ásgeirsson**
**Birgir Már Guðmundsson** — **Nína Elisabet Sandberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Auður Eyvinds**

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 5. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnast hennar er bent á Líknardeildina í Kópavogi.

**Sigurgeir Ingi Þorkelsson**
**Elísabet Sól Þorkelsdóttir**
**Ísak Dagur Þorkelsson**

---



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Marteinsson O´Leary**

fyrrv. hjúkrunarforstjóri,

lést þriðjudaginn 29. nóvember 2011 á Droplaugarstöðum.

**Katrín Guðmundsdóttir** — **Guðni Oddsson**
**Guðmundur Guðnason** — **Alma María Rögnvaldsdóttir**
**Eva Hrönn Guðnadóttir** — **Þór Vilhelm Jónatansson**
**Marteinn Guðmundsson**
**Katrín Guðmundsdóttir**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórhalla Þorsteinsdóttir**

frá Ásbrún, Vopnafirði,

sem lést fimmtudaginn 24. nóvember á legudeild Sundabúðar, verður jarðsungin frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 3. desember kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Ragnarsson**

Stóragerði 26,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð á Vífilsstöðum miðvikudaginn 30. nóvember.

**Hulda Haraldsdóttir** — **Pétur Hans Baldursson**
**Ragnar Haraldsson** — **Birna Garðarsdóttir**
**Ingibjörg Haraldsdóttir** — **Hallgrímur Sigurðsson**
**afa- og langafabörn.**

# PHILIPS






## AMBILIGHT BAKLÝSING

ambi light

Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

**Philips 37PFL7606T**
37" 3D LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 400Hz Perfect Motion, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum DVB-T2/C móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Ethernet, Optical út, VGA, SD kortalesari, CI rauf, Smart TV (tengist við netið þráðlaust) ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 249.995

EASY 3D · ambi light · Pixel Precise HD · 400Hz CLEARLCD · HD Natural Motion · Full HD 1080p · Net TV · dlna CERTIFIED · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE




Philips 42PFL7406T

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 259.995




Philips 42PFL7606T

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 289.995




Philips 47PFL7606T

**TILBOÐ**
**329.995**
FULLT VERÐ 369.995




Philips 55PFL7606T

**TILBOÐ**
**449.995**
FULLT VERÐ 499.995

EISA AWARD Best Product 2011-2012 3D TV Philips 46PFL9706

**Philips** hefur hlotið EISA verðlaun fyrir sjónvörp 10 ár í röð. **EISA** eru virtustu verðlaun í evrópu þar sem yfir 50 fagtímarit bera saman bækur sínar og velja bestu tækin ár hvert.

**Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2011.**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** örverpi, **6.** pot, **8.** örn, **9.** draup, **11.** samanburðarteng., **12.** blossaljós, **14.** kjöt, **16.** sjó, **17.** sjór, **18.** heiður, **20.** nafnorð, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** guð, **4.** fjölmiðlar, **5.** málmur, **7.** raddbönd, **10.** frostskemmd, **13.** er, **15.** krass, **16.** mar, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** urpt, **6.** ot, **8.** ari, **9.** lak, **11.** en, **12.** flass, **14.** flesk, **16.** sæ, **17.** mar, **18.** æra, **20.** no, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT:** **1.** golf, **3.** ra, **4.** pressan, **5.** tin, **7.** talfæri, **10.** kal, **13.** sem, **15.** krot, **16.** sær, **19.** af.


Helgarblað
alla laugardaga



Allir geta orðið máttugir

Halldóra Geirharðsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson heimsóttu Haítí og Sierra Leone á vegum UNICEF og sáu hversu mikil áhrif hvert einasta heimsforeldri hefur á líf barna.

Meðal annars efnis:

Ólgandi kraftur eða óskiljanleg uppsetning?
Álitsgjafar velja bestu og verstu plötuumslög ársins.

Enginn öruggur í Game of Thrones
Framleiðendur þáttanna elska Ísland.



Allt sem þú þarft


# Jólastjörnuholið

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Jólin jólin alls staðar, jólin jólin koma brátt, jólasveinninn gefur gott í skó, það heyrast jólabjöllur og börnin fara að hlakka til og jólasveinn birtist hér og unaðsleg jólastund. Það eina sem skiptir máli er að niðurtalningin er hafin og með henni kemst skrið á undirbúninginn sem hjá nokkrum hófst í september með jólasultugerð, hjá sumum í október með upphafi hannyrða til jólagjafa, nokkrir byrjuðu í nóvember að föndra jólakort og skrifa. Einhverjir forsjálir keyptu reyndar jólagjafirnar á útsölunum í ágúst. En hvað um það, þeir dagar eru liðnir og koma ekki aftur. Frá og með gærdeginum fór allt á jólafullt.



**JÓLAFÖNDUR,** jólapróf, jólaseríur, jólaskraut, jólapúðar, jólapeysur, -treflar og -sokkar, jólaeyrnalokkar (í miklu uppáhaldi hjá pistlaskrifara), jólaskógarhögg, jólamorgunkaffi, jólahádegisverðarfundur, jólakaffi, jólakvöldverður, jólahlaðborð, -vín, -bjór og -kaffi, jólasmákökur, jólastórkökur, jólagjafir, jólalán, jólasýningar, jólaböll, jólabasar, jólalög, jólalög, jólalög … jólaþrif, jólalögmál og jólareglur og siðir og hefðir og venjur, jólakveðjur, jólaheimsóknir, jólasveinar, jólakettir, jólamenn, -konur og -börn. Jólasnjór? Vonandi!

**ENDA ER** ekki til lítils að vinna. Jólin eru jú bara einu sinni á ári. Í þrjá daga.

**VIÐ VERÐUM** að hittast, spila, föndra, drekka saman, borða saman, skoða jólaskrautið, fara á tónleika, syngja saman, dansa saman, borða og drekka saman, finnast, minnast, mynnast, hnipra okkur saman með rauðan vasaklút, litlu kertin okkar og hýrlegt bros á vör á móti ísköldu svartnættinu fyrir utan. Jólin verða að vera eins og þau eiga að vera því annars eru þau ekki eins og þau eru vön að vera. Jólin eru á hverju ári, bara einu sinni reyndar, jólasvimi, jólaglýja, jólagleymska, jólafjör.

**Á ÞESSUM** þremur dögum á að borða mat fyrir heilan mánuð, drekka malt og appelsín eins og kassinn sé á síðasta söludegi, hitta alla fjölskylduna, spila við alla vinina, lesa margar bækur, hlusta á góða tónlist, leika við börnin, horfa á jólaþætti og myndir og eiga kyrrðar- og slökunarstundir með sjálfum sér eftir allt jólaannríkið. Jólin verða allt og allt verður jóla.

**ÉG ELSKA JÓL.** En ég gleymi því, eins og svo margir aðrir, að tíminn líður yfir jólin eins og aðra daga. Jólastjarnan er ekki eitt af svartholum himingeimsins þar sem tíminn líður ekki, með endalausu úrvali klukkustunda til að hitta og vera og njóta og gera. Jólin eru sjötíu og tveir klukkutímar og einhverja þeirra verður að sofa líka.

**EN ÞAÐ** breytir því ekki að ég hlakka svo til, ég hlakka alltaf svo til …

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Mögnuð ævisaga
sem kemur á óvart!




**1. Sæti**
Eymundsson
Handbækur/fræðibækur/ævisögur
23.-29.11.11

# ÆVINTÝRI LÍKUST!


*Þorfinnur Ómarsson*

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í **St. Pétursborg.** Við sögu koma heimskunnar persónur eins og **Vladimír Pútín** og borgarstjórinn í St. Pétursborg en líka **dularfullir karakterar** í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunnum **íslenskum útrásarvíkingum**. Skin og skúrir, **sigrar og ósigrar**, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

**LEIÐSÖGN UM ÞÁ OG NÚ** Sunnudaginn 4. desember klukkan 14 verður leiðsögn um sýninguna Þá og nú sem sett hefur verið upp í Listasafni Íslands í tilefni hinnar viðamiklu útgáfu Íslensk listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar. Einn af höfundum 4. bindis, Gunnar J. Árnason listheimspekingur, mun leiða gesti um sýninguna og ræða um þróun íslenskrar myndlistar og tengsl við erlenda strauma og stefnur með áherslu á síðari hluta 20. aldar.

# VERÐLAUNAVERTÍÐIN HAFIN

**Tilnefningar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Íslensku þýðingarverðlaunanna voru tilkynntar í gær. Gerður Kristný og Bergsveinn Birgisson eru tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir hönd Íslands. Fátt kemur á óvart í tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki skáldrita.**



**FLOTT Á ÞVÍ** Guðrún Vilmundardóttir, sem tók við tilnefningunni fyrir hönd Steinunnar, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Jón Kalman Stefánsson og Guðrún Kristjánsdóttir, sem tók við tilnefningunni fyrir Oddnýju Eir dóttur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## FAGURBÓKMENNTIR

Íslensku bókmenntaverðlaunin

Af höfundunum fimm sem tilnefndir eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta hafa þrír hlotið verðlaunin áður; Jón Kalman Stefánsson fyrir Sumarljós, og svo kemur nóttin 2005; Hallgrímur Helgason fyrir Höfund Íslands 2001; og Steinunn Sigurðardóttir fyrir Hjartastað árið 1995, en þetta er í fyrsta sinn sem Steinunn er tilnefnd til verðlaunanna. Guðrún Eva Mínervudóttir var tilnefnd til verðlaunanna fyrir Skaparann 2008 en þetta er fyrsta tilnefning Oddnýjar Eirar. Jarðnæði er hennar þriðja skáldsaga.

Tvö forlög skipta með sér tilnefningunum í ár. Bjartur getur vel við unað í ár, þar á bæ koma út þrjár skáldsögur fyrir fullorðna í ár og allar eru þær tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunann. Hallgrímur Helgason og Guðrún Eva eru á vegum Forlagsins.

Þetta er jafnframt í fyrsta sinn í 22 ára sögu Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem konur fá meirihluta tilnefninga í flokki fagurbókmennta. Eingöngu skáldsögur eru tilnefndar í ár, engar ljóðabækur eða smásagnasöfn.

Dómnefnd skipa Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu sem er jafnframt formaður nefndarinnar, Viðar Eggertsson, stjórnandi Útvarpsleikhússin á RÚV, og Þorgerður Elín Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur og útvarpsmaður á RÚV.

**TILNEFNINGAR – FAGURBÓKMENNTIR**

- **Guðrún Eva Mínervudóttir**
  Allt með kossi vekur
- **Hallgrímur Helgason**
  Konan við 1000°
- **Jón Kalman Stefánsson**
  Hjarta mannsins
- **Oddný Eir Ævarsdóttir**
  Jarðnæði
- **Steinunn Sigurðardóttir**
  Jójó

## FRÆÐIRIT OG RIT ALMENNS EÐLIS – Íslensku bókmenntaverðlaunin

Fimm verk eftir sjö höfunda eru tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita. Morkinskinna, sam fjallar um sögu Noregskonunga á elleftu og tólftu öld, kom út á vordögum í ritstjórn Ármanns Jakobssonar og Þórðar Inga Guðjónssonar. Góður matur, gott líf kom út í haust en þar fjalla Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson um öflun, ræktun og meðhöndlun á ýmiss konar árstíðarbundnu hráefni. Landnám eftir Jón Yngva Jóhannesson er tiltölulega nýútkomin en þar bregður höfundurinn ljósi á ævi Gunnars Gunnarssonar rithöfundar. Bók Páls Björnssonar sagnfræðings, Jón forseti allur?, kom út í tengslum við 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, en þar gerir Páll grein fyrir hvernig landsmenn hafa hagnýtt sér minningu Jóns með fjölbreyttum hætti allt frá andláti hans. Ríkisfang: Ekkert kom út í haust en þar segir Sigríður Víðis Jónsdóttur sögu átta palestínskra fjölskyldna sem flúðu skelfilegar aðstæður í Al Waleed-flóttamannabúðunum og fengu hæli á Akranesi.

Þetta er fyrsta tilnefning allra höfundanna til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þrjár tilnefndar bækur, Landnám, Góður matur, gott líf og Ríkisfang ekkert, koma út á vegum Forlagsins. Sögufélag gefur út bók Páls en Hið íslenzka fornritafélag gefur út Morkinskinnu. Dómnefnd skipuðu Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, og Auður Styrkársdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands.

Forseti Íslands afhendir Íslensku bókmenntaverðlaunin á Bessastöðum um mánaðamót janúar og febrúar.



**FRÆÐIHÖFUNDAR** Höfundar fræðirita og rita almenns efnis tóku við tilnefningum í Listasafni Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**TILNEFNINGAR – FRÆÐIRIT OG RIT ALMENNS EÐLIS**

- **Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson**
  Morkinskinna, I. og II. bindi
- **Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson**
  Góður matur, gott líf – í takt við árstíðirnar
- **Jón Yngvi Jóhannsson**
  Landnám – ævisaga Gunnars Gunnarssonar
- **Páll Björnsson**
  Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar
- **Sigríður Víðis Jónsdóttir**
  Ríkisfang: Ekkert – Flóttinn frá Írak á Akranes



**BESTU ÞÝÐINGARNAR** Jón St. Kristjánsson, Hermann Stefánsson, Gyrðir Elíasson, Pétur Gunnarsson og Bjarni Jónsson tóku við tilnefningum fyrir þýðingar ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÍSLENSKU ÞÝÐINGARVERÐLAUNIN

Tilnefnt var til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2011 samhliða tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna er tilkynnt um tilnefningar til Íslensku þýðingaverðlaunna. Bandalag þýðenda og túlka stendur fyrir Íslensku þýðingaverðlaununum, sem verða afhent á Bessastöðum á degi bókarinnar, 23. apríl næstkomandi. Eftirfarandi bækur eru tilnefndar til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2011.

| TILNEFNINGAR – FRÆÐIRIT OG RIT ALMENNS EÐLIS | ÞÝÐANDI | ÚTGEFANDI |
|---|---|---|
| **Andarsláttur eftir Hertu Müller** | Bjarni Jónsson | Ormstunga |
| **Fásinna eftir Horacio Castellanos Moya** | Hermann Stefánsson | Bjartur |
| **Regnskógabeltið raunamædda eftir Claude Lévi-Strauss** | Pétur Gunnarsson | JPV útgáfa |
| **Reisubók Gúllívers eftir Jonathan Swift** | Jón St. Kristjánsson | Mál og menning |
| **Tunglið braust inn í húsið. Ljóð eftir marga höfunda** | Gyrðir Elíasson | Uppheimar |

## BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS

**Blóðhófnir** eftir *Gerði Kristnýju Guðjónsdóttir* og **Svar við bréfi Helgu** eftir *Bergsvein Birgisson* eru tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs en tilnefningar voru kunngjörðar í Gunnarshúsi við Dyngjuveg í gær. Báðar bækurnar voru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrra og hreppti ljóðabók Gerðar hnossið. Íslensku dómnefndina skipa Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur og Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur. Sigrún Eldjárn rithöfundur er varamaður. Tilkynnt verður um sigurvegarann á þingi Norðurlandaráðs í apríl.



**GERÐUR OG GUÐRÚN** Gerður Kristný og Guðrún Vilmundardóttir, sem tók við tilnefningunni fyrir hönd Bergsveins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS – AÐRAR TILNEFNINGAR**

| | |
|---|---|
| DANMÖRK | **Vibeke Grønfeldt** Livliner<br>**Janina Katz** Skrevet på polsk |
| FINNLAND | **Gösta Ågren** I det stora hela<br>**Saila Susiluoto** Carmen |
| NOREGUR | **Øyvind Rimbereid** Jimmen<br>**Merethe Lindstrøm** Dager i stillhetens historie |
| SVÍÞJÓÐ | **Katarina Frostenson** Flodtid<br>**Eva-Marie Liffner** Lacrimosa |
| FÆREYJAR | **Hanus Kamban** Gullgentan |
| GRÆNLAND | **Tungutaq Larsen** Nittaallatut |
| ÁLANDSEYJAR | **Leo Löthman** Transportflotte Speer |

Nikon

*At the heart of the image*




# I AM MERRY CLICKMAS

## D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi,HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

***Verð 149.995.-***



TILBOÐ! MEÐ **NIKON D5100 18-55VR KIT**
FYLGIR NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



**ÚR JARÐSKJÁLFTA Í LONDON** Verkið var frumsýnt í Bretlandi í fyrra við mjög góðar undirtektir. MYND/ÓSKAR HALLGRÍMSSON

# Jarðskjálfti í Nemendaleikhúsinu

**Nemendaleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Jarðskjálfta í London í smiðjunni í kvöld.**

**NEMENDALEIKHÚSIÐ Í VETUR SKIPA:**

Hjörtur Jóhann Jónsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Olga Sonja Thorarensen, Ólöf Haraldsdóttir, Pétur Ármannsson, Saga Garðarsdóttir, Sara Margrét Nordahl, Sigurður Þór Óskarsson, Snorri Engilbertsson og Tinna Sverrisdóttir.

Jarðskjálfti eftir London, sem Nemendaleikhúsið frumsýnir í Smiðjunni í kvöld, er spánnýtt verk eftir breska leikskáldið Mike Bartlett. Það var frumsýnt í National Theater í London í fyrra við góðar undirtektir. Sögð er saga af snörpum hræringum í lífi þriggja systra sem reyna af öllum mætti að bjarga sér og sínum úr hamförum og framförum nútímans á meðan faðir þeirra, heimsfrægur vísindamaður, boðar heimsendi. Tónlist, dansi og myndbandsverkum er fléttað saman í sýningunni.

Halldór E. Laxness leikstýrir verkinu og segir hann geggjunina svífa yfir vötnum.

„Þetta er verk um miklar hræringar í lífi þriggja systra í London, nútíminn getur verið snúinn og ekki allir sem ná að halda höfði í hraða og geggjun nútímasamfélags."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Halldór leikstýrir Nemendaleikhúsinu. „Það vill svo til að í ár eru rétt 20 ár síðan ég leikstýrði hér síðast, verkinu Leiksoppum. Ég hef líka unnið með ungu fólki í menntaskólum en munurinn er auðvitað sá að í Nemendaleikhúsinu eru leikararnir menntaðir í sínu fagi."

Útskriftarhópur leikaradeildar LHÍ er sterkur í ár að mati Halldórs. „Þessi hópur stendur sig mjög vel, þetta er krefjandi verkefni þar sem þarf að nýta alls kyns tækni til að koma verkinu til skila. Þau hafa skilað sínu með sóma og ég verð að segja eins og er að Listaháskólinn hefur staðið sig frábærlega í að undirbúa þessa ungu leikara."

Heiðar Sumarliðason þýðir verkið. Tinna Ottesen hannar leikmynd og búninga og Brynja Björnsdóttir vinnur myndbönd fyrir verkið. Hljóðmynd er í höndum Georgs Kára Hilmarssonar, lýsingu annast Jóhann Friðrik Ágústsson og danshöfundur er Brogan Davison.

Bækur ★★

**Fallið – Fjölskylduleyndarmál**

Þráinn Bertelsson

**Sögur**

## Barátta Þráins

Í þessari litlu bók (hún er innan við 200 síður í smáu broti) skrifar Þráinn Bertelsson um óskemmtilega lífsreynslu sína frá því í júní á þessu ári. Hann hafði verið óvirkur alkóhólisti í fimmtán ár, „féll" í Færeyjum og var fullur inni á hótelherbergi í sólarhring en bar sem betur fer gæfu til þess að fara inn á Vog strax við heimkomuna.



Þráinn segir sjálfur í formála að bókin eigi ekki að innihalda tæmandi lýsingu á alkóhólisma, heldur segja mest frá einum alkóhólista (honum sjálfum) sem aðrar manneskjur geti vonandi speglað sig í eins og hann spegli sig í öðrum.

Það bitastæðasta í bókinni er einmitt þegar Þráinn segir einlæglega frá sjálfum sér og baráttu sinni, skoðar fallbrautina og íhugar fyrri reynslu sína af sjúkdómnum. Þá kemst fjör í pennann og allir bestu kostir Þráins sem rithöfundar streyma fram.

Inni á milli eru svo kaflar sem bera yfirskriftina „Einn af oss – Alkasögur" en þar eru sagðar grínaktugar sögur af ónefndum alkóhólistum. Þær hafa yfirbragð flökkusagna og eiga vísast að sýna fram á afneitun og fleiri einkenni sjúkdómsins, en eru satt best að segja ansi klisjukenndar. Sagan af konunni sem drakk í laumi og faldi vínið í óhreinatauskörfunni, sagan um manninn sem var af svo góðum ættum að hann gat ekki verið alki, sagan af listamanninum sem fór í blakkát og vaknaði á hótelherbergi í Nýfundnalandi. Þetta eru steríótýpískar alkasögur sem við höfum líklega flest heyrt áður og þær bæta litlu við söguna um fall Þráins.

Nýtilegan fróðleik er víða að finna í bókinni. Farið er yfir helstu einkenni alkóhólisma og ferlið frá því að alkóhólisti leitar sér hjálpar og þar til hann kemur út í samfélagið á ný. Þráinn lýsir líka aðbúnaðinum inni á Vogi og dagskránni þar, ræðir t.d. sjúkdómshugtakið (sem aldrei verður nógsamlega hamrað á), tengsl þunglyndis og alkóhólisma og miðlar heilræðum af langri reynslu. Þetta er allt saman ágætlega gert, en þó koma inn á milli atriði sem mættu alveg missa sín, eins og þegar höfundur leitar hamingjuráða á netinu og miðlar lesendum rassvasaspeki frá Dale Carnegie, auk almæltra sanninda á borð við „Ræktaðu sambandið við vini þína" og „Borðaðu morgunverð eins og kóngur… o.s.frv." Það kom mér líka fremur undarlega fyrir sjónir þegar Þráinn tekur að sér að stytta Boðorðin tíu niður í þrjú, lesendum sínum til glöggvunar í hamingjuleitinni.

Fallið endar á því að höfundurinn tekur ákvörðun um að fara í framhaldsmeðferð á Vík. Mig hefði raunar blóðlangað að lesa meira um það, því sem fyrr segir, þá lætur Þráni Bertelssyni einkar vel að segja frá sjálfum sér á áhugaverðan máta.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**Niðurstaða:** Fróðleg bók, sem er best þegar Þráinn skrifar um eigin líðan og reynslu. Almennari sögur og heilræði mættu þó missa sín.






**NORWEGIAN CORNETT & SACKBUTS** Með norska kórnum Bærum Bachkor, sem heldur tónleika í Langholtskirkju á föstudaginn, spilar Norwegian Cornett & Sackbuts, sem hefur sérhæft sig í tónlist frá endurreisnar- og barokktímanum á upprunaleg blásturshljóðfæri.

# Norskur kór í Langholtskirkju

Norski kórinn Bærum Bachkor heldur tónleika í Langholtskirkju á föstudaginn klukkan 20. Ásamt kórnum kemur hljóðfærahópurinn „Norwegian Cornett & Sackbuts" sem leikur á blásturshljóðfæri frá endurreisnartímanum, meðal annars zink og básúnur. Á efnisskránni eru verk eftir Michael Prätorius, Heinrich Schütz, Giovanni Gabrieli og fleiri.

Bæjarfélagið Bærum er liðlega 100.000 manna bæjarfélag vestan við Ósló. Bærum Bachkor starfar við Hövik-kirkju og þar hefur Þröstur Eiríksson, stjórnandi kórsins, verið organisti í 21 ár. Kórinn, sem heldur upp á 25 ára afmæli sitt á þessu ári, flytur einkum kirkjutónlist og leggur vissa áherslu á tónlist eftir Bach.

Þröstur Eiríksson, sem er fæddur og uppalinn í Reykjavík, er menntaður kirkjutónlistarmaður við tónlistarháskólann í Ósló og lýkur um þessar mundir doktorsprófi við sömu stofnun. Hann starfaði sem organisti á Íslandi á árunum 1985 til 1990, fyrst við Laugarneskirkju og síðar við Garðakirkju. Frá árinu 1990 hefur hann verið organisti í Hövik-kirkju, vestan við Ósló. Þar stjórnar hann m.a. Bærum Bachkor og hefur flutt með kórnum mörg af stærri verkum tónbókmenntanna.

**- hhs**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

# ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

## TILNEFNINGAR 2011



„Guðrún Eva hefur löngu sannað að hún er einn okkar frjóasti og frumlegasti höfundur ...“
FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„... fleygast inn í hausinn á manni og situr þar.“
EGILL HELGASON / KILJAN









★★★★★

„Nánast hver einasta setning er þannig að mann langar til að leggja hana á minnið ...“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Stórvirki! ... Einhver besta og mikilvægasta skáldsaga síðari tíma á Íslandi. Hallgrímur Helgason er snillingur.“
FREYR EYJÓLFSSON / RÁS 2




★★★★★

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„Ég [er] þakklát Sigríði fyrir að skrifa þessa mögnuðu bók og gefa mér innsýn í annan heim ...“
MARÍANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR / VÍÐSJÁ




★★★★

„Uppskriftir eru jarðbundnar og skýrar, þar sem leiðbeiningar eru flóknar eru verkferlar raktir í myndum og allt efni sett fram á persónulegan, jákvæðan og ljósan máta.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN




Áhrifamikil saga Gunnars Gunnarssonar, bóndasonarins úr Fljótsdal sem varð einn vinsælasti höfundur Evrópu, þar sem ítarlega er fjallað um einkalíf hans og skáldskap.

## GUÐRÚN EVA, HALLGRÍMUR, SIGRÍÐUR, GÍSLI, INGA OG JÓN YNGVI

## – HJARTANLEGA TIL HAMINGJU!

FORLAGIÐ

**Gott í leikhúsi:** Helgi Jóhannsson kvikmyndagerðarmaður

# Anna Knúts hefur hreðjar



„Ég mæli með Dagbók Önnu Knúts,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Helgi Jóhannsson. Anna Knútsdóttir sýnir í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. „Ég fílaði aðallega hvað hún fór yfir strikið. Hún hefur hreðjar, konan.“

Helgi bjóst við rólegra uppistandi en raun bar vitni, en spurður hvort hún hafi sært blygðunarkennd hans svarar hann neitandi. „En hún var oft ansi nálægt því.“

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 2. desember 2011**

### ➜ Gjörningar

**16.00** Sigríður Soffía Nielsdóttir sýnir dansgjörninginn Hreyfingar flugdreka í D-sal Hafnarhússins en viðburðurinn er hluti af sýningu Bjarkar Viggósdóttur, Flugdrekar.

### ➜ Tónleikar

**12.00** Svavar Knútur syngur fyrir gesti aðventudagskrár í Menningar- og félagsmiðstöðinni Aflagranda 40. Kaffiveitingar á góðu verði og enginn aðgangseyrir.

**12.15** Garðar Cortes og píanóleikarinn Robert Sund deila uppáhaldslögum sínum með áheyrendum á Kjarvalsstöðum. Létt og jólaleg dagskrá. Aðgangseyrir er kr. 1.000, frítt fyrir eldri borgara og námsmenn.

**17.30** Tékkneski tónlistarmaðurinn og tónskáldið Dikolson heldur tónleika í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Allir velkomnir.

**20.00** Afmælispartí hljómsveitarinnar In Memoriam, að hætti þungaviktar rokkara. Fjör og uppistand í boði Leifs Leifssonar fram að tónleikum sem hefjast klukkan 23:30. Fram koma Bootlegs, In Memoriam, Dark Harvest og Bastard. Aðgangur ókeypis.

**20.00** Sönghópurinn Norðurljós heldur Jólatónleika í Guðríðarkirkju. Ásamt þeim koma fram Kirkjukór Guðríðarkirkju, Kvennakór Kópavogs, Strætókórinn og Brass Kvintett. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**20.00** Kristjana Stefáns og Svavar Knútur fagna útgáfu hljómplötunnar Glæður með tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00** Jólatónleikar í tónleikaröðinni Söngfuglum, með þeim Jönu Maríu og Ívari Helgasyni, fara fram í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Stórsveitin **Dikta** spilar fyrir gesti á Bar 11. Aðgangur er ókeypis í boði Tuborg og Bar 11.

**22.00** Gímaldin og félagar halda útgáfutónleika á Obladí-Oblada Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Leiklist

**20.00** Leiksýningin **Alvöru menn** er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**20.00** Leikritið Eftir lokin eftir Dennis Kelly er sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð kr. 3.200.

**21.00** Uppistands einleikurinn Dagbók Önnu Knúts - Helförin mín er sýndur í Gaflaraleikhúsinu, Hafnarfirði.

**22.00** Pörupiltar og Viggó og Víóletta sýna gamanleikinn Uppnám í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Opnanir

**17.00** Myndlistaskólinn í Reykjavík býður á opnun sýningar nemenda í mótun - leir og tengdum efnum í Norræna Húsinu.

### ➜ Uppákomur

**12.34** Jóladagatal Norræna hússins fer fram daglega fram að jólum. Óvænt dagskrá er hverju sinni og eru allir hvattir til að kíkja við í Norræna húsið í hádeginu, taka þátt og njóta. Það verður spennandi að sjá hvað leynist í dagatalsglugganum hjá þeim í dag.

**15.00** Kaolin gallerí mun fagna ásamt Auði í Náttúru Íslands árs afmæli gallerísins og hringja inn jólin með heitu kaffi og köku. 15% afsláttur af öllum vörum.

### ➜ Bókmenntir

**17.00** Útgáfugleði í tilefni af útgáfu bókarinnar Agnar Smári - Tilþrif í tónlistarskólanum eftir Höllu Þórlaugu Óskarsdóttur í Sölku, Skipholti 50c.

### ➜ Tónlist

**00.00** Dj Gay Latino Man spilar hressa tónlist fram eftir nóttu á Prikinu.

**22.00** Tónleikar með Reykjavík! og Ben Frost á Kaffibarnum. Plötusnúðarnir Lím Drím Tím þeyta skífum og syngja að tónleikunum loknum.

**22.00** Dj Make Dance þeytir skífum á Bakkusi.

**23.00** Tónleikaröðin Svínaríið heldur áfram á Faktorý. Fram koma Emmsjé Gauti, IMMO og Opee. Aðgangur ókeypis í boði Monitor og Tuborg.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari heldur hádegisfyrirlestur við tónlistardeild LHÍ í Sölvhóli. Spjallað verður um eitt og annað sem varðar störf og umhverfi tónlistarmanna, meðleikara, kennara og uppalenda.

### ➜ Dans

**20.00** Á, nýtt dansverk eftir Valgerði Rúnarsdóttur í flutningi þeirra Snædísar Lilju Ingadóttur, Unnar Elísabetar Gunnarsdóttur og Valgerðar Rúnarsdóttur verður sýnt í Norðurpólnum, Sefgörðum 3. Miðaverð er kr. 1.800.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





GAMLA BÍÓ LEIKHÚS

**Hjónabandssæla**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös | 02 des. | kl 20 | Ö | Sun | 11 des. | kl 20 |
| Fös | 09 des. | kl 20 | | Fös | 06 jan. | kl 20 |
| Lau | 10 des. | kl 20 | Ö | Lau | 07 jan. | kl 20 |

**Steini, Pési og Gaur á Trommu - Uppistand**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau | 03 des | kl 22.30 | Ö | Fim | 15 des | kl 20.00 aukas |
| Fim | 08 des | kl 22.30 | | Fös | 16 des | kl 22.30aukas Ö |

Miðasala í síma 563-4000 og á midi.is | gamlabio.is

uno
cucina italiana

**Jólaveislan á UNO er byrjuð**



- Fordrykkur Prosecco
- Smakk að hætti kokkanna
- Mini borgari með léttreyktri önd, rauðlaukssultu og ítalskri capers-gúrkusósu
- „Hrefnucarpaccio“ með fenniku, ólífum, fennel mayo, prosciutto mulningi og ilmríkri sítrónuolíu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með ítalskri steinselju og grilluðu brauði
- Villisveppa-risotto með gorgonzola
- „Hangikjötscarpaccio“ með baby mozzarella, hnetum, parmesan og klettakálspestói
- Kalkúnabringa með rósmarín kartöflum, gulrótar mauki, hægelduðum fennel og pancettasósu
- Svart cappellini með humar, bláskel, hvítlauk og chili
- Dádýrafillet með rösti kartöflu, parmaskinku vafinni fíkju, svartrót og rósmarinsósu
- Tiramisu, klassískur eftirréttur að hætti ítala
- Skyr Panna cotta með hvítu súkkulaði, jarðaberjum og lime
- Súkkulaði brownie með ítölskum jólaís
- Tuborg jólabjór
- Kaffi og Nóa konfekt

UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Tel. 561 1313 | uno.is


# Heimasíða og sjónvarp hjá Flassi



**FLASS-FÓLKIÐ** Útvarpsmennirnir á Flass 104,5 eru alltaf jafnhressir.

Útvarpsstöðin Flass 104,5 heldur upp á sex ára afmæli sitt með pompi og prakt í dag. Ný og glæsileg heimasíða fer í loftið, Flass.is, ásamt sjónvarpsstöðinni Flass TV og í kvöld verður partí á skemmtistaðnum Esju í Austurstræti fyrir boðsgesti.

„Þetta verður alhliða afþreyingarmiðill fyrir ungt fólk,“ segir útvarpsstjórinn Ómar Vilhelmsson um heimasíðuna. Ný dagskrá lítur einnig dagsins ljós ásamt því að nýir útvarpsmenn ganga til liðs við stöðina, þau Friðrik Fannar Thorlacius, eða Frigore, sem snýr heim af FM957 ásamt Kristínu Ruth Jónsdóttur og einnig söngdívan Íris Hólm. Í partíinu í kvöld spila plötusnúðar frá Flassi, hljómsveitin Sykur og Emmjé Gauti taka lagið og leynigestur mætir á svæðið.

Nýr eigandi Flass heitir Karim Djermoun. Hann á líka Gokart brautina í Garðabæ og Jetski leigu og kemur greinilega með ferska vinda inn í Flass. „Við horfum björt inn í framtíðina,“ segir Ómar og bætir við að útvarpsstöðin sé fyrir ungt fólk á öllum aldri. „Hópurinn 15 til 30 ára er aðalhópurinn en ef fólk vill halda sér ungu þá hlustar það á okkur.“ **- fb**





# Viðurkenni oft að ég er fíflið



**HLJÓMSVEITIN ÉG** Róbert Örn, fyrir miðju, ásamt Baldri Sívertsen Bjarnasyni gítarleikara og Arnari Inga Hreiðarssyni bassaleikara. Á myndina vantar Örn Eldjárn Kristjánsson og Andra Geir Árnason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum öll að gera sitthvorn heimska hlutinn. Við borðum bara drasl og horfum bara á drasl,“ segir Róbert Örn Hjálmtýsson, forsprakki Hljómsveitarinnar Ég.

Sveitin hefur gefið út sína fjórðu plötu, Ímynd fíflsins. Þar syngur Róbert Örn um heimsku, kóngafólk, manninn og tengingu hans við sauðkindur og Hollywood-ást. Mynd af Róberti Erni sjálfum er á umslaginu. „Ég er ekki að þessu til að vera frægur,“ segir hann, spurður um myndina. „Ég er pínulítið heppinn með það að stundum get ég fylgst með samfélaginu eins og ég sé gestur. En ég viðurkenni það reyndar oft á þessari plötu að ég er fíflið. Ég er ekkert að tala niður til fólks. Maður verður að viðurkenna að maður sé heimskur svo maður geti verið gáfaður,“ segir Róbert Örn, spekingslega.

Ímynd fíflsins hefur að geyma þrettán grípandi rokklög. Hún er metnaðarfyllsta plata Hljómsveitarinnar Ég, að mati Róberts Arnar. Það veit á mjög gott því síðustu tvær plötur sveitarinnar, Plata ársins og Lúxus upplifun, voru tilnefndar til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins. Róbert Örn var einnig tilnefndur sem textahöfundur ársins. Lúxus upplifun hlaut jafnframt plötuverðlaun Kraums í fyrra.

Næstu tónleikar Hljómsveitarinnar Ég verða á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og Gamla-Bauki á Húsavík á laugardagskvöld. Róbert Örn lofar góðri skemmtun og tekur fram að bandið sé kraftmikið á tónleikum og hljóðfæraleikararnir þrautþjálfaðir. **- fb**

# ÓTRÚLEG TILBOÐ Á SJÓNVARPSTÆKJUM

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**30.000,- AFSLÁTTUR**




## PHILIPS

### 32" Full HD Pixel Plus HD

- 400 Hz Perfect Motion fyrir fullkomnar hreyfingar
- 20w RMS Incredible Surround Sound hljóðkerfi'
- 1920 x 1080p
- Birtustig: 400 cd/m²
- Skerpa: 100.000:1
- Svartími: 2 ms
- Digital Natural Motion
- USB tengi sem styður H264/MPEG-1-4, MP3 og JPEG
- 3x HDMI, Scart, VGA & RCA tengi

**89.990 kr**
~~119.990~~




**Kaupauki**
- Tron Legacy - Blu-Ray
- Algjör Sveppi og töfraskápurinn - DVD

**10.000,- AFSLÁTTUR**







**Kaupauki**
- Tron Legacy - Blu-Ray
- Algjör Sveppi og töfraskápurinn - DVD

## FINLUX

### 26" HD 16:9 LCD Sjónvarp

- Upplausn 1366x768 punktar
- Skerpa: 4000:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið (H/V): 170°/160°
- Stafrænn móttakari DVB-T+C (MPEG4)
- 1x Scart (með RGB), 2x HDMI, Ci, S-video, S/PDIF, VGA(PC tengi), Heyrnartólstengi og CVBS tengi
- Multimedia USB tengi - Spilar : DivX, MKV, MP3 og JPEG

**59.990 kr**
~~69.990~~

**5.000,- AFSLÁTTUR**




## FINLUX

### 22" HD 16:9 LCD Sjónvarp með DVD spilara

- Upplausn 1366x768 punktar
- Innbyggður DVD spilari
- Skerpa: 8000:1 og birta: 300 cd/m2
- Svartími: 5ms og sjónsvið (H/V): 170°/160°
- Spilar: DVD-Video, DVD-R, DVD+R, DVD-RW, DVD+RW, CD-R, CD-RW, VCD
- 6w Nicam Stereo Hljóðkerfi
- 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, D-Coax, Ci, Heyrnartólstengi og CVBS tengi
- Multimedia USB tengi - Spilar : DivX, MKV, MP3 og JPEG

**49.990 kr**
~~54.990~~



**Kaupauki**
- Algjör Sveppi og töfraskápurinn - DVD

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 4. desember á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# Fólk

folk@frettabladid.is



**30 ÁR** eru síðan poppprinsessan Britney Spears fæddist. Spears heldur líklega heljarinnar veislu í kvöld en orðrómur hefur verið á kreiki um að kærasti hennar Jason Trawick ætli að biðja söngkonuna frægu um að giftast sér í dag.



**NAUT LÍFSINS** Ashton Kutcher naut sín í Iowa City um þakkargjörðahátíðina. NORDICPHOTOS/GETTY

## Dansaði á heimaslóðum

**Hinn nýfráskildi Ashton Kutcher var með fjölskyldu sinni í Iowa City á þakkargjörðarhátíðinni. Blaðið US Weekly greinir frá því að Kutcher hafi farið út á lífið ásamt stórum hópi vina sinna og vakið mikla lukku í heimabæ sínum. „Kutcher drakk bjór og stúlkurnar flykktust að honum,“ er haft eftir heimildarmanni í blaðinu. Kutcher skildi nýverið við leikkonuna Demi Moore en hún sást sömu helgi á veitingastað í Los Angeles með vinum sínum.**

## Þolir ekki eigin rödd

**Bono, söngvari U2, á erfitt með að hlusta á gömul lög með hljómsveit sinni í útvarpinu. „Ég reyni að komast hjá því. Ef ég heyri lögin okkar í útvarpinu lækka ég oftast í tækinu. Ekki af því að ég fíla ekki lögin eða hafi ekki trú á þeim. Satt best að segja fer röddin mín í taugarnar á mér. Mér finnst alltaf eins og ég hefði átt að syngja betur á þessum árum,“ segir Bono. „Ég er mikill strákur í mér og er í ofanálag írskur og sérstaklega í þessum lögum frá níunda áratugnum þá hljóma ég eins og stelpa.“**



**BONO** Söngvarinn á erfitt með að hlusta á gömul U2-lög í útvarpinu.

# Þorgeir Ástvalds fékk Litla fuglinn

**Þorgeir Ástvaldsson hefur verið heiðraður fyrir stuðning sinn við íslenska tónlist. Degi íslenskrar tónlistar var fagnað í Hörpu í gær.**

Útvarpsmaðurinn Þorgeir Ástvaldsson hlaut Litla fuglinn við formlega athöfn í Hörpu í gær. Verðlaunin fékk hann fyrir stuðning sinn við íslenska tónlist. Þau voru veitt af Samtóni, samtökum rétthafa tónlistar, og var það Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sem afhenti honum verðlaunagripinn. Þorgeir er löngu landskunnur sem tónlistarmaður og dagskrárgerðarmaður og var valinn fyrstur til að gegna starfi forstöðumanns Rásar 2. Hann átti ríkan þátt í mótun þeirrar tónlistarstöðvar og hefur jafnframt sett svip sinn á Bylgjuna þar sem hann hefur starfað mörg undanfarin ár.

Degi íslenskrar tónlistar var fagnað í Hörpu í gær og þar var fjöldi tónlistarmanna samankominn. ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, fagnaði enn fremur fimm ára afmæli og var boðið upp á kakó og afmælistertu í tilefni þess. Tilkynnt var að til standi að hrinda í framkvæmd einu helsta baráttumáli ÚTÓN, sem er Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar.



**FÉKK LITLA FUGLINN** Þorgeir Ástvaldsson tekur á móti Litla fuglinum úr höndum Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TVÆR GÓÐAR** Söngkonurnar ástsælu Ragnheiður Gröndal og Sigríður Thorlacius voru í Hörpunni.



**GRÍMUR OG MUGISON** Grímur Atlason, skipuleggjandi Iceland Airwaves, ásamt tónlistarmanninum Mugison.



**ÚTVARPSFÓLK** Óli Palli og Andrea Jónsdóttir, útvarpsfólk á Rás 2, létu sjá sig.



**HRESS Í HÖRPUNNI** Hjónin Eva Einarsdóttir og Eldar Ástþórsson voru hress í Hörpunni.






# Þakklátar neðanjarðarrottur

„Þetta er rosalega mikill heiður. Við héldum að við værum bara einhverjar gamlar „retro underground“ rottur,“ segir Biggi Veira í GusGus.

Hljómsveitin hefur verið tilnefnd til Norrænu tónlistarverðlaunanna fyrir plötuna Arabian Horse. Einn annar íslenskur flytjandi var tilnefndur, eða Björk fyrir Biophilia. Alls voru tólf plötur tilnefndar frá öllum norrænu löndunum, þar á meðal frá sænsku söngkonunni Lykke Li og hinni norsku Ane Brun.

„Það er gaman að tekið er eftir manni,“ segir Biggi. „Við vorum líka að vanda okkur. Á þessari plötu er allt samþjappað sem við höfum verið að gera í gegnum tíðina. En þetta er allt honum Högna [Egilssyni] að þakka, held ég. Stebbi [Stephan Stephensen] plataði hann í GusGus og hann gefur vídd í þessa plötu.“

Tilnefningin kom Bigga á óvart, enda voru margar aðrar góðar plötur í pottinum. „Við höfum ekki sérstaklega átt mikið upp á pallborðið hjá hinum Norðurlandaþjóðunum en það á kannski eftir að breytast.“ Arabian Horse hefur fengið mjög góðar viðtökur hér á landi og selst í um fimm þúsund eintökum.

Jónsi vann Norrænu tónlistarverðlaunin fyrr á þessu ári fyrir sólóplötuna Go. Verðlaunin verða afhent á hátíðinni by:Larm í Ósló 16. febrúar. **- fb**



**MIKILL HEIÐUR** Biggi Veira og Daníel Ágúst úr GusGus. Hljómsveitin hefur verið tilnefnd til Norrænu tónlistarverðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SKEMMTILEGRI JÓLAGJAFIR




**ASUS**
## FARTÖLVA
Asus EEE 1011PX 320G
- Ein nettasta frá Asus
- Mjög létt - aðeins 1,1 kg
- Intel Atom N570 Dual Core örgjörvi
- 320 GB hljóðlátur harðdiskur
- Windows 7 Starter

**49.990**



**ASUS**
## SPJALDTÖLVUR
EEE Pad Transformer 101
- Dual Core örgjörvi
- 16-32GB Flash minni (stækkanlegt í 48-64GB)
- Android 4.0 Ice Cream Sandwich
- 5.0 megapixla myndavél að aftan

VERÐ FRÁ:
**79.990**




**AOC**
## 24" LED
E2440VA
- Vandaður og flottur skjár með LED baklýsingu
- Mikil skerpa 20.000.000:1 fyrir kvikmyndir og leiki
- Hátalarar í skjánum

**29.990**



**MANHATTAN**
## A5 TEIKNIBORÐ
MH177405
- Fyrir Windows og Mac
- Virkar með helstu teikniforritum
- Hentar í myndvinnslu og leiki
- Þráðlaus penni og statíf fylgir

**11.990**



Sértilboð á hörðum diskum með öllum sjónvarpsflökkurum

**UNITED**
## SJÓNVARPSFLAKKARI
MMP 9530
- 3.5" HD margmiðlunarspilari
- HDMI, Composite og Optical tengi
- Innbyggður SD / MMC kortalesari
- Auðveldur í notkun og góð fjarstýring

**9.990**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA Á SUÐURLANDSBRAUT




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



**HEPPNAR MEÐ HVOR AÐRA** Ali Lohan segist vera heppin að eiga Lindsay Lohan fyrir stóru systur og lærir af mistökum hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lærir af mistökum Lindsay

**Ali Lohan, litla systir Lindsay Lohan, segist vera heppin að eiga Lindsay sem stóru systur, en Ali er að gera það gott sem fyrirsæta þessa stundina. Hún viðurkennir að henni hafi verið boðið eiturlyf en vegna fortíðar stóru systur sinnar hafi hún afþakkað boðið. „Ég heppin að eiga systur sem ég get lært af. Ég hef séð hvað það gerði henni að nota eiturlyf og veit að það er heimskulegt," segir Ali, sem er 17 ára, átta árum yngri en Lindsay sem hefur flakkað milli réttarsala og fangelsa upp á síðkastið vegna ýmissa brota.**

**Ali Lohan blæs einnig á kjaftasögur þess efnis að hún hafi farið í lýtaaðgerðir. „Hvernig ætti ég að fara að því? Ég er 17 ára og þyrfti samþykki mömmu til að geta farið í fegrunaraðgerð en hún mundi aldrei leyfa mér það," segir Ali Lohan í viðtali við Page Six Magazine.**

# Veglegt safnbox slapp við bruna

**Veglegt safnbox með 88 af vinsælustu lögum Björgvins Halldórssonar er komið út. Umfangsmesta útgáfa Senu til þessa.**



**BOX FRÁ BJÖRGVINI** Nýtt safnbox með bestu lögum Björgvins Halldórssonar og afmælistónleikum hans er komið út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framleiðsluferli nýs safnbox með Björgvini Halldórssyni, Gullvagninn, tók sex til sjö vikur og fór það fram í Tékklandi. „Þetta var framleitt í verksmiðju þar sem bruni varð tveimur dögum eftir að þau sendu þetta til okkar. Við náðum þessu heim áður, þannig að það er engin lykt af þessu," segir Eiður Arnarsson hjá Senu, hress.

„Ég held að það sé óhætt að fullyrða að þetta er innihaldsmesta og umfangsmesta útgáfan sem við höfum lagt í," segir Eiður um safnboxið. „Þetta er búið að taka megnið af árinu," bætir hann við en Björgvin varð sextugur í apríl og tónleikarnir, sem er nýja efnið á útgáfunni, voru teknir upp við það tækifæri.

Safnboxinu er skipt upp í fimm diska. Fjórir hafa að geyma lög frá sólóferli Björgvins, dúetta, lög sem hann hefur sjálfur samið og loks lög sem hann hefur sungið með hljómsveitum. Alls eru þetta 88 lög. Loks fylgja afmælistónleikarnir með á mynddiski. „Þetta er langur ferill sem þetta þarf að spanna, eða 42 ár. Þetta eru ekki nema tíu ár á hverja plötu, það er ekki mikið," segir Eiður. Uppi voru hugmyndir um að hafa tvo diska til viðbótar í boxinu með sjómannalögum og trúarlögum en hætt var við það.

Sex ár eru liðin síðan safnplatan Ár og öld með Björgvini kom út. Hún seldist í fimmtán þúsund eintökum en hefur ekki verið fáanleg í eitt og hálft ár. Ekki er búist við jafnmikilli sölu á nýja boxinu enda var það dýrara í framleiðslu og kostar fyrir vikið meira.

Björgvin er hæstánægður með útgáfuna. „Þetta er orðið ansi mikið sem maður er búinn að taka þátt í, bæði einsamall og með öðrum. Þetta er hrikalega stór katalógur en það var reynt að búa til svolítið sniðugan pakka." Björgvin hefur gefið út hjá Senu og fyrirtækjunum sem komu á undan því síðan um miðjan áttunda áratuginn. „Maður þekkir til þarna og hefur gert marga skemmtilega hluti. Meirihlutann er ég frekar sáttur við en þegar maður gerir svona mikið vill maður gera sumt aftur og annað má betur fara eins og gengur og gerist. En maður er alltaf að reyna að toppa sjálfan sig og gera eitthvað nýtt."

Hinir árlegu jólatónleikar hans verða í Laugardalshöll á laugardaginn. Aðspurður telur hann tónleikana þá stærstu til þessa, enda 140 manns á sviðinu þegar mest lætur, auk hóps aðstoðarmanna. „Æfingarnar ganga ofsalega vel og við ætlum hvergi að slá af."

freyr@frettabladid.is


Gjafakort sem hægt er að nota hvar sem er

**Finnur þú ekki réttu gjöfina?**
Gjafakort Arion banka hentar við öll tækifæri.

Hægt er að nota gjafakortið við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina. Einfaldara getur það ekki verið.

**Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka og er án endurgjalds í desember.**




arionbanki.is — 444 7000

Arion banki




**Í GÓÐUM MÁLUM** Leikaranir ungu í Harry Potter, Rupert Grint, Emma Watson og Daniel Radcliffe, sitja í fyrstu fimm sætunum á lista yfir þrjátíu ríkustu Breta undir þrítugu.

# Ríkir ungir Bretar

Breska tímaritið Heat Magazine hefur tekið saman lista yfir þrjátíu ríkustu Bretana undir þrítugu.

Það kemur ekki á óvart að sjálfur Harry Potter, Daniel Radcliffe, trónir á toppnum en hann halaði inn tæpa tíu milljarða íslenskra króna árið 2010. Samleikarar hans í Harry Potter, þau Emma Watson og Rupert Grint, sitja í fjórða og fimmta sæti listans með rúma fjóra milljarða í árslaun á mann. Það er því ljóst að þríeykið er á grænni grein þrátt fyrir að Harry Potter ævintýrinu hafi lokið í sumar.

Leikararnir Keira Knightley og Robert Pattinson eru í öðru og þriðja sæti listans en bæði hafa verið að gera gott á hvíta tjaldinu upp á síðkastið. Knightley var með tæpa sex milljarða í tekjur á síðasta ári en hún er að taka upp myndina Önnu Kareninu þessa dagana. Pattison vann sér inn fimm milljarða íslenskra króna en hann hefur verið að gera það gott með leik sínum í Twilight-seríunni.



**ÞRIÐJA SÆTIÐ** Robert Pattinson slær í gegn í Twilight-myndunum.



**ANNAÐ SÆTIÐ** Leikkonan Keira Knightley er að gera það gott og situr í öðru sæti á tekjulista Heat Magazine.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

**40% afsláttur**

**2939 kr. kg**

Verð áður ~~4898~~ kr.
Ungnauta entrecote, erlent

**30% afsláttur**

**1049 kr. kg**

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning

**1498 kr. kg**

Lambalæri, ferskt

MAGN-PAKKNING

**1998 kr. kg**

Krónu kjúklingabringur, magnpakkning

**30% afsláttur**

**1119 kr. kg**

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Krónu sænsk jólaskinka

**1898 kr. pk.**

Cadbury Roses, 850 g

**138 kr. stk.**

Egils jólaöl, 0,5 l

**50% afsláttur**

4 í pk.

**198 kr. stk.**

Verð áður ~~398~~ kr. kg
X Ray orkudrykkur, 4 í pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

GJAFAKORT KRÓNAN

## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Þú kaupir inneign að lágmarki 5000 kr.
Gjafakortið er virkt í öllum verslunum Krónunnar

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

# Muggi eldar í Hörpu

„Þetta er það frábært framtak að það kallar á stuðning,“ segir Jakob Einar Jakobsson, rekstrarstjóri og eigandi veitingastaðarins Munnhörpunnar, sem er á fyrstu hæð Hörpu. Jakob er ættaður að vestan eins og Mugison og segist strax hafa fundist þau verða að taka á einhvern hátt þátt í viðburðinum frá því að hann frétti af ókeypis tónleikum tónlistarmannsins, sem haldnir verða í Hörpu hinn 22. desember.

„Ég hafði samband við pabba Mugison, en hann hefur haft puttana í hinni frægu fiskisúpu á Aldrei fór ég suður frá upphafi. Hann ætlar að koma til okkar og matreiða súpuna sem verður réttur dagsins hjá okkur á Munnhörpunni þetta kvöld.“ Ágóðinn af súpunni mun svo allur renna til Mæðrastyrksnefndar og Jakob segist vonast til að hann muni nýtast vel svona rétt fyrir jólin.



Jakob segir að það liggi við að samviskubitið hafi ráðið förinni þegar hugmyndin fæddist. „Já, maður fékk næstum samviskubit yfir því að fá þennan frábæra listamann og þetta skemmtilega framtak inn í húsið. Mér fannst bara borðleggjandi að sem flestir ættu að reyna að taka þátt í einhverju svona sem vekur upp samhug hjá fólki.“

- bb

Sjá einnig síðu 51



**REYNSLUBOLTI** Chris Newman er mikill reynslubolti í kvikmyndaheiminum og hefur unnið við Star Wars og Mamma Mia!. Hann segist vel geta hugsað sér að eyða ævidögunum hér á landi og bindur vonir við að fallist verði á fleiri tökudaga hér á landi fyrir Game of Thrones. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslendingarnir eru einstakir

**Fyrir tuttugu og fimm árum kom kvikmyndagerðarmaðurinn Christopher Newman fyrst til Íslands vegna sjónvarpsþáttanna Nonna og Manna. Hann hefur hins vegar lítið fylgst með framgangi aðalstjörnu þáttarins, Garðars Thor, á óperusviðinu. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Newman um Game of Thrones, velgengni þáttanna og framtíð þeirra hér á landi.**

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu er áhugi fyrir hendi hjá tökuliði Game of Thrones að koma aftur hingað og gera hér fleiri þætti. „Ef okkur vantar snjó þá veit ég um besta staðinn. En ég hef líka léð máls á því að koma hingað að sumri, kannski bara með lítið tökulið og taka eitthvað upp við Skógarfoss,“ segir Newman en framleiðendur þáttanna, sem eru staddir hér á landi, hafa verið að skoða hentuga tökustaði. „Það er ekki hægt að leggja mat á landslag með ljósmyndum, maður verður að upplifa það. Þegar allt kemur til alls snýst þetta hins vegar auðvitað um fjárhagsáætlunina og það er alltaf dýrara að fara til annars lands og taka upp. Að endingu hef ég ekkert um málið að segja heldur verður þetta ákveðið af stjórnendum HBO.“ Atriðin sem nú er verið að taka upp hér á landi verða sýnd í seinni hluta annarrar þáttaraðarinnar.

Newman er reynslubolti í kvikmyndaheiminum og hefur unnið við kvikmyndir á borð við Star Wars: The Phantom Menace, The Remains of the Day og Mamma Mia!. Hann þykir ákaflega snjall í að finna réttu tökustaðina og það kom sér vel þegar aðstandendur Game of Thrones vantaði alvöru snjó og kulda. Newman á nefnilega í miklu ástarsambandi við Ísland, hann er giftur búningahönnuðinum Önnu Ásgeirsdóttur en þau kynntust við gerð Nonna og Manna og saman eiga þau tvö börn. Þau koma hingað um hver jól og Newmann viðurkennir að hann gæti vel hugsað sér að eyða hér ævidögunum þegar hann sest í helgan stein. „En ég veit auðvitað ekkert hvernig það er að búa hérna allt árið,“ segir Newman.

Fréttablaðið hitti á hann á lokadegi takanna við Svínafellsjökul. Þaðan var förinni heitið til Fjallslóns og svo Höfðabrekkuheiði við Vík í Mýrdal. Newman segist hins vegar lítið hafa fylgst með aðalstjörnu Nonna og Manna, Garðari Thor. Hann hafi þó komið í hádegismat til þeirra hjóna þegar Garðar söng eitt aðalhlutverkanna í Phantom of the Opera í London. „Frændi konunnar minnar er óperusöngvari og ég hef svona aðeins fylgst með Garðari í gegnum hann,“ segir Newman og hlær.

Newman kynntist Snorra Þórissyni, eiganda Pegasus sem þjónustar tökulið Game of Thrones, við gerð íslensku kvikmyndarinnar Svo á jörðu eftir Kristínu Jóhannesdóttur. Og hann segist alltaf hafa haft mikla trú á íslenska tökuliðinu þegar ákveðið var að koma hingað. „Við hefðum ekki þurft að koma með svo mikið af starfsfólki hingað því íslensku starfsmennirnir eru alveg einstakir. En menn vildu ekki taka áhættuna. Fólkið sem er í aðstoðarstörfunum er alltof hæft til að sinna þeim en það vildi bara fá að vera með. Og það er virðingavert.“ segir Newman.

Game of Thrones hafa notið feikilegra vinsælda en Newman segist ekkert hafa velt þeim fyrir sér þegar þættirnir byrjuðu. „Hins vegar eru það gömul sannindi og ný að ef maður er með flottar persónur og góða sögu þá gerist þetta nánast sjálfkrafa. Þættirnir eru líka svo fjölbreyttir og höfða til svo margra. Maður þarf ekki að vera áhugamaður um miðaldir eða ævintýri til að hafa gaman af þeim.“


MOSFELLSBÆR

## Útboð

### Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í verkið: Eldri deild Varmárskóla, Klæðning útveggja.

Verkið felst í klæðningu eldri deildar Varmárskóla með stálklæðningu ásamt lagfæringum á steyptum stoðveggjum við skólann. Einnig á að yfirfara og lagfæra alla glugga á húsinu.
**Verkinu skal lokið fyrir 1. maí 2012.**

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Áfellur með gluggum | 320 m |
| Vatnsbretti | 240 m |
| Klæðning flata | 470 m2 |
| Enunýjun glers | 10 m2 |
| Þéttingar milli timburs og steins | 500 m |
| Málun karma og pósta | 900 m |
| Nýmálun steyptra flata | 25 m2 |

Geisladiskur sem inniheldur útboðsgögn verður afhentur í afgreiðslu **Verkfræðistofunnar Eflu** á Höfðabakka 9, 110 Reykjavík og í **afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar** í Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ frá og með þriðjudeginum 6. desember nk.,. Tilboð verða opnuð á skrifstofu Mosfellsbæjar Þverholti 2, þriðjudaginn 20. desember 2011 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Uppboð nr. 70

## Jólauppboð

í Galleríi Fold

mánudaginn 5. desember, kl. 18
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Louisa Matthíasdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

GESTAKOMUR Í SAUÐLAUKSDAL

# BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ




„Vel unnin og frábærlega skrifuð bók. Hún er veisla fyrir huga og geð. Í henni er að finna einhvern skemmtilegasta íslenska texta sem ég hef lengi lesið.“

Sjón, rithöfundur.

☆☆☆☆

„Þegar saman fer skemmtun og áskorun eins og í þessari bók, hefur sannarlega vel tekist til.“

Egill Ólafsson, Morgunblaðið

„Mikil dásemdarbók!“

Jón Yngvi Jóhannesson, gagnrýnandi.






sögur ÚTGÁFA

www.sogurutgafa.is

# Michael á batavegi

Tónlistarmaðurinn George Michael er á hægum batavegi í baráttu sinni við lungnabólgu. Hann hefur verið fluttur af gjörgæsludeild í Austurríki, þar sem hann var lagður inn fyrir viku. Söngvarinn, sem er 48 ára, hafði verið í einangrun en fjölskylda hans hefur staðið þétt við bakið á honum í veikindunum. Talið er að á meðal þeirra sé Fadi Fawas, sem orðrómur er uppi um að sé nýr kærasti Michaels. Faðir söngvarans, hinn 75 ára gamli Kyriacos Panayiotou, er einnig á sjúkrahúsinu ásamt eldri systrum Michaels, Melanie og Yioda. Heyrst hefur að fyrrverandi kærasti söngvarans, Kenny Goss, sé einnig á leiðinni á sjúkrahúsið.



**Á BATAVEGI** Tónlistarmaðurinn George Michael er á batavegi.

# Kanye með sjö tilnefningar

Kanye West hefur fengið sjö tilnefningar til bandarísku Grammy-verðlaunanna. Fjórar eru fyrir plötuna My Beautiful Dark Twisted Fantasy, sem kom út í fyrra, og þrjár fyrir Watch the Throne sem hann gerði með rapparanum Jay-Z.

Næst á eftir koma Adele, með sex tilnefningar eins og rokkararnir í Foo Fighters. Adele var tilnefnd í tveimur stórum flokkum, eða fyrir lag ársins, Rolling in the Deep, og fyrir plötu ársins, 21. Foo Fighters var tilnefnd fyrir plötu ársins og bestu rokkplötuna, Wasting Light.

Bruno Mars fékk fimm tilnefningar, rétt eins og rapparinn Lil Wayne. Bon Iver fékk fjórar tilnefningar, þar á meðal fyrir lag ársins, Holocene. Mörgum kom á óvart hversu fáar tilnefningar hinar vinsælu Lady Gaga og Taylor Swift fengu, eða þrjár hvor. Grammy-verðlaunin verða afhent í 54. sinn í Los Angeles í febrúar á næsta ári.



**FLESTAR TILNEFNINGAR** Rapparinn Kanye West fékk flestar tilnefningar til Grammy-verðlaunanna í ár. NORDICPHOTOS/GETTY






**JULIA ROBERTS** Leikkonan verður aðalleikkonan í Second Act.

# Framleiðir og leikur

**Julia Roberts verður framleiðandi og aðalleikkona gamanmyndarinnar Second Act. Myndin fjallar um konu sem hefur aldrei gert handtak á ævinni en neyðist á endanum til að fá sér vinnu, að því er kom fram í The Hollywood Reporter. Ekki hefur verið greint frá hver leikstýrir myndinni. Næsta verkefni Roberts er hlutverk vondu stjúpunnar í nýrri mynd um Mjallhvíti, Mirror Mirror, sem frumsýnd verður í mars. Aðrir leikarar eru Lily Collins, Sean Bean og Nathan Lane. Fyrr á þessu ári sást Roberts í rómantísku gamanmyndinni Larry Crowne á móti Tom Hanks.**



**MÁLLAUS** Söngkonan Adele er að jafna sig eftir aðgerð og lætur forrit í símanum tala fyrir sig. NORDICPHOTOS/GETTY

# Adele getur ekki talað

**Breska söngkonan Adele getur ekki mikið notað rödd sína um þessar mundir en hún er ennþá að jafna sig eftir aðgerð á raddböndum. Söngkonan styðst því við forrit í símanum sem hjálpar henni að tjá sig til dæmis á kaffihúsum og við leigubílstjóra. Adele skrifar það sem hún vill segja inn í símann, sem talar svo fyrir hana.**

**Adele þurfti að fresta tónleikaferðalagi sínu í Bandaríkjunum vegna aðgerðarinnar en það kom ekki að sök því daman var nýlega tilnefnd til sex Grammy-verðlauna. Læknarnir segja að hún muni komast aftur á svið á nýju ári.**



**KOMIN MEÐ NÝJAN** Eva Longoria staðfestir samband sitt við Eduardo Cruz, litla bróður leikkonunnar Penelope Cruz. NORDICPHOTOS/GETTY

# Byrjuð með bróður Cruz

Leikkonan Eva Longoria er byrjuð með litla bróður vinkonu sinnar Penelope Cruz, Eduardo Cruz. Longoria staðfestir þetta í viðtali við spænska Vanity Fair þar sem hún talar einnig opinskátt um skilnað sinn við körfuboltakappann Tony Parker í fyrra. Hún leggur áherslu á að hún sé ekki reið Parker þó að framhjáhald hans hafi verið ein af orsökunum skilnaðarins.

„Það var ástæða fyrir því að ég varð ástfangin og gifti mig, ég hafði trú á sambandinu. Það er engin ástæða fyrir því að vera bitur og missa trúna á sambandi.“ Longoria bætir svo við að hún sé heppin að hafa fundið Edu, eins og hún kallar nýja kærastann, en hann er tíu árum yngri en leikkonan.



**HAMINGJUSÖM?** Fjölmiðlar telja að þau séu að skilja en þau blása á sögusagnirnar.

# Fengu sér húðflúr

**Hjónin Katy Perry og Russell Brand hafa verið í skotlínu fjölmiðla vestanhafs, sem telja að þau séu að skilja.**

**Perry og Russell hafa ávallt blásið á sögusagnirnar og gerðu tilraun til að sannfæra fjölmiðla á dögunum þegar þau fengu sér húðflúr saman. Þau heimsóttu húðflúrstofu í Los Angeles eftir tónleika þar í borg, en fengu sér reyndar ekki nafn hvort annars í varanlegu bleki, heldur fékk Perry sér broskall á ökklann og Brand fékk sér merki fótboltaliðsins West Ham United á upphandlegginn.**

**Þá fékk Perry að prófa að munda nálina og gaf tattúmeistaranum Bang Bang sams konar broskall og hún fékk sér.**

# Býður Íslendingum á tónleika

Mugison stal senunni á Degi íslenskrar tónlistar í gær þegar hann bauð öllum Íslendingum á tónleika sína í Eldborgarsal Hörpu 22. desember næstkomandi.

Hátíðlegt andrúmsloft var á blaðamannafundi í Hljómskálanum þegar tónlistarmaðurinn sagðist vera svo mikil þökk í hjarta fyrir hlýjar viðtökur landsmanna við nýjustu plötu hans, Hagléli, að hann langaði að þakka fyrir sig í verki, með því að gera það sem hann gerir best – spila tónlist. Hann leigði því að eigin sögn glæsilegasta tónleikasal landsins, Eldborg, til að sem flestir kæmust að.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Haglél fengið fádæma góðar viðtökur og selst í meira en 12.000 eintökum. Öll eintökin eru heimaföndruð af Mugison sjálfum, fjölskyldu og vinum og á aðventunni ætla þau að eiga notalegar stundir saman við að föndra 7.000 eintök í viðbót.

Mugison ætlar að vera með fjölmennt lið listafólks með sér á tónleikunum, og lofar að minnsta kosti 20-30 leynigestum á sviðið. Þeir sem næla sér í miða á tónleikana eiga því von á góðu, en hægt verður að nálgast miða á vef Hörpu frá hádegi 7. desember. - bb



**GLATT Á HJALLA** Mugison og hljómsveit hans hafa undanfarið ferðast um landið og komið fram í 18 bæjarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 3 - 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 3 | 2D | L |
| BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| THE HELP VIP | kl. 6 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 5:40 - 10:45 | 2D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. 3:20 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO 3D | kl. 6 | 2D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| WHAT'S YOUR NUMBER | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:10 | 12 |
| IDES OF MARCH | kl. 8 | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30 í 2D & 3D | | L |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 3 - 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ Ensku Tali / ótextuð | kl. 5:45 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 3 | 2D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 3 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE HELP | kl. 5:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRESPASS | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10 | 2D | 16 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |
| HAPPY FEET 2 m/ísl tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| THE HELP | kl. 7 | 2D | L |
| BANGSÍMON m/ísl tali | kl. 5:40 | 2D | L |

SAMbio.is


# Framúrskarandi safnpakki

Tónlist ★★★★★

**1981–2011**

Grafík



Þó að hljómsveitin Grafík hafi ekki verið starfandi af fullum krafti nema í rúm sex ár lifir tónlist hennar enn góðu lífi. Grafík sendi frá sér fimm plötur á níunda áratugnum. Þær voru allar ólíkar og bera þess glöggt vitni hvað Grafík var hugmyndarík og leitandi hljómsveit. Í þessum nýja þrefalda safnpakka eru tveir geisladiskar með 30 lögum, þarf af tveimur nýjum, og DVD-diskur með heimildarmynd sem rekur sögu sveitarinnar.

Grafík var að að mörgu leyti sérstök hljómsveit. Lykilmenn hennar voru til að mynda ekki söngvarinn eða söngkonan, heldur gítarleikarinn Rúnar Þórisson og trommuleikarinn Rafn Jónsson. Á þeim fimm plötum sem sveitin gerði voru fjórir mismunandi söngvarar.

Grafík var stofnuð á Ísafirði af Rabba, Rúnari og Erni Jónssyni í ársbyrjun 1981. Fyrsta platan þeirra, Út í kuldann, kom út í október það ár. Tónlistin á henni var undir greinilegum áhrifum frá enskum nýbylgjuhljómsveitum eins og The Cure. Eitt lag af plötunni, Video, náði nokkrum vinsældum. Platan Sýn, sem kom út tveimur árum seinna, náði aftur á móti aldrei upp á yfirborðið, enda var tónlistin tilraunakennd og ekki sérstaklega útvarpsvæn.

Þegar nýútskrifaður leikari, Helgi Björnsson, var fenginn til að syngja breyttist Grafík hins vegar úr jaðarsveit í eina af vinsælustu hljómsveitum landsins. Grafík gerði tvær plötur með Helga, Get ég tekið cjéns (1984) og Stansað, dansað og öskrað (1985). Á þeim var fullt af lögum sem urðu vinsæl, t.d. 16, Þúsund sinnum segðu já, Húsið og ég (mér finnst rigningin góð), Tangó, Himnalag og Stansaðu. Á fimmtu plötunni Leyndarmál sem kom út 1987 var enn komin ný rödd: Andrea Gylfadóttir, sem þá var að klára klassískt söngnám. Og aftur sló Grafík í gegn með lögum eins og Presley og Prinsessan.



Þegar maður hlustar á tónlistina á 1981–2011 þá slær það mann hvað hún hefur elst vel og hvað þetta var góð hljómsveit. Ennþá betri en maður hafði gert sér grein fyrir. Flottur hljómur og útsetningar, góðar lagasmíðar og frábær gítarleikur einkenna allar plöturnar, þó þær séu tónlistarlega ólíkar. Hljómsveitin er lituð af tíðarandanum og notar töluvert af 80's hljóðeffektum, en fer mjög vel með þá. Óspennandi söngvarar setja að vísu svip á tvær fyrstu plöturnar, en á þeim voru líka mjög flott instrúmental lög sem hér fá að heyrast.

1981–2011 er frábærlega vel unninn pakki. Lögunum er raðað eftir tímaröð á báðar plöturnar, þ.e.a.s. lög af Út í kuldann eru fremst á báðum diskunum og ný lög aftast. Þetta er fín aðferð sem gerir hlustandanum kleift að fylgja þróun tónlistarinnar. Söngtextar og greinargóðar upplýsingar fylgja í plötubæklingi, en trompið er bæði ítarleg og þrælskemmtileg heimildarmynd sem greinilega hefur verið lögð mikil vinna í. Í henni eru ný viðtöl við marga þá sem komu við sögu sveitarinnar og glás af gömlu myndefni. Bjarni Grímsson og Frosti Runólfsson gerðu myndina, en Jónatan Garðarsson samdi spurningarnar fyrir viðtölin.

Á heildina litið er 1981–2011 framúrskarandi pakki sem gefur góða mynd af frábærri hljómsveit.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Flott yfirlitsútgáfa frá eðalsveitinni Grafík.

# Fassbender líklegur sem Nói

Christian Bale hefur ákveðið að hafna aðalhlutverkinu í stórmyndinni Nóa sem Darren Aronofsky hefur í hyggju að taka að hluta til upp hér á landi, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

Michael Fassbender, sem lék Magneto í X-Men: First Class, er núna talinn líklegastur til að hreppa hlutverkið eftir að hann hitti Aronofsky á dögunum og ræddi við hann.

Bale var talinn líklegur til að leika Biblíupersónuna Nóa, sem byggir örk og bjargar öllum dýrum heimsins frá flóði. Ástæðan fyrir því að hann dró sig út úr verkefninu er annríki, því hann hefur þegar ákveðið að leika í myndunum Lawless og Knight of Cups. Taldi hann sig því ekki hafa nægan tíma fyrir Nóa.

Fassbender er mjög vinsæll um þessar mundir. Tvær myndir eru þegar á dagskránni hjá honum, eða 12 Years a Slave, og framhaldið af X-Men: First Class.

Nói verður fyrsta mynd Aronofsky síðan Black Swan kom út. Framleiðsla á myndinni hefst seinna vor eftir handriti Johns Logan, sem síðast samdi handritið að fjölskyldumynd Martins Scorsese, Hugo. Tökudagarnir á Íslandi verða tuttugu talsins, ef allt gengur að óskum.



**LÍKLEGUR** Michael Fassbender er talinn líklegastur til að leika í myndinni Nói.
NORDICPHOTOS/GETTY


SMÁRA BÍÓ / HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BLITZ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TROPA DE ELITE | KL. 10.20 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 | 7 |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D KL. 6 L / BLITZ KL. 8 16
JACK AND JILL KL. 8 - 10 L / IMMORTALS 3D KL. 10 16
TROPA DE ELITE KL. 5.50 16

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BLITZ | 8 og 10.15 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 4(950 kr) og 6 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | 4(700 kr) |
| JACK AND JILL | 8 |
| HAPPY FEET 2 3D - ISL TAL | 4(950 kr) og 6 |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10 |
| BORGRÍKI | 10.15 |




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FÖSTUDAGUR: HJEM TIL JUL (HEIM UM JÓLIN) 18:00 (2 FYRIR 1), 20:00, 22:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 18:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



Fáðu *30% stærra* Heimilisbrauð í dag
afmælistilboð




+30%
meira afmælistilboð
meira
stærra
afmæli
meira

# Fáðu stærra Heimilisbrauð í dag

## Heimilisbrauðið er 15 ára. Fáðu 30% meira í dag.

Heimilisbrauðið er 15 ára. Myllan heldur upp á afmælið með margs konar kostaboðum, allt árið. Nú færðu Heimilisbrauðið 30% stærra en venjulega, á sama góða verðinu. Fylgstu vel með á myllan.is. Fáðu þér gott Heimilisbrauð í dag, 30% stærra.

Afmælistilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Fáðu meira frá Myllunni!

Óvæntar afmælisgjafir með Heimilisbrauðinu. Vertu í afmæli allt árið. Fylgstu með á myllan.is.

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNA INGÓLFSDÓTIR** keppir á opna velska meistaramótinu í badminton um helgina, en hún er nú að keppa að því að koma sér ofar á heimslistanum og inn á Ólympíuleikana í Lundúnum á næsta ári. Rögnu er raðað inn sem sterkasta keppanda mótsins, en hún er í 66. sæti heimslistans.

# Skýr markmið hjá íslenska liðinu

„Stelpurnar okkar“ skrifa nýjan kafla í íslenska íþróttasögu í Santos í Brasilíu. Góður gangur er í undirbúningi liðsins fyrir fyrsta leikinn á heimsmeistaramótinu gegn Svartfjallalandi sem fer fram á morgun.

**HANDBOLTI** Kvennalandsliðið í handbolta skrifar nýjan kafla í íþróttasögu Íslands á morgun þegar liðið leikur sinn fyrsta leik á heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Aldrei áður hefur Ísland náð í úrslitakeppni HM í kvennaflokki. Íslenska liðið kom til Santos í Brasilíu á miðvikudagsmorgun eftir langt ferðalag frá London. Liðið hefur æft tvívegis í keppnishöllinni í Santos Arena þar sem A-riðill mótsins fer fram.

Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins, var með öfluga 100 mínútna æfingu í gær þar sem mesta áherslan var lögð á varnarleikinn. Þjálfarinn er með skýr markmið, að liðið komist í 16 liða úrslit. Til þess þarf margt að ganga upp og Ísland þarf að enda í einu af fjórum efstu sætunum. Svartfjallaland og Noregur eru fyrirfram talin með langsterkustu liðin í þessum riðli. Ísland ætti hins vegar að eiga góða möguleika gegn Afríkumeistaraliði Angóla, Kína og jafnvel Þjóðverjum.



**ÞÉTTUR OG GÓÐUR** Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari Íslands, leggur ríka áherslu á að Ísland spili góðan varnarleik á HM í Brasilíu. Hér æfa Harpa Sif Eyjólfsdóttir og félagar hennar varnarleikinn á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Raunhæft að komast áfram

„Það er raunhæft markmið að komast upp úr riðlinum en til þess þurfum við að eiga góða leiki. Þetta eru allt sterkar þjóðir. Við erum búnir að skoða myndbönd frá bæði Angóla og Kína. Það verða hörkuleikir. Við þurfum að hitta á góða daga, halda mistökunum í lágmarki og leika þéttan og góðan varnarleik,“ sagði Ágúst, en hann hefur óskað eftir því að leikmenn Íslands tileinki sér meiri hraða í leik sínum. „Hitinn hérna í Brasilíu er gríðarlega mikill og við verðum að sjá hversu mikið álag við þolum. Við sjáum til hvað gerist.“

Þjálfarinn er ekki í vafa um að væntingar hans til liðsins séu raunhæfar. Ísland lék í úrslitum Evrópumeistaramótsins í Danmörku fyrir ári og það er að mati þjálfarans góð þróun. „Það yrði enginn heimsendir ef við næðum ekki markmiðum okkar. En kröfurnar eru raunhæfar og við stefnum á að komast áfram. Það er góð þróun í handboltanum heima á Íslandi og sérstaklega eftir að fleiri leikmenn fóru til liða erlendis. Það lyftir gæðunum á landsliðinu. Ég vona að við náum betri árangri á þessu stórmóti en því síðasta,“ sagði Ágúst, en Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum í riðlakeppninni á EM í Danmörku.

> Við þurfum að hitta á góða daga, halda mistökunum í lágmarki og leika þéttan og góðan varnarleik.
>
> **ÁGÚST ÞÓR JÓHANNSSON**
> ÞJÁLFARI ÍSLANDS

### „Ætlum okkur að vinna leik“

Hrafnhildur Skúladóttir hefur leikið í um 14 ár með íslenska landsliðinu en hún er aldursforsetinn í liðinu. Hrafnhildur segir að það sé stórafrek fyrir Ísland að eiga lið á heimsmeistaramóti.

„Ég er búin að bíða eftir þessu lengi. Það hafa orðið framfarir í handboltanum á Íslandi. Hraðinn er meiri en áður og það hentar okkur vel,“ sagði Hrafnhildur eftir æfingu Íslands í Santos Arena í gær.

Ísland lék einn æfingaleik við enska landsliðið á meðan beðið var eftir fluginu til Brasilíu og það virkaði vel á liðið að mati Hrafnhildar. „Við vorum reyndar nokkrar með fætur eins og bjúgu eftir 11 tíma flug til Brasilíu. Það tekur aðeins á. Við vorum vel undirbúnar og fórum í sérstakan fatnað í fluginu sem kallast „recovery“ fatnaður,“ bætti fyrirliðinn við.

Hrafnhildur er í hópi tíu leikmanna sem eru í liðinu sem léku einnig á EM í Danmörku. Hún segir að sú reynsla eigi eflaust eftir að nýtast vel. „Okkur langar til þess að vinna leik á stórmóti, það er mjög mikilvægt og við hlökkum mikið til þess að láta það takast,“ sagði Hrafnhildur.


**Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson**



**fjalla um HM í Brasilíu**

seth@frettabladid.is – pjetur@365.is






**MARKVERÐIRNIR MIKILVÆGIR** Guðný Jenný Ásmundsdóttir og Sunneva Einarsdóttir verja mark Íslands á HM.



**SKÝR FYRIRMÆLI** Ágúst Þór Jóhannsson þjálfari fer yfir varnarleikinn með Örnu Sif Pálsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Svitinn lak af stelpunum okkar á æfingunni í Santos

Íslenska landsliðið hefur æft síðustu tvo dagana í Arena Santos eftir að hafa lent í Brasilíu á þriðjudagsmorgun. Fyrsti leikurinn verður gegn Svartfjallalandi á laugardaginn og er hver mínúta fram að leiknum nýtt eins vel og kostur er. Fréttablaðið fylgdist með æfingu liðsins í gær.

Svitinn lak af leikmönnum Íslands strax frá fyrstu mínútu æfingarinnar. Enda ekki skrítið, lofthitinn um 28 gráður og mikill raki í loftinu. „Það eina sem vantar í þessa keppnishöll er loftkælingin. Það er aðeins erfitt að anda eftir nokkra spretti við þessar aðstæður en við verðum fljótar að aðlagast þessu,“ sagði fyrirliðinn Hrafnhildur Skúladóttir eftir æfinguna í gær.

Þess má síðan geta að sagt var frá því á vef danska ríkisútvarpsins í gær að fuglar hefðu verið á sveimi í höllinni þar sem danska liðið æfði í gær.



**ÞJÁLFARARNIR** Ágúst Þór Jóhannesson og Gústaf Adolf Björnsson ræða málin á æfingu Íslands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Keppnishöllin í Santos:

## Þakið heldur ekki vatni

**HANDBOLTI Santos Arena keppnishöllin þar sem A-riðill HM í handbolta kvenna fer fram er tiltölulega nýtt mannvirki. Íþróttahöllin tekur um 5.000 áhorfendur og það er futsal-lið Santos sem er með bækistöðvar sínar í þessari höll.**

**Santosliðið er Brasilíumeistari í futsal sem er innanhússfótbolti sem leikinn er á handboltavelli. Mótshaldarar hér í Santos gætu lent í erfiðleikum ef það rignir mikið á meðan leikir fara fram.**

**Í gær rigndi eins og hellt væri úr fötu á meðan íslenska liðið æfði í höllinni, og kom þá í ljós að þakið lekur töluvert á einum stað beint yfir keppnisgólfinu. - seth**



**VALDI FH** Guðmann Þórisson varð bikarmeistari með Breiðabliki árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tveir leikmenn aftur heim:

## Guðmann í FH og Atli fór í Val

**FÓTBOLTI Tveir íslenskir knattspyrnumenn sem hafa leikið í Noregi undanfarin ár munu spila í úrvalsdeild karla, Pepsi-deildinni, á næstu leiktíð. Varnarmaðurinn Guðmann Þórisson ákvað að semja við FH en sóknarmaðurinn Atli Heimisson er genginn til liðs við Valsmenn.**

**Guðmann er reyndar uppalinn Bliki og hafði verið orðaður við félagið. „Þetta er með erfiðari ákvörðunum sem ég hef tekið,“ sagði hann við netmiðilinn Fótbolta.net. „[...] En stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir í lífinu og mér fannst hagsmunum mínum best borgið í FH.“**

**Guðmann hefur spilað með Nybergsund undanfarin ár en liðið féll úr norsku B-deildinni í haust. Atli hefur verið á mála hjá Asker í sömu deild en þar áður lék hann í tvö ár með ÍBV. Hann hóf ferilinn hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ.**

**Atli skrifaði undir tveggja ára samning við Val en Guðmann mun ganga frá sínum samningamálum á næstu dögum. - esá**



**LUCAS** Hefur verið lykilmaður á miðjunni hjá Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Áfall fyrir Liverpool:

## Lucas Leiva frá út tímabilið

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool fengu slæm tíðindi í gær þegar það var staðfest að Brasilíumaðurinn Lucas Leiva væri með slitið krossband í hné. Hann spilar því ekki meira með liðinu á tímabilinu.

Lucas meiddist í leik Liverpool gegn Chelsea í enska deildabikarnum eftir samstuð við Juan Mata, leikmann Chelsea. Rannsóknir leiddu í ljós að krossbandið í vinstra hné var slitið og þarf hann að fara í aðgerð vegna þessa.

Lucas hefur verið einn besti leikmaður Liverpool á tímabilinu og var valinn leikmaður ársins fyrir frammistöðu sína á síðustu leiktíð. „Ég er viss um að ég kem sterkari til baka og næ þeim árangri sem mig dreymir um í Liverpool-treyjunni,“ skrifaði hann á Twitter-síðuna sína.

Ekki er ólíklegt að Dalglish muni reyna að kaupa miðjumann til liðsins nú þegar opnað verður fyrir félagaskipti um áramótin.

2 SPORT
besta sætið

Á MORGUN KL. 16.50

# ÍSLAND
# SVARTFJALLALAND



## ALLIR LEIKIR Á BESTA TÍMA!

Þorsteinn J & gestir fyrir og eftir alla leiki Íslands

| | | |
|---|---|---|
| 02. des. | 22:55 | Opnunarleikur mótsins |
| 03. des. | 16:50 | Ísland – Svartfjallaland |
| 04. des. | 21:25 | Ísland – Angóla |
| 06. des. | 19:10 | Ísland – Noregur* |
| 07. des. | 21:30 | Ísland – Þýskaland (í opinni dagskrá)* |
| 09. des. | 21:20 | Ísland – Kína |
| 11. des. | 16:20 | 16. liða úrslit (1 leikur í opinni dagskrá)** |
| 12. des. | 19:05 | Forsetabikar (1 leikur í opinni dagskrá)** |
| 14. des. | 16:20 | 8. liða úrslit |
| 16. des. | 19:05 | Undanúrslit |
| 18. des. | 19:05 | Úrslitaleikurinn (í opinni dagskrá) |

*Sýnt á Stöð 2 Sport 2 **Ef Ísland er að spila

## ÁFRAM ÍSLAND!

## Fyrsti leikur Íslands á morgun kl. 16:50

Íslensku landsliði hefur enn á ný tekist það ótrúlega. Nú keppa Stelpurnar okkar í fyrsta skipti á HM og við fylgjumst með ævintýrinu beint frá Brasilíu. Sjáðu alla leiki íslenska liðsins í beinni á Stöð 2 Sport.

míla Palmolive VÍS HÚSASMIÐJAN

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# ALLIR NEMA EINN SPÁ GRINDAVÍK SIGRI

**Undanúrslit Lengjubikarsins fara fram í DHL-höllinni í kvöld og þar keppa fjögur lið um sæti í úrslitaleiknum á morgun. Fréttablaðið fékk þjálfara hinna liðanna í Iceland Express-deildinni til að spá um úrslit.**

**KÖRFUBOLTI** Fyrsti titill vetrarins í karlakörfunni er í boði í DHL-höllinni um helgina því þá fara fram fyrstu úrslitin í Lengjubikarnum síðan keppnin fékk andlitslyftingu á ársþingi KKÍ í vor. Þór Þorlákshöfn, Grindavík, Snæfell og Keflavík unnu sína riðla og tryggðu sér þar með sæti meðal fjögurra fræknu en fyrirtækjabikar KKÍ fer nú fram í sextánda sinn. Undanúrslitaleikirnir fara fram í kvöld og úrslitaleikurinn er síðan á morgun.

### Gestgjafarnir eru ekki með

KR-ingar eru gestgjafar að þessu sinni en verða engu að síður fjarri góðu gamni sjálfir. Þórsarar úr Þorlákshöfn skildu Íslands- og bikarmeistarana eftir í riðlinum og tryggðu sér um leið í fyrsta sinn sæti meðal hinna fjögurra fræknu.

KR-ingar eiga engu að síður sinn fulltrúa um helgina því Benedikt Guðmundsson, fyrrum þjálfari liðsins, er einmitt þjálfari Þórsara. Benedikt gerði KR að fyrirtækjameisturum 2008 og fór einnig með KR-liðið alla leið í fyrsta úrslitaleik keppninnar árið 1996 sem og í úrslitaleikinn árið 2007.

Keflvíkingar hafa nú bætt metið, sem þeir áttu með KR-ingum og Njarðvíkingum, með því að komast í þrettánda sinn í undanúrslitin. Njarðvíkingar hafa ekki komist í undanúrslitin undanfarin tvö ár en það voru einmitt Keflvíkingar sem skildu þá eftir í riðlinum og unnu hreinan úrslitaleik liðanna með tuttugu stigum.

Sigurður Ingimundarson er því kominn með Keflavíkurliðið meðal hinna fjögurra fræknu í ellefta sinn en hann hefur gert Keflavík fjórum sinnum að fyrirtækjameisturum og sjö sinnum farið með liðið í úrslitaleikinn. Sigurður hefur einnig farið einu sinni með Njarðvíkurliðið í úrslitaleikinn og enginn þjálfari hefur verið sigursælli í þessari keppni.

### Snæfellingar unnu í fyrra

Snæfellingar eiga titil að verja en þeir unnu KR í úrslitaleiknum í fyrra. Þjálfari liðsins, Ingi Þór Steinþórsson, ætti að kunna vel við sig í DHL-höllinni enda þjálfari KR fyrstu fimm árin eftir að DHL-höllin var tekin í notkun.

Fréttablaðið fékk þá átta þjálfara í Iceland Express-deildinni sem ekki eiga lið í undanúrslitunum í ár til þess að spá fyrir hvernig leikir helgarinnar muni fara. Það kemur kannski ekki á óvart að flestir spá Grindvíkingum sigri en það er aðeins einn af átta þjálfurum sem spáir ekki lærisveinum Helga Jónasar Guðfinnssonar titlinum.

Þjálfararnir sem tóku þátt í könnun Fréttablaðsins eru: Teitur Örlygsson (Stjörnunni), Hrafn Kristjánsson (KR), Einar Árni Jóhannsson (Njarðvík), Gunnar Sverrisson (ÍR), Örvar Þór Kristjánsson (Fjölnir), Bárður Eyþórsson (Tindastóll), Pétur Rúrik Guðmundsson (Haukar) og Ágúst Björgvinsson (Valur).

Grindvíkingar hafa unnið fyrstu fjórtán leiki tímabilsins, sjö í Iceland Express-deildinni, sex í Lengjubikarnum og svo einn í Meistarakeppni KKÍ. Þeir hafa þegar unnið tvo sigra í DHL-höllinni, fyrst dramatískan eins stigs sigur á KR í Meistarakeppninni þar sem Páll Axel Vilbergsson skoraði sigurkörfuna um leið og leiktíminn rann út og svo sannfærandi 26 stiga sigur á KR í deildinni í síðustu viku þar sem þeir héldu Íslands- og bikarmeisturum KR í aðeins 59 stigum á heimavelli.

### Númeri of stórir fyrir alla

„Ég held bara að Grindvíkingar séu númeri of stórir fyrir alla eins og staðan er í dag,“ sagði einn þjálfaranna. „Þetta er einfaldlega best mannaða lið landsins um þessar mundir og þeir eru á mikilli siglingu,“ sagði annar.

Snæfell fékk atkvæði frá einum þjálfara en sá hinn sami spáði því að Þórsarar myndu slá Grindavík út úr undanúrslitunum. Sex af átta spáðu Snæfelli sigri á Keflavík í seinni undanúrslitaleik kvöldsins en þar munar eflaust mikið um það að Keflvíkingar leika án stórskyttunnar Magnúsar Þórs Gunnarssonar sem tekur út leikbann í kvöld.

### Watson og Bullock öflugir

Fréttablaðið fékk einnig þjálfarana til að sjá fyrir sér hvaða leikmaður mun standa upp úr um helgina. Þrír nefndu Giordan Watson, leikstjórnanda Grindavíkur, og tveir voru með hinn fílhrausta J´Nathan Bullock efstan á blaði. Grindvíkingarnir Ólafur Ólafsson og Páll Axel Vilbergsson komust líka á blað ásamt Snæfellingnum Jóni Ólafi Jónssyni.

Leikur Þórs og Grindavíkur hefst klukkan 18.30 í kvöld og strax á eftir, klukkan 20.30, hefst leikur Snæfells og Keflavíkur. Úrslitaleikurinn fer síðan fram klukkan 16.00 á laugardaginn. Allir leikirnir fara fram í DHL-höllinni í Frostaskjóli.

ooj@frettabladid.is

## Spá hinna þjálfaranna

**18.30 Þór Þorlákshöfn - Grindavík**
Þór: 1 atkvæði Grindavík: 7 atkvæði

**20.30 Snæfell - Keflavík**
Snæfell: 6 atkvæði Keflavík: 2 atkv.

**Lengjubikarmeistarar**
Grindavík: 7 atkvæði Snæfell: 1 atkv.

**Besti leikmaður helgarinnar:**

| | |
|---|---|
| Giordan Watson, Grindavík: | 3 atkvæði |
| J´Nathan Bullock, Grindavík: | 2 |
| Ólafur Ólafsson, Grindavík: | 1 |
| Páll Axel Vilbergsson, Grindavík: | 1 |
| Jón Ólafur Jónsson, Snæfelli: | 1 |



**STJÓRNAR GRINDAVÍKURHRAÐLESTINNI** Þjálfarar í Iceland Express-deild karla búast við miklu af Giordan Watson á úrslitahelgi Lengjubikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Síminn ICELANDAIR 1011 ...opið í 20 ár OPIN KERFI

Misstu ekki trúna um jólin!

Sjá! Ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Sex heilar umferðir í desember og meira til! Hvaða jólastjarna blikar skærast í ár? Finnur Liverpool galdrana í gömlu skónum hans Kennys? Nær þjálfarinn með rauða trýnið að koma drengjunum sínum til himna á ný? Svörin opinberast í sex helgileikjum með þínu liði í jólamánuðinum.

Og minnstu þess að halda sunnudaginn heilagan. Þá koma vitringarnir tveir og færa þér gjafir sínar – bull, ergelsi og firru!

Sjáðu sex helgileiki með þínu liði í desember. Tryggðu þér áskrift!

Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 Sport 2 í jólagjöf. Það fæst hjá okkur í Skaftahlíðinni!

Þú færð meira fyrir peningana

MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

www.somi.is

# PESTÓ HUMMUS

# ALGJÖR SNILLD MILLI MÁLA

Pestó hummus er bragðgóð nýjung í salatlínunni frá Sóma. Frábært milli máltíða með gulrótum, gúrkum eða niðurskornum eplum. Pestó hummus er að sjálfsögðu líka gott ofan á brauð, t.d. með papriku og salatblaði. Hollt, gott og algjör snilld!







SÓMI

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**Haukar - Grótta** **29-17 (13-6)**

**Mörk Hauka (skot)**: Gylfi Gylfason 11/4 (12/5), Árni Steinn Steinþórsson 5 (9), Nemanja Malovic 3 (4), Jónatan Ingi Jónsson 2 (2), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (4), Þórður Rafn Guðmundsson 2 (5), Freyr Brynjarsson 1 (2), Sveinn Þorgeirsson 1 (2), Sigurður Guðjónsson 1 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (7).
Varin skot: Birkir Ívar Guðm. 20/1 (37/2, 54%).
**Hraðaupphlaup**: 9 (Gylfi 3, Árni Steinn 2, Malovic 1, Jónatan 1, Stefán Rafn 1, Freyr 1)
**Fiskuð víti**: 5 (Jónatan 2, Stefán 1, Tjörvi 1, Einar 1)
Utan vallar: 2 mínútur.
**Mörk Gróttu (skot)**: Hjálmar Þór Arnarsson 3 (5), Kristján Jóhannsson 3 (7), Þorgrímur Smári Ólafsson 3 (10), Þráinn Jónsson 2 (5), Ólafur Ægir Ólafsson 2/1 (5/2), Aron Valur Jóhannsson 1 (1), Árni Benedikt Árnason 1 (2), Benedikt R. Kristinsson 1 (3), Þórir Finnbogason 1 (4/1).
**Varin skot**: Lárus Ólafsson 14/1 (43/5, 33%).
**Hraðaupphlaup**: 5 (Kristján 2, Þráinn 1, Benedikt 1, Þórir 1)
**Fiskuð víti**: 2 (Þráinn 2, Hjálmar 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Dómarar**: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson

**Valur - FH** **26-26 (13-15)**

**Mörk Vals (skot)**: Anton Rúnarsson 11/1 (18/2), Sturla Ásgeirsson 6/2 (11/2), Magnús Einarsson 3 (7), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Orri Freyr Gíslason 2 (4), Einar Örn Guðmundsson 1 (1), Sveinn Aron Sveinsson 1 (3), Arnar Daði Arnarsson (1), Atli Már Báruson (2),
**Varin skot**: Hlynur Morthens 16 (36/3, 44%), Ingvar K. Guðmundsson 1 (7/2, 14%).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Anton 1, Orri 1, Einar 1, Sveinn 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Magnús 2, Anton 1, Orri Freyr 1)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Mörk FH (skot)**: Þorkell Magnússon 9/5 (9/5), Ólafur Gústafsson 8 (16), Hjalti Þór Pálmason 2 (3), Halldór Guðjónsson 2 (5), Örn Ingi Bjarkason 2 (6), Andri Berg Haraldsson 2 (9), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (2), Baldvin Þorsteinsson (1),
**Varin skot**: Daníel Andrésson 18/1 (44/4, 41%).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Þorkell 2, Halldór 1, Atli 1)
**Fiskuð víti**: 2 (Atli 3, Hjalti 1, Baldvin 1)
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Dómarar**: Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson.

**Afturelding - HK** **25-31 (12-16)**

**Mörk Aftureldingar (skot)**: Hilmar Stefánsson 7/2 (7/2), Sverrir Hermannsson 5 (10), Böðvar Páll Ásgeirsson 4 (9), Jóhann Jóhannsson 3/1 (4/1), Helgi Héðinsson 2 (2), Jón Andri Helgason 2 (5), Chris McDermont 1 (1), Þrándur Gíslason 1 (2), Aron Gylfason (1), Einar Héðinsson (3).
**Varin skot**: Davíð Svansson 18 (49/4, 38%).
**Hraðaupphlaup**: 3 (Hilmar 2, Jón Andri 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Sverrir 2, Jón Andri 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk HK (skot)**: Atli Ævar Ingólfsson 9 (10), Bjarki Már Elísson 7/2 (9/2), Ólafur Ragnarsson 4/2 (9/2), Tandri Konráðsson 3 (4), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (7), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2 (3), Atli Karl Bachmann 1 (1), Hörður Másson 1 (2), Sigurjón Björnsson 1 (4), Leó Pétursson (1).
**Varin skot**: Björn Ingi Friðþjófsson 14 (38/2, 37%), Arnór Freyr Stefánsson (1/1).
**Hraðaupphlaup**: 3 (Bjarki Már 3)
**Fiskuð víti**: 4 (Atli Ævar 2, Ólafur 1, Leó Snær 1)
**Utan vallar**: 4 mínútur.
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **9** | **8** | **0** | **1** | **240-203** | **16** |
| HK | 10 | 6 | 1 | 3 | 276-250 | 13 |
| **Fram** | **10** | **6** | **0** | **4** | **257-253** | **12** |
| FH | 9 | 4 | 3 | 2 | 254-239 | 11 |
| **Valur** | **10** | **4** | **3** | **3** | **269-251** | **11** |
| Akureyri | 10 | 4 | 2 | 4 | 278-255 | 10 |
| **Afturelding** | **10** | **2** | **0** | **8** | **232-280** | **4** |
| Grótta | 10 | 0 | 1 | 9 | 222-297 | 1 |

### Sænska úrvalsdeildin

**Borås - 08 Stockholm** **88-96**

Helgi Már Magnússon skoraði tólf stig á 26 mínútum. Hann nýtti öll skotin sín nema eitt, tók fimm fráköst og gaf eina stoðsendingu. 08 komst með sigrinum úr fallsæti í deildinni.

Garðar Gunnlaugsson til ÍA:

# Vil sýna að ég geti enn spilað

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson er genginn til liðs við uppeldisfélagið sitt, ÍA, en hann skrifaði undir eins árs samning í gær. Hann hefur verið á Akranesi síðasta mánuðinn við æfingar en er nú að ná fyrri styrk eftir að hafa gengist undir aðgerð vegna bakmeiðsla í sumar.

Hann segist bíða spenntur eftir því að tímabilið hefjist, en hann lék síðast með Val hér á landi árið 2006. „Ég hlakka til að halda mér heilum og sýna bæði umheiminum og sjálfum mér að ég geti enn spilað fótbolta," sagði hann við Fréttablaðið. „Það er tilvalið að koma aftur heim á Skagann, þar sem ég varð bæði Íslands- og bikarmeistari á sínum tíma. Vonandi getum við endurvakið þá gömlu, góðu daga." - esá

Botnlið Gróttu hafði ekki roð við toppliði Hauka í Hafnarfirðinum í gær:

# Vandræðalaust hjá Haukum gegn Gróttu

**HANDBOLTI** Haukar héldu toppsæti sínu í N1-deildinni með auðveldum tólf marka sigri á slöku liði Gróttu í gærkvöldi.

Leikurinn fór hægt af stað og var nokkurt jafnræði með liðunum á upphafsmínútunum. Haukar hrukku þó snemma í gírinn og náðu strax góðri forystu sem þeir héldu út leikinn. Fyrri hálfleikurinn einkenndist af sterkum varnarleik beggja liða en munurinn lá þó í sóknarleiknum, þar sem Haukar voru mun sterkari. Síðari hálfleikurinn var eign Hauka og var sigur þeirra aldrei í hættu.

Haukar spiluðu á mörgum mönnum í leiknum en þeir Gylfi Gylfason, sem skoraði 11 mörk, og Birkir Ívar Guðmundsson markvörður stóðu upp úr. Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var að vonum ánægður með sigurinn í kvöld, sem reyndist á endanum auðveldur.

„Við þurftum að halda einbeitingu í kvöld og gerðum það. Birkir Ívar var góður í markinu og vörnin hélt vel. Maður þarf alltaf að varast vanmat gegn þessum liðum sem eiga að teljast slakari en við héldum haus í kvöld og kláruðum þetta með einbeitingu."

Aron var einnig ánægður með gengi sinna manna að undanförnu og sagði liðið taka einn leik fyrir í einu „Við erum búnir að vera að spila nokkuð vel að undanförnu og



ARON Hefur náð miklu úr góðu liði Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

erum búnir að vinna nokkra mikilvæga leiki, sem er gott fyrir framhaldið. Við reynum þó að taka einn leik fyrir í einu og sjáum svo hvert það skilar okkur."

Guðfinnur Kristmannsson, þjálfari Gróttu, var svekktur í leikslok en kallaði þó eftir þolinmæði. „Við áttum aldrei séns í kvöld og vorum allt of langt frá þeim. Hræðilegur sóknarleikur gerir það að verkum að við erum ekki með í þessum leik. Ég var þó nokkuð ánægður með vörnina, sérstaklega í fyrri hálfleik, enda erum við búnir að vera að fara vel í hana í vikunni," sagði Guðfinnur.

Hann kallaði eftir þolinmæði og sagði að Gróttuliðið væri að mótast. „Við þurftum að búa til breidd fyrir tímabilið sem var ekki til staðar og það tekur allt tíma. Við erum að leyfa ungum uppöldum leikmönnum að spila, sem er jákvætt." - sh

# FH KASTAÐI FRÁ SÉR SIGRINUM

**Valur nældi sér í stig á heimavelli gegn Íslandsmeisturum FH í jafnteflisleik, 26-26. Jöfnunarmarkið kom úr afar umdeildu vítakasti þegar leiktíminn var liðinn. Hafnfirðingar voru brjálaðir út í dómara leiksins.**

**HANDBOLTI** Valur og FH skildu jöfn, 26-26, í hörkuleik að Hlíðarenda í gær. Leikurinn var ekkert sérstaklega vel spilaður en dramatíkin var til staðar allt fram á síðustu sekúndu.

Sturla Ásgeirsson skoraði jöfnunarmark Vals úr afar umdeildu vítakasti er leiktíminn var liðinn. Magnús Einarsson keyrði þá inn í vörn FH þar sem Örn Ingi Bjarkason stóð fyrir honum. Nær allir í húsinu héldu að dómararnir myndu dæma ruðning en þeir ákváðu að dæma víti, við litla hrifningu FH-inga.

### Fara alla leið í þetta skiptið

Sturla mætti ískaldur á punktinn og skrúfaði boltann framhjá Daníel Frey í markinu. „Ég var búinn að klúðra tveim vítum undir lok leikja í vetur og þá reyndi ég að negla boltanum inn. Ég ákvað því að fara aðra leið að þessu sinni," sagði Sturla og glotti við tönn.

„Markvörðurinn átti líklega aldrei von á þessu. Það er líka eins gott að boltinn fór inn því Óskar Bjarni hefði líklega tekið mig hraustlega í gegn ef ég hefði klúðrað víti á þennan hátt."

### Öskureiðir FH-ingar

FH-ingar voru öskureiðir eftir leikinn og nánast rauk úr hausnum á mörgum þeirra. „Við erum auðvitað mjög svekktir að fá á okkur svona umdeilt jöfnunarmark. Ég held það hafi nánast allir séð að þetta var ekki víti," sagði Kristján Arason, þjálfari FH, svekktur en hann skammaði líka sína menn sem voru komnir þrem mörkum ytfir þegar lítið var eftir.



ÍSKALDUR Sturla Ásgeirsson skoraði jöfnunarmark Vals úr vítakasti þegar leiktíminn var liðinn. Hér fagnar hann stiginu ásamt liðsfélögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Auðvitað áttum við að vera búnir að vinna þennan leik. Við fengum sóknirnir til þess að klára leikinn en nýttum þær ekki. Þetta er því eðlilega einnig okkur sjálfum að kenna. Engu að síður fannst mér halla svolítið á okkur í dómgæslunni og til að mynda fannst mér Valsmenn fá að halda boltanum mun lengur en við. Hendin var oft komin grunsamlega fljótt þegar við vorum í sókn en það sama var ekki upp á teningnum hinum megin."

Kristján hafði talsvert til síns máls en blaðamaður var á meðal þeirra sem trúðu því vart að dómararnir skyldu flauta víti. Ég vona þeirra vegna að þeir hafi haft rétt fyrir sér.

FH-ingar geta samt aðallega sjálfum sér um kennt, en þeir köstuðu frá sér unnum leik á skömmum tíma. Lokasóknir liðsins voru ákaflega illa útfærðar þar sem leikmenn virtust ekki höndla taugaspennuna.

Valsmenn geta þakkað fyrir stigið. Þeir áttu ekki sinn besta leik og voru bornir uppi af Antoni Rúnarssyni allan fyrri hálfleikinn. Í þeim seinni ákváðu Sturla og Hlynur markvörður að vera með og það skilaði Val stiginu. Þeir sýndu mikinn karakter og taka eflaust margt jákvætt úr því að fá stig þó svo að margt hafi verið að í þeirra leik. Unnið stig hjá þeim en FH-ingar munu sjá á eftir stigunum sem þeir héldu að væru komin í hús of snemma.

henry@frettabladid.is

HK er komið upp í annað sæti deildarinnar eftir sex marka sigur á Aftureldingu:

# Sneru bökum saman eftir rauða spjaldið

**HANDBOLTI** HK-ingar skiluðu tveimur stigum í hús þegar þeir heimsóttu Aftureldingu í gær, unnu 31-25. Spennan í seinni hálfleik var meiri en lokatölurnar gefa til kynna. Með frábærum kafla náðu heimamenn óvænt að minnka muninn í eitt mark og svo fékk einn besti leikmaður HK, Bjarki Már Elísson, að líta rauða spjaldið eftir viðskipti við Hilmar Stefánsson.

Við þetta vöknuðu HK-ingar, settu í fluggírinn og skoruðu sex mörk í röð. Þeir sýndu að þeir hafa einfaldlega mun betra lið en Afturelding. Það er bara staðreynd. Kópavogsliðið er nú komið í annað sæti deildarinnar.

Eins og deildin spilast bendir allt til þess að Mosfellingar endi í því sæti sem þeir eru í og fari í umspil um að halda sæti sínu. Grótta getur þó enn komið í veg fyrir það, en liðin mætast í næstu umferð.

„Það er gott að hafa ekki misstigið sig gegn botnliðunum, ég tel okkur hafa klárað þessi verkefni með sóma," sagði Erlingur Richardson, þjálfari HK, eftir leikinn í gær, en HK lagði Gróttu fyrir viku.



GÓÐUR SIGUR Atli Karl Bachmann og félagar í HK gerðu góða ferð í Mosfellsbæinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vissum að þetta yrði þolinmæðisvinna gegn Aftureldingu. Við náðum ágætis forystu í fyrri hálfleik. Varnarleikurinn var nokkuð sterkur og markvarslan mjög góð. Sigurinn liggur þar og í góðum baráttuanda þegar líða tók á leikinn."

Erlingur segir að sínir menn hafi brugðist eins vel við rauða spjaldinu á Bjarka og hægt var. „Við snerum bökum saman og hugsuðum ekkert út í neikvæða punktinn. Menn voru fljótir að bregðast við og leikmennirnir eiga hrós skilið," sagði Erlingur, sem mótmælir ekki dómnum.

„Ég sá þetta ekki alveg en hann var að reyna að losa sig og slær kannski frá sér. Þá er þetta bara rautt spjald. Ég treysti Antoni og Hlyni (dómurum leiksins) fyllilega til að meta þessa stöðu."

Davíð Svansson, markvörður Aftureldingar, varði 18 skot í gær og hélt liðinu inni í leiknum lengi vel. „Þetta var vægast sagt sveiflukenndur leikur. Við komum grimmir inn í þetta á milli en áttum svo til að missa þetta langt niður. Við þurfum að fækka þessum köflum," sagði Davíð. - egm

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS Á SMÁRATORGI 10 ÁRA

## GLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ *AÐEINS Á SMÁRATORGI*




**2998** KR. 2 KG.

NESTLÉ **MACHINTOSH 2 KG.**




**2598** KR. KASSINN

**NÓAKONFEKT** KASSAR 940G




500 KR. VERÐLÆKKUN

**1298** KR. 650 G

NÓA **BESTU MOLARNIR**




**SÉRSKORIÐ** BÓNUS **LAMBALÆRI** ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER **SKORIÐ FRÁ** OG ÞVÍ ER ***MEIRA KJÖT*** OG ***MINNA BEIN*** Á LÆRINU!

**1198** KR. KG

KJARNAFÆÐI: **LAMBALÆRI FERSKT SÉRSKORIÐ**



**198** KR. STK

BÓNUS 420G RÖMM **MÖNDLUKAKA**




**98** KR. 1/2 KG

**BÓNUS KORNBRAUÐ 500 G**




**1395** KR. KG

KJARNAFÆÐI: **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**




**59** KR 5 STK

**BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK.**




**598** KR. KG

ÍSLANDSGRÍS **FERSKUR GRÍSABÓGUR**




**159** KR. 1 LTR.

KJÖRÍS **TILBOÐSÍS: 1 LTR.**

OPIÐ 10:00-20:00

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

OPIÐ 10:00-20:00

> Stöð 2 kl. 20.05

**Spurningabomban**

***Logi Bergmann hefur slegið í gegn í vetur í þessum nýja og stórskemmtilega spurningaleik þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Að þessu sinni eru það „tveir harðir“ sem mæta „tveimur linum“. Harða liðið skipa þeir Egill „Gillz“ Einarsson og Auðunn Blöndal en þeir Halldór Gylfason og Freyr Eyjólfsson eru í lína liðinu.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HORFIR Á VESTRA

# *Fyrirmyndar fatasmekkur kúreka*

Ég horfði á gamlan vestra í fyrrakvöld á bíórásinni, Silverado. Reyndar er hann ekki svo gamall, frá árinu 1985. Ég horfði þó ekki frá upphafi til enda því hann er rúmir tveir tímar að lengd, en gjóaði augunum á skjáinn. Söguþráðurinn var líka það einfaldur að það dugði alveg til að fylgjast með: vondir karlar, góðir karlar, óteljandi byssubardagar og endalaust gobbidígobb, allt endar síðan vel en var tvísýnt um tíma.



**SILVERADO** Kevin Costner er rennisléttur í Silverado rétt eins og Kevin Kline.

Ég hafði eiginlega mest gaman af að sjá hvað leikararnir voru unglegir í myndinni en hver stjarnan á fætur annarri fór þar með hlutverk. Þarna mátti sjá rennisléttа Kevin Costner og Kevin Kline ásamt ekki alveg eins sléttum Scott Glenn, Danny Glover ekki með stingandi grátt strá á höfði og Rósönnu Arquette eins og fermingarstúlku. Þá fannst mér líka merkilegt, en mjög gaman, að sjá hvað kúrekarnir hafa verið flottir í tauinu á þessum tíma. Klæðskerasniðnir ullarfrakkar, rauðir klútar og kamellitaðar leðurbuxur sem Jim Morrison hefði gefið allt fyrir. Langdregnir byssubardagarnir fóru því ekkert í taugarnar á mér þótt ég undraðist hvað hægt var að skjóta oft án þess að þurfa að hlaða.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (Pagten) (e)
**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light)
**16.30 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 EM 2012** Dregið í riðla fyrir EM í fótbolta karla 2012.
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (Pagten)
**18.30 Galdrakrakkar** (47:47) (Wizard of Waverly Place)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Dans dans dans - Keppendur kynntir**
**20.25 Útsvar** (Akranes - Hveragerði)
**21.35 Joe Maddison fer í stríðið** (Joe Maddison's War) Bresk mynd frá 2010. Skipasmiðurinn Joe Maddison missti trúna í skotgröfunum í Somme 1916 en þegar seinni heimstyrjöldin brýst út gengur hann til liðs við Heimavarnarliðið. Leikstjóri er Patrick Collerton og meðal leikenda eru Kevin Whateley, Robson Green og Derek Jacobi.
**23.05 Wallander – Arfurinn** (Wallander: Arvet) Sænsk sakamálamynd frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Bankaránið** (The Bank Job) (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 The Women**
**12.00 Gosi**
**14.00 Full of It**
**16.00 The Women**
**18.00 Gosi**
**20.00 The Sorcerer's Apprentice**
**22.00 Too Big to Fail**
**00.00 The Hard Way**
**02.00 The Hitcher**
**04.00 Too Big to Fail**
**06.00 The Mummy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (18:175)
**10.15 Fairly Legal** (7:10)
**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:6)
**11.50 Off the Map** (3:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ljósvakavíkingar - Stöð 2** (5:5)
**13.25 Old Dogs**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.52 The Simpsons** (3:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Týnda kynslóðin** (16:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur og munu þau fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.
**20.05 Spurningabomban** (10:11) Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
**20.55 The X Factor** (19:26) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs þar til einn söngvari eða söngflokkur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
**22.20 The X Factor** (20:26)
**23.10 The Express**
**01.20 Love Don't Cost a Thing**
**03.00 The Rocker**
**04.45 Old Dogs**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Stoke - Dynamo Kyiv**
**15.10 Enski deildarbikarinn: Man. Utd - Crystal Palace**
**16.55 Twente - Fulham**
**18.40 Spænski boltinn: Barcelona - Rayo Vallecano**
**20.25 Fréttaþáttur Meistaradeilar Evrópu**
**20.55 La Liga Report**
**21.25 Evrópudeildarmörkin**
**22.15 Þorsteinn J. og gestir** Þorsteinn J. fylgir áhorfendum í gegnum HM í handbolta og fær til sín góða gesti til að fara yfir leikina og krifja þá til mergjar.
**22.55 Brasilía - Kúba** Bein útsending frá opnunarleiknum í HM í handbolta kvenna sem fram fer í Brasilíu. Það eru lið Brasilíu og Kúbu sem eigast við.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Chelsea - Wolves**
**18.40 Man. Utd - Newcastle**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 Premier League Preview** Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leiki helgarinnar.
**22.30 PL Classic Matches: Tottenham - Newcastle, 1994**
**23.00 Norwich - QPR**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (169:175)
**20.15 Chuck** (17:19)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 Human Target** (4:13)
**22.50 The Good Guys** (18:20)
**23.40 Breaking Bad** (4:13)
**00.30 Chuck** (17:19)
**01.15 Týnda kynslóðin** (16:40)
**01.45 The Doctors** (169:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (12:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (12:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Rachael Ray**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Parenthood** (15:22) (e)
**18.45 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (32:50) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (42:50) (e)
**19.35 Will & Grace - OPIÐ** (7:24) (e)
**20.00 Being Erica** (3:13) Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.
**20.50 According to Jim** (16:18)
**21.15 HA?** (11:31) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Í kvöld taka Jói G. og Sóli á móti hinum geðþekku leikurum og snillingum Þóru Sigurðardóttur, Björgvin Franz Gíslasyni og Gunnari Hanssyni.
**22.05 Jonathan Ross** (3:19)
**22.55 Fyndnasti maður Íslands 2011** (e)
**23.45 30 Rock** (14:23) (e)
**00.10 Got to Dance** (15:21) (e)
**01.45 Whose Line Is It Anyway?** (e)
**02.10 Real Hustle** (1:8) (e)
**02.35 Smash Cuts** (1:52) (e)
**03.00 Jimmy Kimmel** (e)
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Chevron World Challenge (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Chevron World Challenge (1:4) **15.00** US Open 2008 - Official Film **16.00** US Open 2009 - Official Film **17.00** Chevron World Challenge (1:4) **20.00** Chevron World Challenge (2:4) **23.00** Ryder Cup Official Film 1995 **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**08.35** Come Dine With Me **09.20** New Tricks **10.15** New Tricks **11.05** QI **11.35** Live at the Apollo **12.25** Come Dine With Me **13.10** Hustle **14.00** Hustle **14.50** Hustle **15.40** Top Gear **16.30** Come Dine With Me **17.20** Live at the Apollo **18.05** QI **18.40** QI **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Derren Brown. Russian Roulette **21.00** The Graham Norton Show **21.45** The Graham Norton Show **22.40** The Graham Norton Show **23.25** QI **00.00** QI **00.30** QI **01.00** QI **01.30** The Graham Norton Show

## DR 1

**11.10** Jersild Live **11.35** Det søde liv - jul **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.00** Hammerslag i New York **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Rosa fra Rouladegade **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Spise med Price **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Her er dit liv **20.00** TV Avisen **20.25** Sporten med VM håndbold **20.30** Hidalgo **22.40** Serenity

## NRK 1

**10.05** Full storm ved Stad **10.20** Schrödingers katt **11.00** Nyheter **11.15** Førjulshygge i Strömsö **12.00** Nyheter **12.05** Viten om **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Solgt! **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt

## SVT 1

**10.00** Go'kväll **10.30** Mitt i naturen **11.00** Debatt **11.45** Älg i poolen och säl på bryggan **12.35** Förnuft och känsla **13.35** How to Make It in America **14.00** Allt för Sverige **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Telefonsupporten **16.00** Bröderna Reyes **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern: Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Robin Hood: Prince of thieves **23.20** Hellboy

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






ÍSLAND
CORTES FEÐGAR
KEMUR Í VERSLANIR Í DAG
CORTES FEÐGAR
CORTES FEÐGAR ÍSLAND
ÍSLAND
„Dásamleg plata, einstakar útsetningar og flutningur - unaðslegt eyrnakonfekt.“
Gerður G. Bjarklind
Helstu perlur íslenskrar tónlistar eru hér fluttar sem dúettar með undirleik Sinfóníuhljómsveitar í glæsilegum útsetningum Karls Olgeirssonar
FEÐGARNIR CORTES SYNGJA HÉR SAMAN Á GEISLAPLÖTU Í FYRSTA SINN
FROSTMUSIC

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Defiant Order með Birdy Nam Nam. Þetta lag er bara fáránlegt í góðum heyrnartólum eða hátölurum. Snilldarflæði í því og góður old-school-ish fílingur.“*

Ragnar Freyr, grafískur hönnuður.

# Airwaves seinkað um tvær vikur

„Já, við eigum í raun þessa þriðju helgi í október sem hátíðin hefur alltaf verið haldin á, en við erum að þessu til að spara smá peninga,“ segir Kamilla Ingibergsdóttir, einn skipuleggjenda Iceland Airwaves-hátíðarinnar.



Athygli hefur vakið að hátíðin verður haldin tveimur vikum síðar en tíðkast hefur hingað til, frá 31. október til 4. nóvember. Breytinguna má að hluta rekja til lengra ferðatímabils á Íslandi. „Upphaflega var markmið hátíðarinnar að fá ferðamenn til Reykjavíkur og árið 1999 var lítið um að vera í október. Nú er Reykjavík orðin svo vinsæll áfangastaður og nóg að gera hjá ferðaþjónustunni á þessum tíma, þannig að við ákváðum að færa hátíðina til að dreifa álaginu betur og lækka í leiðinni kostnað fyrir okkur,“ segir Kamilla. Miðasala á næstu hátíð hófst í gær, töluvert fyrr en áður. Að sögn Kamillu er það gert til að koma til móts við erlenda gesti sem þurfa að skipuleggja ferðalag sitt vel fram í tímann. Og þessi hópur fer sífellt stækkandi. „Núna erum við að vinna úr könnun sem gerð var meðal hátíðargesta í október, og fyrstu tölur benda til þess að hlutfall erlendra gesta hafi aukist frá því í fyrra,“ Fyrir ári nutu næstum jafn margir útlendingar og Íslendingar tónlistarinnar, en heimamenn voru í örlitlum meirihluta. Nú lítur allt út fyrir að erlendir gestir hafi í fyrsta sinn verið meirihluta tónleikagesta. „Við erum auðvitað mjög ánægð með það.“ - bb



**ÁRLEG TÓNLISTARVEISLA** Takmarkaður fjöldi miða á afsláttarverði er í boði á heimasíðu Iceland Airwaves. Kamilla Ingibergsdóttir segir að tilkynnt verði um fyrstu listamennina snemma á næsta ári.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bæjarstjóri afhenti Blaz Roca gullplötu

Rapparinn Erpur Eyvindarson, eða Blaz Roca, fékk afhenta gullplötu fyrir að selja 5.000 eintök af plötu sinni, Kópacabana. Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, afhenti Erpi gullplötuna í Hamraborginni í gær. Á myndinni sjást Guðrún, Erpur, Hjálmar Hjálmarsson, forseti bæjarstjórnar, og Sigurður Valgeirsson, sem situr fyrir á umslagi plötunnar.




**GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON:** PRUFUM GAME OF THRONES FRESTAÐ

# Landaði flottu hlutverki í Rose-leikhúsinu í London

„Æfingar byrja í lok janúar. Þetta er virkilega spennandi,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, leikari. Hann hefur hreppt hlutverk Ókunnuga mannsins í uppfærslu Rose-leikhússins í Kingston-hverfinu í London á verki Henrik Ibsen, Konan við hafið.

Mótleikkona Guðmundar í verkinu verður enska leikkonan Joely Richardson sem er dóttir Vanessu Redgrave og er því af miklu leikhúsfólki komin. Hún hefur meðal annars leikið í kvikmyndum á borð Patriot og sjónvarpsþáttaröðinni Nip/Tuck. Hún leikur jafnframt Anitu Vanger í ensku útgáfunni af Karlar sem hata konur. Verkinu er leikstýrt af Stephen Unwin. Það verður frumsýnt þann 23. febrúar en hitt aðalhlutverkið verður í höndunum á Malcolm Storry. Sá er ákaflega virtur í sínu fagi en hefur jafnframt brugðið fyrir í kvikmyndum á borð við The Last of the Mohicans.

Guðmundur segir Unwin vera einn virtasta leikhús-leikstjóra Breta og það séu því forréttindi að fá að vinna með honum. „Bretum er nefnilega alveg sama með hverjum þú hefur unnið heima á Íslandi, þeir vilja bara vita með hverjum þú hefur unnið hérna úti. Þetta er því mikilvægt skref fyrir mig,“ segir Guðmundur og bætir því við að umboðsmaðurinn hans í London sé himinlifandi með niðurstöðuna. „Hann getur núna loksins sent fólk á sýningu með mér og leyft því að sjá mig.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru var Guðmundur boðaður í prufur fyrir sjónvarpsþættina Game of Thrones. Planið var þá að fara út í október en prufunum hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Verkefnið í Rose-leikhúsinu kom því eins og himnasending. „Ég er mjög ánægður með þetta.“

freyrgigja@frettabladid.is



**FLOTT HLUTVERK** Guðmundur Ingi leikur ókunnuga manninn í Konunni við Hafið eftir Henrik Ibsen í uppfærslu Rose-leikhússins í Kingston. Aðalhlutverkin verða í höndunum á Joely Richardson og Malcolm Storry. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Andri Freyr á leið til Ameríku

„Þetta er í farvatninu en ekki búið að negla endanlega niður,“ segir Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður. Andri sló rækilega í gegn með sjónvarpsþættinum sínum Andri á flandri sem sýndir voru á RÚV og nú er gert ráð fyrir tveimur þáttaröðum á næsta ári.

Annars vegar Andraland þar sem Andri þvælist um miðborgina og hittir alls konar fólk og hins vegar sérstaka þáttaröð um ferð Andra á slóðir Vestur-Íslendinga í Ameríku og Kanada en þar hyggst hann meðal annars færa fjarskyldum ættingjum landsins sérstakan leynigest. Það er framleiðslufyrirtækið Stórveldið sem framleiðir báða þættina.

Andri var í Njarðvík þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann hugðist fara í 7D-bíóið með tólf ára frænda sínum, Kristófer. Andri er reyndar nýbúinn að fjárfesta í bíl, svörtum Hyundai, sem hann segir vera verstu fjárfestingu lífs síns. „Mér var sagt að bíllinn liti vel út, hann eyddi nánast engu og væri toppástandi. Hann fer með tank á viku og ég er þegar búinn að eyða 200 þúsund krónum í viðgerðir. Enda er hann í góðu standi núna,“ segir Andri.

Gestirnir í Andralandi verða af öllum stærðum og gerðum, ekki bara þessar týpísku lattélepjandi-lopatrefla týpur. „Þetta verður skemmtilegt og áhugavert fólk,“ segir Andri sem býst þó ekki við því að verða langlífur í sjónvarpi, hann hafi einfaldlega svo gaman af útvarpi. „Það skemmtilegasta við útvarpið er að velja lögin.“ - fgg



**ANDRI, FRÆNDINN OG NÝI BÍLLINN** Andri Freyr ásamt Kristófer frænda sínum og nýja bílnum. Útvarpsmaðurinn góðkunni verður væntanlega með tvo nýja sjónvarpsþætti á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




komin í verslanir

happ
happ
húrra!



Matargerð **Happ-eldhússins** hefur rækilega slegið í gegn. Í þessari fallegu bók eru margar vinsælustu uppskriftir Happ komnar saman; uppskriftir að hollum, ljúffengum og næringarríkum mat sem allir geta útbúið.

Höfundar bókarinnar:
Unnur Guðrún Pálsdóttir (Lukka)
og Erna Sverrisdóttir

BÓKAFÉLAGIÐ

bokafelagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á leið í hljóðver

Poppstjörnurnar í Hjaltalín eru á leið í hljóðver á ný í janúar til að taka upp plötu sem þær stefna að því að gefa út næsta haust. Platan verður sú þriðja í röðinni frá Hjaltalín en áður hefur bandið gefið út plöturnar Sleepdrunk Seasons, árið 2007, og Terminal, árið 2009. Hljómsveitin hefur látið lítið fyrir sér fara síðustu mánuði en kom þó fram á Iceland Airwaves. Meðlimir hennar hafa hins vegar ekki setið auðum höndum. Þannig er **Högni Egilsson,** söngvari og gítarleikari, staddur í London að semja tónlist við leikverkið Hróa Hött sem Vesturport hyggst setja upp. Þá hefur Sigríður Thorlacius söngkona verið að syngja með Kristjáni Jóhannssyni óperusöngvara á aðventunni og góður rómur verið gerður að.



### Jónsi í stað Eddie Vedder

Cameron Crowe og **Jónsi** halda áfram að kynna kvikmyndina We Bought a Zoo. Fjöldi viðtala hefur birst við þá félaga á erlendum kvikmyndavefsíðum þar sem Crowe dásamar samstarfið við Jónsa. Það sem hefur hins vegar vakið mestu athyglina eru orð Crowes í viðtali við vefsíðuna hitfix.com. Þar kemur nefnilega fram að Crowe hafi í fyrstu haft Neil Young og Eddie Vedder, söngvara Pearl Jam, í huga þegar kom að því að semja tónlistina fyrir myndina. Þeirra tónlist hafi meðal annars verið á fyrsta lagadisknum sem aðalleikari myndarinnar, Matt Damon, fékk. Hins vegar hafi niðurstaðan orðið Jónsi, hans rödd hentaði best. - mþl, fgg



## Mest lesið Vísir

1. Lést og varð fjórum til bjargar
2. Framleiðendur Game of Thrones ljóstruðu upp...
3. Manúela ætlar ekki að kæra Grétar - vegna barnanna
4. Með stóru tána í stað þumalfingurs
5. Hélt dreng nauðugum






*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald